# FRÉTTABLAÐIÐ

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —






ÞAÐ ER ALVEG
MAGNAÐ HVAÐ
ÞÚ FÆRÐ FYRIR
12.000 KR.
Á MÁNUÐI
Endalaus heimasími
Netið
Beinir
Sjónvarp Símans
Sjónvarp Símans appið
9 erlendar stöðvar
SkjárKrakkar /SkjárÞættir
SkjárEinn hjá Símanum
Spotify Premium

# FRÉTTABLAÐIÐ

216. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 16. SEPTEMBER 2015





**Betri kjara krafist** Félagar í Starfsmannafélagi ríkisins, Landssambandi lögreglumanna og Sjúkraliðafélagi Íslands komu saman á baráttufundi í Háskólabíói í gær. Fullt var út úr dyrum og sungu menn Maístjörnuna. Að sögn fundarmanna var mikill hiti í mönnum sem krefjast betri kjara. Fréttablaðið/Anton

# Hætta störfum vegna álags og illra aðstæðna

**Starfsskilyrði íþróttakennara eru handónýt að mati doktors í talmeinafræði. Stórslys eiga sér stað á hverju ári þar sem raddbönd íþróttakennara eyðileggjast varanlega. Talmeinafræðingur segir íþróttahús ekki hönnuð til að dempa hljóð.**

**SKÓLAMÁL** Meðalstarfsaldur íþróttakennara á Íslandi er aðeins tæp fimm ár. Margir íþróttakennarar hverfa frá starfinu vegna álags á raddbönd og heyrn þeirra þar sem vinnuskilyrðin eru talin óboðleg.

„Vinnuaðstæður langflestra íþróttakennara eru ólíðandi og óþolandi. Við erum að sjá ár eftir ár stórslys hvað varðar rödd og heyrn kennara. Við Íslendingar fljótum sofandi að feigðarósi hvað varðar hljóðvist og mannsæmandi skilyrði við kennslu. Við erum illa að okkur þegar kemur að hávaða og hljóði og gerum okkur enga grein fyrir mikilvægi þess að hafa þessa hluti í lagi,“ segir dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir talmeinafræðingur. „Það sem skiptir meira máli er að það er samband á milli streitu og hávaða í vinnu sem veldur andlegri vanlíðan kennara.“

Jóhannes Gunnar Bjarnason, íþróttakennari á Akureyri í næstum þrjátíu ár, hefur þurft að hætta störfum sökum álags á raddbönd. Ekki er langt síðan annar íþróttakennari á Akureyri, Jóhanna Einarsdóttir, þurfti að hætta kennslu sökum raddleysis. Orsakir raddleysis eru raktar beint til vinnuaðstæðna íþróttakennara og vinnuaðstæður þeirra eru ólíðandi að mati Valdísar. „Íslensk íþróttahús eru ekki hönnuð til að dempa hljóð. Kennurum er gert að kenna í fyrsta lagi undir óþolandi aðstæðum í allt of stórum rýmum með of mörg börn,“ segir Valdís.

„Fyrir mig er þetta eiginlega bara áfall. Ég hef minn metnað sem kennari og löngun til að standa mig í vinnu,“ segir Jóhannes. „Þegar mitt atvinnutæki bilar svona hressilega með því að vera settur í ótímabundið leyfi þá er það skellur fyrir mig. Mér líður hreint út sagt illa yfir því að vera heima eða mæla göturnar,“ segir Jóhannes.

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar, segir það áfall að kennarar séu að detta út vegna starfsskilyrða þeirra. „Þetta er engu lagi líkt og við þurfum að skoða það hvernig við dælum allt að sjötíu börnum inn í íþróttahöllina á sama tíma. Þetta skapar mikil vandræði. Við verðum að taka höndum saman og skoða framhaldið,“ segir Soffía.

– sa / sjá síðu 4

> Það er ekki hægt að vera lengi með um 50 nemendur í Íþróttahöllinni og á sama tíma með 20 fullorðna nemendur úr Verkmenntaskólanum.
>
> Jóhannes G. Bjarnason íþróttakennari á Akureyri




## Eðlilegra að afnema ívilnun hjá öllum

**SAMKEPPNISMÁL** Hækkun vörugjalda á bílaleigubíla skekkir samkeppnisstöðu bílaleiga gagnvart leigubílum sem njóta áfram ívilnunar.

Fólksbílar í flokki leigubifreiða, kennslubifreiða og sérútbúinna bifreiða greiða vörugjöld samkvæmt undanþáguflokki. Í nýju fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að sú ívilnun sem bílaleigur njóta verði afnumin í tveimur skrefum.

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar og framkvæmdastjóri Bílaleigu Reykjavíkur, telur undanþágur almennt dálítið vafasamar, en telur þá að ef ívilnanir eru afnumdar ættu þær ekki að vera til staðar hjá neinum.

– sg / sjá síðu 8



Egill Jóhannsson

## Íslendings leitað á Ítalíu

**LÖGREGLUMÁL** Íslensks karlmanns er leitað í Cataníu á Sikiley. Hann heitir Benjamín Ólafsson og er 23ja ára skipverji á norska skipinu Siem Pilot. Skipið tekur þar þátt í Tritonaðgerðinni, svokölluðu. En sú aðgerð miðar að björgun flóttamanna á hafi. Benjamin sást síðast á mánudaginn klukkan 3.30 að nóttu til í Cataníu þar sem Siem Pilot liggur við bryggju.

Á vef Frontex, landamærastofnunar Evrópusambandsins, segir að Benjamíns sé leitað bæði á landi og sjó. – jhh


## Fréttablaðið í dag

**MARKAÐURINN** Stefnir í meira en 70 verslanir
Verslanir Hamleys verða hátt í 80 í árslok.

**SKOÐUN** Sigrún Magnúsdóttir skrifar um náttúruvernd og ferðaþjónustu. 16-17

**SPORT** Brynja Magnúsdóttir sleit krossband í þriðja sinn. 20

**MENNING** Fyrsta fullmótaða starfsár Menningarfélags Akureyrar. 26

**LÍFIÐ** Samkomulag um lögbann á Deildu.net og Pirate Bay í höfn. 32-34

**PLÚS SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ELDHÚS**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður



Litlar breytingar verða á veðri. Þó fer heldur að draga úr vindi í kvöld. Úrkoman verður að sama skapi bundin við norður- og austurhluta landsins, en þokkalega sólríkt ætti að vera í öðrum landshlutum. Hiti að 15 stigum syðra að deginum, en annars mun svalara.
**SJÁ SÍÐU 24**



**Aksel V. Johannesen er tekinn við af Kaj Leo Johannesen sem lögmaður Færeyja.** NordicPhotos/AFP

# Nýja stjórnin stefnir á fullveldi

**FÆREYJAR** Aksel V. Johannesen, formaður Jafnaðarflokksins í Færeyjum, kynnti í gær nýja landstjórn sína, sem er samsteypustjórn með Þjóðveldi og Framsókn.

Stjórnarflokkarnir þrír hafa allir haft fullveldi Færeyja á stefnuskrá sinni og hyggjast nú gera breytingar á stjórnskipan Færeyja, sem eigi að tryggja Færeyjum fullveldi. Þetta á að bera undir atkvæði í Færeyjum ekki síðar en á árinu 2017.

Um fyrirhugaðar breytingar segir í stjórnarsáttmála nýju stjórnarinnar:

„Ný stjórnskipan á að staðfesta að Færeyingar fara með völdin í Færeyjum. Lögin eiga að staðfesta og skilgreina sjálfsákvörðunarrétt Færeyinga, þar með að allur réttur til þess að ákvarða þjóðréttarstöðu Færeyja til framtíðar liggur hjá Færeyingum.“ Jafnaðarflokkurinn sigraði í kosningum til færeyska lögþingsins, sem haldnar voru 1. september, og hlaut fjórðung atkvæða og átta þingmenn, en Þjóðveldi hlaut fimmtung atkvæða og sjö þingmenn. Þriðji stjórnarflokkurinn er svo Framsókn, sem hlaut tvo þingmenn í kosningunum.

Saman hafa stjórnarflokkarnir þrír því 17 af 33 þingmönnum á færeyska lögþinginu.

Aksel V. Johannesen tekur við af hægri manninum Kaj Leo Johannesen, sem hefur verið lögmaður í tvö kjörtímabil samfleytt.

Varalögmaður nýju stjórnarinnar er Høgni Hoydal, sem er formaður Þjóðveldisflokksins. **– gb**

## Haust í Hundasteinum



**Síðustu köstin** Laxveiðitímabilinu í Elliðaánum þetta árið lauk í gærkvöldi. Mikill viðsnúningur varð frá í fyrra þegar veiði var með allra daprasta móti og aðeins 457 laxar komu á land en 864 fiskar höfðu veiðst áður en þessir veiðimenn í Hundasteinum og aðrir í sömu erindagjörðum í ánum tóku til við fluguveiðiköst á lokavakt sumarsins. Fréttablaðið/Pjetur

# Undirbúa átta borholur

**ORKUMÁL** Borútboð fyrir annan áfanga Þeistareykjavirkjunar verður auglýst á næstunni en um er að ræða borun á allt að átta vinnsluholum á núverandi vinnslusvæði.

Framkvæmdir við fyrsta áfanga Þeistareykjavirkjunar (45 MW) hófust á vormánuðum með uppbyggingu stöðvarhúss fyrir tvær aflvélar og lagningu gufuveitu. Stefnt er að því að rekstur hefjist í fyrsta áfanga virkjunarinnar haustið 2017.

Unnið hefur verið að undirbúningi jarðvarmavirkjunar við Þeistareyki til fjölda ára. Öll leyfi fyrir allt að 100 MW virkjun á Þeistareykjum eru til staðar og mat á umhverfisáhrifum fyrir 200 MW virkjun liggur fyrir með jákvæðu áliti Skipulagsstofnunar.

Samhliða útboði á borunum verður unnið að öðrum útboðum vegna kaupa á búnaði til virkjunarinnar sem og útvíkkun gildandi samninga um kaup á viðbótarbúnaði fyrir annan áfanga. **– shá**






# Þakklátur Íslandi og gerðist slökkvistjóri

**Yordan Yordanov hefur búið á Íslandi í nítján ár. Hann ætlaði aldrei að setjast hér að en fannst hann skuldbundinn samfélagi sem tók vel á móti honum.**

**SAMFÉLAG** „Við erum nokkrir sem erum alltaf kallaðir út, hvort sem er í snjó eða eld,“ segir Yordan Yordanov, slökkviliðsstjórinn og formaður björgunarsveitarinnar í Súðavík. Yordan er frá Búlgaríu og er eini erlendi slökkviliðsstjórinn á landinu.

Yordanov kom hingað til lands þann 20. apríl 1996 í leit að betra lífi. „Segjum bara hreint og beint að lífið var ekki eins og eðlilegri manneskju finnst að það ætti að vera, á þeim slóðum sem ég kom frá. Hugmyndin var fyrst að vinna í nokkur ár og fara svo.“

En stuttu eftir komuna til landsins lenti Yordan í slysi, þegar lyftari keyrði yfir fótinn á honum. Hann var frá vinnu í fjórtán mánuði vegna slyssins og er metinn 40 prósent öryrki í dag.

„Móttakan sem ég fékk á spítalanum og bara allt í kringum mig leyfði mér ekki að fara. Ég sagði við sjálfan mig að þetta fólk væri búið að gera svo mikið fyrir mig að það væri ósanngjarnt ef ég færi bara. Ég hef samt aldrei verið á bótum eða hætt að vinna.“

Fyrst bjó Yordan í Hnífsdal, sem er hluti af Ísafjarðarbæ, en flutti til Súðavíkur ásamt konu sinni sem þá var komin til landsins þann 1. apríl 1998. „Við fluttum hingað 1. apríl upp á grín. Við erum enn þá hérna, upp á grínið.“

Hann taldi sig hæfan í slökkviliðsstjórastarfið og gaf því kost á sér. „Ég var í sérher úti í Búlgaríu og það barst manna á milli að ég kynni að gera þetta. Það voru auðvitað aðrir á undan mér en allt í einu kemur bara sá tími að margir eru fluttir frá. Stundum á maður bara að taka við.“

„Mér finnst það sjálfum stundum skrítið, að af öllum þessa stóra heimi hafi ég valið þennan litla stað. En ég er enn þá hérna og er ekkert á förum. Í svona litlu samfélagi breytir engu hvað þú heitir. Aðalmálið er að þú komir þér að verki og hjálpir til.“

Yordan segir að þó hann hafi í fyrstu ekki farið af því að honum fannst hann skulda samfélaginu í kjölfar slyssins, sé það ekki þannig lengur. „Ég er búinn að vera hér í nítján ár og hef í raun og veru unnið lengur hér á Íslandi en úti í Búlgaríu. Hann sé búinn að borga það sem gert var fyrir hann en vilji gjarnan vera hér áfram. **snaeros@frettabladid.is**




**Yordan Yordanov sést hér halda á skiltinu sem hangir í Raggagarði, skemmtigarði í Súðavík. Hann er einn styrktaraðila garðsins.**

> **Segjum bara hreint og beint að lífið var ekki eins og eðlilegri manneskju finnst að það ætti að vera, á þeim slóðum sem ég kem frá.**
>
> Yordan Yordanov slökkviliðsstjóri

50
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# NÝR AVENSIS

## AKTU TIL FRAMTÍÐAR



Toyota Touch 2 kerfi | Nýr 8" snertiskjár
Bakkmyndavél | TFT-upplýsingaskjár

**Verð frá 3.970.000 kr.**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** **innborgun**

**Tryggt** **framtíðarvirði**

**Fastar** **mánaðargreiðslur**

Nýr Avensis er hannaður af framsýni sem fléttar saman tækni og fágað útlit. Finndu hvað hann er rúmgóður, hljóðlátur og rennilegur á vegi. Stýrið er leðurklætt með innbyggðum stjórntækjum og Toyota Touch 2 kerfið lifnar við á 8" snertiskjá sem er aðeins hluti af ríkulegum staðalbúnaði ásamt 17" álfelgum og LED-dagljósum sem lýsa þér leiðina til framtíðar.*

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM****

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í september***

*Á ekki við um Avensis Live.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum.
***Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Reykjavíkurborg mun sniðganga varning frá Ísrael

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Eitt aðalmál borgarstjórnarfundar Reykjavíkur í gær var síðasta tillaga Bjarkar Vilhelmsdóttur í borgarstjórn um að Reykjavík sniðgangi vörur frá Ísrael á meðan hernám Ísraela á landi Palestínumanna varir.

„Ég tel að borgin geti verið með skýr skilaboð um það að borgin muni ekki kaupa vörur af Ísrael á meðan Ísraelar kúga aðra þjóð á grundvelli kynþáttar og uppruna og múra Palestínumenn inni,“ sagði Björk fyrir afgreiðslu tillögunnar sem var samþykkt á borgarstjórnarfundi í gær.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, var efins um tilskilin áhrif tillögunnar en Sjálfstæðisflokkurinn kaus ekki með henni.

Halldór sagði að hann væri þeirrar skoðunar að frjáls viðskipti væru besta leiðin til að tryggja friðinn. „Það þarf að byggja brýr og viðskipti eru eitt besta brúarkerfi sem til er,“ sagði hann.

Gréta Björg Egilsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, sagði að flokkurinn gæti ekki greitt atkvæði með tillögunni þar sem ekki væri búið að mynda heildræna stefnu í málaflokknum.

Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata, sagði að tillaga Bjarkar gæfi hugsanlega fordæmi fyrir því að innkaupastefna Reykjavíkur taki tillit til mannréttindabrota úti í heimi.

„Þessi gjörningur er fyrst og fremst táknrænn,“ sagði S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs og oddviti Bjartrar framtíðar. „[Tillagan] þykir mér friðsæl leið til að mótmæla óréttlæti.“

Í lok fundar var lausnarbeiðni Bjarkar tekin fyrir. Athygli vakti að Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi kaus gegn lausnarbeiðni Bjarkar þar sem mikil eftirsjá væri að henni. **– srs**

**Ég tel að borgin geti verið með skýr skilaboð um það að borgin muni ekki kaupa vörur af Ísrael á meðan Ísraelar kúga aðra þjóð á grundvelli kynþáttar og uppruna og múra Palestínumenn inni.**

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar



# Starfsskilyrði íþróttakennara óþolandi

**Tveir íþróttakennarar á Akureyri hafa hætt störfum á síðustu árum vegna þess að röddin hefur gefið sig. Doktor í talmeinafræðum segir Íslendinga ekki vita nægilega mikið um hljóðvist og telur aðstæður íþróttakennara óþolandi. Fræðslustjórinn vill skoða málin vel.**



**Jóhannes hefur kennt íþróttir á Akureyri í næstum þrjá áratugi við góðan orðstír. Vinnuskilyrði hafa nú tekið sinn toll.** Fréttablaðið/Auðunn

**SKÓLAMÁL** Jóhannes Gunnar Bjarnason, íþróttakennari á Akureyri í næstum þrjátíu ár, hefur þurft að hætta störfum sökum álags á raddbönd. Ekki er langt síðan annar íþróttakennari á Akureyri, Jóhanna Einarsdóttir, þurfti að hætta kennslu sökum raddleysis. Orsakir raddleysis eru raktar beint til vinnuaðstæðna íþróttakennara og vinnuaðstæður þeirra ólíðandi að mati Valdísar Ingibjargar Jónsdóttur, doktors í talmeinafræðum. „Íþróttakennurum er gert að kenna undir óþolandi aðstæðum í allt of stórum rýmum með of mörg börn,“ segir Valdís.

„Fyrir mig er þetta eiginlega bara áfall,“ segir Jóhannes. „Ég hef minn metnað sem kennari og löngun til að standa mig í vinnu. Þegar mitt atvinnutæki bilar svona hressilega með því að vera settur í ótímabundið leyfi þá er það skellur fyrir mig. Mér líður hreint út sagt illa yfir því að vera heima eða mæla göturnar.“ Hann bætir við að þær vinnuaðstæður sem honum er boðið upp á séu óboðlegar. „Það er ekki hægt að vera lengi með um 50 nemendur í Íþróttahöllinni og á sama tíma með 20 fullorðna einstaklinga úr Verkmenntaskólanum. Ég hef nefnt þetta við bæjaryfirvöld en þar hafa menn lokað eyrunum fyrir þessu vandamáli.“

Meðalstarfsaldur íþróttakennara á Íslandi í dag er tæp fimm ár. Margir hverjir hrökklist úr starfi og finni sér aðra vinnu þar sem álag á heyrn og raddbönd eru eðlilegri. Jóhannes hefur kennt í Íþróttahöllinni á Akureyri þar sem menntaskólanemar stunda leikfimi sína á sama tíma og grunnskólabörnin. Akureyrarkaupstaður hefur þannig fengið leigutekjur frá ríkinu á sama tíma og grunnskólanemendum er kennt.

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar, segir það áfall að kennarar séu að detta út vegna starfsskilyrða þeirra. „Þetta er engu lagi líkt og við þurfum að skoða það hvernig við dælum allt að sjötíu börnum inn í Íþróttahöllina á sama tíma. Þetta skapar mikil vandræði. Við verðum að taka höndum saman, öll sem eitt, og skoða hvernig við getum gert þetta með sem bestum hætti. Það verður verðugt verkefni á næstunni,“ segir Soffía.

„Vinnuaðstæður langflestra íþróttakennara eru ólíðandi og óþolandi. Við erum að sjá ár eftir ár stórslys hvað varðar rödd og heyrn kennara. Við Íslendingar fljótum sofandi að feigðarósi hvað varðar hljóðvíst og mannsæmandi skilyrði við kennslu. Við erum illa að okkur þegar kemur að hávaða og hljóði og gerum okkur enga grein fyrir mikilvægi þess að hafa þessa hluti í lagi,“ segir dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir. „Það sem skiptir meira máli er að það er samband á milli streitu og hávaða í vinnu sem veldur andlegri vanlíðan kennara.“ **sveinn@frettabladid.is**

**Íþróttakennurum er gert að kenna undir óþolandi aðstæðum í allt of stórum rýmum með of mörg börn.**

Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir talmeinafræðingur



**Við verðum að taka höndum saman, öll sem eitt, og skoða hvernig við getum gert þetta með sem bestum hætti. Það verður verðugt verkefni.**

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar






# Starfsfólk Strætó bíður ósátt og í óvissu

**SAMFÉLAG** Starfsfólk Strætó er í óvissu um framtíð sína á Hlemmi vegna skipulagsbreytinga sem eru í vændum. Eftir sex vikur stendur til að loka torginu.

Sonja Sigurjónsdóttir þjónustufulltrúi og Árni Kjartansson, öryggis- og húsvörður á Hlemmi, segja starfsfólki haldið í óvissu. Þau vísa einnig á bug gagnrýni sem kom fram í Fréttablaðinu í gær um að ferðamönnum sé ekki veitt góð þjónusta á Hlemmi. En Gunnlaugur Jósefsson ljósmyndari á Hlemmi segir að margt hafi breyst og úrbóta sé þörf.

Sonja hefur starfað við farmiðasölu á Hlemmi í 15 ár. Hún er orðin sjötíu og tveggja ára og þekkir hvern krók og kima sem strætisvagnar aka á landinu. Hún er snör í snúningum og hnyttin í tilsvörum. Bandarísk hjón vilja kaupa miða með strætó að Esjunni. Fram og til baka? Þið viljið ekki vera þar að eilífu? spyr Sonja og býður þeim góða skemmtun.

„Þótt hlutverk mitt sé að selja farmiða þá get ég ekki annað en veitt þessa þjónustu líka. Það er rangt að fólk fái ekki góða þjónustu hér, ég er stundum að aðstoða sama ferðalanginn í meira en tíu mínútur. Á meðan bíða ef til vill aðrir eftir því að kaupa farmiða.“

Árni segir blendnar tilfinningar fylgja því að Hlemmi verði lokað. „Það er illa staðið að þessu og mér finnst illa komið fram við það fólk sem hefur starfað hér í tugi ára.” **– kbg**

**Það er illa staðið að þessu og mér finnst illa komið fram við það fólk sem hefur starfað hér í tugi ára.**

Árni Kjartansson öryggisvörður



**Árni Kjartansson, öryggisvörður á Hlemmi, harmar framkomu við starfsfólk á torginu.** Fréttablaðið/Stefán


Búum okkur undir
spennandi framtíð
Arion banki og Klak Innovit þakka þátttakendum í Startup Reykjavík 2015 fyrir frábært samstarf.
Teymin tíu sem valin voru til að vera með í Startup Reykjavík í ár halda nú áfram vinnu sinni með það veganesti þekkingar og hlutafjár sem þátttakan skilar þeim. Með svona kraftmikið, duglegt og hugmyndaríkt fólk í fararbroddi er framtíðin björt og spennandi.
Gangi ykkur öllum allt í haginn!
Arion banki
– Fyrir framtíðina

# Braust inn í hjólhýsi og dvaldi þar

**Karlmaður tók sér bólstað hjólhýsi í Fossvoginum og dvaldi þar í leyfisleysi. Hann er þekktur í hverfinu fyrir að fara í hvert það skjól sem hann kemst í.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður braust inn í hjólhýsi í Fossvoginum og talið er að hann hafi búið þar um nokkurt skeið. Hjólhýsið er fyrir utan heimili eigandans, Margrétar Auðunsdóttur, og er lagt tæpum hálfum metra frá bílskúrnum. Margrét gengur því fram hjá hjólhýsinu á hverjum degi. Hún segir að orðið sem lýsi þessum manni best sé bíræfni.

„Hann hefur hugsanlega verið í hjólhýsinu um nokkurt skeið. En honum tókst að leynast alveg ótrúlega. Ég uppgötvaði þetta þegar ég opnaði hjólhýsið fyrir tæpum tveimur vikum og sá ummerkin eftir hann. Þá hringdi ég á lögregluna,“ segir Margrét.

Margrét er mjög fegin að maðurinn hafi ekki verið í hjólhýsinu þegar hún opnaði dyrnar. „Sem betur fer. Því ef fólk er króað af veit maður ekki hvað það getur tekið til bragðs. Hann reiknaði þetta vel út. Það var dregið frá stórum hluta hjólhýsisins allan tímann og ég horfði inn í það reglulega. Hann passaði að það sæjust engin ummerki og dvaldi í litlu horni inni í hýsinu. Þetta vekur óneitanlega óhug og öryggisleysi.“

Hjólhýsið er afar skítugt og illa farið eftir veru mannsins. „Ég þarf að senda hjólhýsið í þrif og býst við að standa straum sjálf af þeim kostnaði. Hjólhýsið er tryggt en það er sjálfsábyrgð,“ segir Margrét og tekur fram að hjólhýsið hafi verið læst og vel vaktað af heimilismönnum. Hún hvetur því fólk til að líta vel eftir hjólhýsum sínum.

> Ég uppgötvaði þetta þegar ég opnaði hjólhýsið fyrir tæpum tveimur vikum og sá ummerkin eftir hann. Þá hringdi ég á lögregluna.
>
> Margrét Auðunsdóttir, íbúi í Fossvoginum

> Þetta er vesalings maður sem ráfar um og fer í öll þau skýli sem hann finnur. Hann fór til dæmis í kofa sem börn byggðu sér og hafði aðsetur þar í smá tíma.
>
> Benedikt Lund lögreglufulltrúi

Benedikt Lund lögreglufulltrúi segir manninn vera þekktan í hverfinu. „Þetta er vesalings maður sem ráfar um og fer í öll þau skýli sem hann finnur. Hann fór til dæmis í kofa sem börn byggðu sér og hafði aðsetur þar í smá tíma.“

Benedikt segir manninn ekki vilja þiggja aðstoð borgarinnar eða dvelja í gistiskýlum. „Það er lítið sem lögreglan getur gert, nema hann sé ákærður fyrir húsbrot. En lögreglan er ekki með nein félagsleg úrræði. Það er ekki gott að eiga við svona mál.“

**erlabjorg@frettabladid.is**



**Margrét á hjólhýsi af sambærilegri gerð og það sem sést á þessari mynd.**

## Brugðið á leik



**Varið skot** Enginn deilir um það að vandi flóttamanna er mikill. Það kemur þó ekki í veg fyrir að þeir geri sér glaðan dag þegar tími gefst til. Þessi flóttamaður á meðfylgjandi mynd var staddur Serbíumegin á landamærum Serbíu og Ungverjalands. Fréttablaðið/EPA

Lyfjaauglýsing

NICOTINELL FRUIT

Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!



Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1 ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígaretta eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár, gervitennur, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

# BÓKHALDSNÁM

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn í bókhaldi eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.

FJARKENNSLA Í BEINNI

LÁNSHÆFT NÁM

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst: **12. okt.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **142.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **23.667 kr.**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst: **29. sept.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.** Verð: **142.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **23.667 kr.**

| STÖK NÁMSKEIÐ | LENGD | VERÐ |
|---|---|---|
| Navision fjárhagsbókhald | 47 std. | 74.000 kr. |
| Skattskil einstaklinga með rekstur | 32 std. | 59.000 kr. |
| Tollskýrslugerð | 21 std. | 39.000 kr. |
| Excel grunnur | 21 std. | 39.000 kr. |
| Excel framhald | 15 std. | 39.000 kr. |
| Excel fyrir bókara | 15 std. | 39.000 kr. |

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Nám fyrir þá sem stefna á próf til viðurkenningar bókara en vilja bæta við sig verðmætum einingum fyrir bókhaldsstörf.
Námsbrautin er lánshæf til skólagjalda- og framfærslulána hjá námslánasjóðnum Framtíðinni.

**VIÐFANGSEFNI**
Námsbrautin er í fimm hlutum auk undirbúnings með kynningu og kennslu í námstækni með MindManager hugarkortshugbúnaðinum (MindManager leyfi að verðmæti 35.000 kr. fylgir með).

1. BÓKHALD – GRUNNUR
2. TOLLSKÝRSLUR – LÖG OG REGLUR UM INNFLUTNING
3. SKATTSKIL EINSTAKLINGA MEÐ REKSTUR
4. BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA
5. VIÐURKENNDUR BÓKARI*

Morgun- og kvöldhópar í boði • Hefst: **7. okt.** • Verð: **529.000 kr.**

(Með fyrirvara um verðbreytingar hjá EHÍ. Möguleiki á að greiða fyrir einn hluta í einu). Mætingarskylda: 80% af heildarfjölda kennslustunda. *Með fyrirvara um breytingu á reglum EHÍ og ráðuneytisins.

## VIÐURKENNDUR BÓKARI

Góð leið fyrir þá sem vilja undirbúa sig fyrir próf til viðurkenningar bókara og styrkja þannig stöðu sína á vinnumarkaðnum.

**VIÐFANGSEFNI**
Námsbrautin er þrískipt auk undirbúnings sem felst í að nemendur læra námstækni í MindManager hugarkortshugbúnaðinum (MindManager leyfi að verðmæti 35.000 kr.

1. BÓKHALD – GRUNNUR
2. BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA
3. VIÐURKENNDUR BÓKARI**

Morgun- og kvöldhópar í boði • Hefst: **7. október** • Verð: **449.000 kr.**

(Með fyrirvara um verðbreytingar hjá EHÍ. Möguleiki á að greiða fyrir einn hluta í einu). Mætingarskylda: 80% af heildarfjölda kennslustunda. *Með fyrirvara um breytingu á reglum EHÍ og ráðuneytisins.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 154310

# Skekkir samkeppnisstöðu bílaleiga

**Hækkun vörugjalda á bílaleigubíla skekkir samkeppnisstöðu bílaleiga gagnvart leigubílum sem njóta áfram ívilnunar. Framkvæmdastjóri Bílaleigu Reykjavíkur telur þessa ákvörðun skrítna. Upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar vill að jafnræðis sé gætt.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir hækkun vörugjalda á tvo flokka atvinnubifreiða, bílaleigubíla og sérútbúinna bifreiða. Þetta skekkir samkeppnisstöðu við aðra sem nýta atvinnubifreiðar í ferðaþjónustu, til dæmis leigubíla, sem áfram njóta þess að greiða lægri vörugjöld.

Fólksbílar í flokki leigubifreiða, kennslubifreiða og sérútbúinna bifreiða greiða vörugjöld samkvæmt undanþáguflokki. Í nýju fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að sú ívilnun sem bílaleigur njóta í vörugjaldi af ökutækjum við innflutning verði afnumin í tveimur skrefum. Í þingskjali um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 kemur fram að ein af ástæðum þess að afnema ívilnunina er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gagnrýnt lækkunina á vörugjaldi vegna bílaleigubíla þar sem hún sé ónauðsynleg og brjóti gegn þeirri meginreglu að álagningarhlutfall vörugjalda af bifreiðum haldist í hendur við magn koltvísýrings í útblæstri þeirra. Einnig að bílaleigum og bílaleigubílum í umferð hafi fjölgað umtalsvert undanfarin árin. Sú ívilnun sem bílaleigur hafa notið vegna lækkunar vörugjalda samkvæmt undanþáguflokki nemur nú um 327% hærri fjárhæð í ágúst 2015 en árið 2010.

„Leigubílar rétt eins og bílaleigubílar eru atvinnutæki,“ segir Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar. „Segja má að leigubílar séu þannig í ákveðinni samkeppni við bílaleigufyrirtæki um ferðamenn og því skýtur það skökku við að þeir njóti þess að greiða lægri vörugjöld atvinnubifreiða á meðan vörugjöld á bílaleigubíla eru hækkuð. Við viljum að sanngirni sé gætt hvað það varðar. Ef það á að endurskoða vörugjöld bifreiða í heild sinni er skynsamlegt að bíða með allar aðgerðir þar til línur skýrast af slíkri endurskoðun,“ segir Skapti Örn.

> **Það er hugsanlega hægt að færa einhver rök fyrir tímabundnum undanþágum, en þegar þær eru árum og áratugum saman þá er það frekar skrítið.**
>
> 
>
> Egill Jóhannsson, framkvæmdarstjóri Bílaleigu Reykjavíkur



**Upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar mótmælir breytingunum og segir að betra hefði verið að bíða og skoða vörugjöld á bíla í heild sinni.** Fréttablaðið/Daníel

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar og framkvæmdastjóri Bílaleigu Reykjavíkur, segir þessa ákvörðun vera skrítna. Hann telur að þetta muni hafa einhverja skekkju í för með sér, þó að skekkjan verði sennilega ekki mjög mikil vegna þess að leigubílar eru mun færri en bílaleigubílar. Hann telur undanþágur almennt dálítið vafasamar, en telur þá að ef ívilnanir eru afnumdar ættu þær ekki að vera til staðar hjá neinum.

„Það er hugsanlega hægt að færa einhver rök fyrir tímabundnum undanþágum, en þegar þær eru árum og áratugum saman þá er það frekar skrítið. Maður tekur sem dæmi að það er enn þá fullt af greinum í ferðaþjónustunni sem eru enn með engan virðisaukaskatt eða í lægra þrepinu. Bílaleigur eru í efra þrepi og hafa alltaf verið, af hverju er þetta ekki lagað og til dæmis öll þjónustan sett í efra þrepið og það kannski lækkað?“ segir Egill. Hann bendir jafnframt á að á sínum tíma var ívilnun sett inn vegna þess að gjöld á bíla á Íslandi eru miklu hærri en í Evrópu og Bandaríkjunum. „Þannig að ef við ætlum að keppa um ferðamenn sem þurfa bílaleigubíla eða hótel eða þess háttar, þá er æskilegt að það sé eitthvert jafnvægi milli gjalda á bílaleigubílum á Íslandi og í Evrópu eða Bandaríkjunum. Það eru áfram sterkustu rökin,“ segir Egill.

**saeunn@frettabladid.is**


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. **Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Skoda.**

Eyðsla frá 3,8 l/100 km

$CO_2$ frá 99g/km

ÖRYGGI ★★★★★ 5 stjörnur í árekstrarprófi EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is




Þó Peugeot 308SW hafi hlotið fjölda verðlauna eins Bíll ársins á Íslandi 2015 og Car of the Year 2014, þá er meira sem telur og sker Peugeot 308SW frá samkeppninni. Ómótstæðilegir aksturseiginleikar, vélar sem valdar hafa verið Vélar ársins** 9 ár í röð, eldsneytiseyðsla frá 3,2L/100km og $CO_2$ útblástur frá 85g/km eru eiginleikar sem einfaldlega erfitt er að keppa við. **Svo er hann fáanlegur með 5 ára ábyrgð. Komdu og prófaðu Peugeot 308SW, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland




SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# Merkel ver stefnu sína

**Þjóðverjar búast við komu milljón flóttamanna á þessu ári. Ungverjar herða tökin á flóttafólki og ætla hvorki að hleypa þeim inn í landið né út úr því.**

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, segir ekkert hæft í því að Þjóðverjar séu að draga úr hjálpfýsi sinni gagnvart flóttafólki.

„Ef við ætlum nú að fara að þurfa að biðjast afsökunar á því að koma vingjarnlega fram við fólk, sem er í nauðum statt, þá er það ekki mitt land,“ sagði hún í gær, þegar hún tók á móti Werner Fayman, kanslara Austurríkis, sem kom í heimsókn til hennar í Berlín.

Engu að síður hafa þýsk stjórnvöld gripið til þess ráðs að hefja landamæraeftirlit við landamæri Austurríkis vegna þess hve margir flóttamenn hafa komið þá leiðina til Þýskalands undanfarið.

Þjóðverjar segjast nú búast við því að allt að milljón flóttamanna komi til landsins á þessu ári.

Ungverjar hafa sett ströng lög, sem tóku gildi í fyrrinótt og heimila lögreglunni að handtaka hvern þann sem kemur yfir landamærin án þess að hafa til þess leyfi.

Þá hafa Ungverjar í hyggju að reisa rammgerða girðingu meðfram landamærum Austurríkis, sambærilega girðingunni sem þeir eru komnir langt með að reisa við landamæri Serbíu.

Flóttafólk frá átakasvæðum í Mið-Austurlöndum og Afríku hefur streymt inn í Ungverjaland frá Serbíu og reynt að komast áfram til Austurríkis og þaðan til Þýskalands eða lengra norður á bóginn.

Engin afgerandi niðurstaða fékkst á neyðarfundi innanríkisráðherra ESB-ríkjanna í Brussel á mánudaginn, þar sem taka átti ákvörðun um að skylda aðildarríkin til að taka á móti ákveðnum fjölda flóttafólks, en stefnt á það að ræða málin aftur á næsta fundi, sem verður haldinn 8. október.

Þó komu þeir sér saman um að Evrópusambandið muni hjálpa til við að reisa og reka flóttamannabúðir utan Evrópu, í Afríku og víðar. Þangað yrði beint þeim flóttamönnum, sem ekki fá heimild til að setjast að í aðildarríkjum Evrópusambandsins. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Flóttafólk á vappi Serbíumegin landamæranna, en ungverska lögreglan bíður hinum megin albúin þess að handtaka hvern þann sem reynir að komast yfir eða undir girðinguna miklu.** NordicPhotos/AFP

> **Ef við ætlum nú að fara að þurfa að biðjast afsökunar á því að koma vingjarnlega fram við fólk, sem er í nauðum statt, þá er það ekki mitt land.**
>
> Angela Merkel, Þýskalandskanslari

# Bridge gerir lífið skemmtilegra

## Bridgefélög og klúbbar eru starfræktir um allt land – upplýsingar á bridge.is





*Lanslið Íslands hefur náð langt á alþjóðlegum mótum, Norðurlandameistarar 2013 og aftur 2015*

*Ungir sem aldnir spila bridge*



Árlegt alþjóðlegt stórmót
*Icelandair Reykjavík Bridgefestival* fer fram
28.-31. janúar 2016,
skráning á bridge@bridge.is

## Viltu læra bridge?

Bridgesambandið getur útvegað leiðbeinendur fyrir hópa, fyrirtæki og skóla. Guðmundur Páll starfrækir Bridgeskólann, þar geta þeir lært bridge sem eru að stíga sín fyrstu skref í bridge og einnig þeir sem vilja bæta við kunnáttu sína.

Eldri borgarar spila alla mánudaga og fimmtudaga kl. 13.00-17.00 í Síðumúla 37.

Námskeið í Bridgeskólanum hejast 21. september n.k.
Upplýsingar hjá Guðmundi Páli í síma 898 5427
eða á gparnarson@internet.is.

Bridgesamband Íslands – Síðumúla 37 – 108 Reykjavík – sími 587 9360 – www.bridge.is

## NORÐURLÖNDIN




### Fátæktarmörk ekki lengur viðmið

**1 DANMÖRK** Félagsmála- og innanríkisráðherra Danmerkur, Karen Ellemenn, hefur ákveðið að hætt verði við að nota opinber fátæktarmörk. Ráðherrann segir of einhæft að miða við krónur og aura þegar fátækt er mæld. Árið 2013 var ákveðið að fátæktarmörk í Danmörku skyldu miðuð við 103.500 króna árstekjur eða rétt rúmar tvær milljónir íslenskra króna. Ellemann kveðst ekki geta komið í veg fyrir að aðrir stjórnmálamenn og samtök noti skilgreininguna.

### Fíkniefnabarón neitar að hafa þvættað peninga

**2 NOREGUR** Gjermund Cappelen, sem hefur viðurkennt að hafa flutt inn 25 til 30 tonn af hassi til Noregs og þénað 125 milljónir norskra króna, neitaði fyrir rétti í gær að hafa þvættað peninga í Sviss þótt hann ætti eignir þar. Cappelen sagði við yfirheyrslu að smyglið á hassinu hefði eingöngu verið mögulegt vegna samvinnu við yfirmann hjá þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar skipulagða glæpastarfsemi. Cappelen hefur ekki nafngreint neina aðra.

### Hvarf flóttabarna veldur áhyggjum

**3 SVÍÞJÓÐ** Hvarf flóttabarna frá járnbrautarstöðinni í Malmö í Svíþjóð veldur yfirvöldum áhyggjum. Útlendingastofnun og félagsmálayfirvöldum í Malmö bárust um helgina fregnir af því að tíu börn sem voru ein á ferð og von var á til flóttamannabúða í Jägersro hefðu aldrei komið þangað. Talsmaður sænsku lögreglunnar sagði að í besta falli hefðu ættingjar náð í börnin. Í versta falli gætu þau hafa lent hjá einhverjum sem ekki væri hægt að treysta.





**Beppe Grillo er í vondum málum vegna ummæla sinna.** NordicPhotos/AFP

# Grillo gæti farið í fangelsi

**ÍTALÍA** Beppe Grillo, leiðtogi stjórnmálaflokksins Fimm stjörnu hreyfingin, þarf að greiða rúmar sjö milljónir króna í skaðabætur og gæti átt yfir sér fangelsisvist fyrir meiðyrði.

Grillo gagnrýndi prófessor Francesco Battaglia fyrir stuðning hans við kjarnorku. Á stjórnmálasamkomu árið 2011 sagði hann að hann ætlaði að sparka í afturendann á prófessor Battaglia og hrekja hann úr sjónvarpi.

Battaglia segir að eftir ummæli Grillo hafi honum borist ótal hótanir og að bíll hans hafi verið eyðilagður.

Grillo óttast þó ekki hugsanlega fangavist. „Ef [Sandro] Pertini og [Nelson] Mandela fóru í fangelsi get ég gert það fyrir réttlátan málstað sem ég trúi á,“ sagði Grillo.

Fimm stjörnu hreyfingin mælist næststærsti flokkur Ítalíu á eftir Lýðræðishreyfingu Matteo Renzi forsætisráðherra en flokk Grillo hefur gjarnan verið líkt við Besta flokkinn í Reykjavík. **– srs**

> **Ef Pertini og Mandela fóru í fangelsi get ég gert það fyrir réttlátan málstað sem ég trúi á.**
>
> Beppe Grillo



**Brotthvarfi grunnskóla á Hvanneyri er harðlega mótmælt.** Fréttablaðið/Pjetur

# Lýsa vantrausti á sveitarstjórnina

**SVEITARSTJÓRNIR** Íbúafundur sem haldinn var í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri segir ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar um að loka grunnskóladeild á staðnum byggjast á röngum gögnum.

„Að auki er ákvörðunin tekin án samráðs og í andstöðu við íbúa,“ segir í ályktun íbúafundarins sem einnig lýsti yfir „algjöru vantrausti“ á meirihluta sveitarstjórnarinnar.

„Það hefur sýnt sig það sem af er kjörtímabili að meirihlutinn ber ekki hag heildarinnar fyrir brjósti og er ekki starfi sínu vaxinn. Röð illa ígrundaðra ákvarðana af hans hálfu hafa kostað sveitarfélagið mikla fjármuni og mannauð, skapað úlfúð og alvarlegan trúnaðarbrest,“ segir í ályktunni þar sem farið er „fram á að meirihluti víki úr sveitarstjórn og hleypi fólki að sem er tilbúið til að vinna af heilindum fyrir íbúa Borgarbyggðar“. **– gar**








**SIEMENS - Þvottavél**
WM 14E477DN

Vindur upp í 1400 sn./mín.

**Tækifærisverð:**
**86.900 kr.**
(Fullt verð: 108.500 kr.)




**SIEMENS - Bakstursofn**
HB 634GCS1S (stál)

Stórt 71 lítra ofnrými. Innbyggður kjöthitamælir. 13 hitunaraðgerðir, þar á meðal 4D heitur blástur.

**Tækifærisverð:**
**139.900 kr.**
(Fullt verð: 179.900 kr.)



**SIEMENS - Ryksuga**
VS 06B120

Orkuflokkur B. Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E. Útblástur A. Hljóð: 81 dB. Fjögurra lítra poki.

**Tækifærisverð:**
**19.600 kr.**
(Fullt verð: 24.600 kr.)




**SIEMENS - Kæli- og frystiskápur**
KG 36VUW20 (hvítur)

Útdraganleg „crisperBox“-skúffa. „lowFrost“-tækni. Stór „bigBox“-frystiskúffa. Hraðfrysting. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

**Tækifærisverð:**
**74.900 kr.**
(Fullt verð: 94.700 kr.)




**SIEMENS - Keramíkhelluborð**
ET 645NE17

Með fallegum stálramma. Fjórar hraðsuðuhellur. Snertisleði.

**Tækifærisverð:**
**49.900 kr.**
(Fullt verð: 64.900 kr.)



**Lamina - Hangandi ljós**

H x b x d: 51 x 38 x 38 sm.

**Tækifærisverð:**
**12.900 kr.**
(Fullt verð: 16.900 kr.)

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


ÞAÐ ER ALVEG MAGNAÐ
HVAÐ ÞÚ FÆRÐ FYRIR
12.000 KR. Á MÁNUÐI
Endalaus heimasími
Netið
Beinir
Sjónvarp Símans
Sjónvarp Símans Appið
9 erlendar stöðvar
SkjárKrakkar /SkjárÞættir
SkjárEinn hjá Símanum
Spotify Premium
**Það borgar sig að fá þetta allt saman í einum pakka**
Nú færðu SkjáEinn hjá Símanum, Sjónvarp Símans, Netið og Endalausan heimasíma í einum pakka fyrir aðeins 12.000 kr. á mánuði. Þú færð líka Sjónvarp Símans appið, 9 erlendar stöðvar, val um SkjáKrakka eða SkjáÞætti og Spotify Premium í 6 mánuði. Hafðu samband og njóttu þess að stjórna dagskránni á SkjáEinum heima í stofu.
**Þú getur meira með Símanum | Hringdu núna í 800 7000 eða opnaðu Netspjall á siminn.is til að klára málið!**
*Línugjald ekki innifalið.
NM68968


Nánar á siminn.is

# Verkefnin eru tæplega færri



Óli Kr. Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Fyrir helgi kom út skýrsla greiningardeildar ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi hér á landi. Gegnumgangandi stef í skýrslunni er að lögreglan sé vegna niðurskurðar illa búin til að sinna öllum sínum verkefnum sem skyldi. „Lögreglan er undirmönnuð og brýnt er að fjölga lögreglumönnum,“ segir í lokaorðum hennar.

Kannski er þetta rétt, sem og ábending um að verkefni lögreglu séu síbreytileg og fylgi bæði þjóðfélags- og tækniþróun. Hér hafi margt breyst frá hruni fjármálakerfisins 2008.

„Efnahagslífið nálgast óðum fyrri styrk, stóraukið flæði fólks til landsins og vöxtur í ferðaþjónustu kallar á framkvæmdir og hefur í för með sér aukin umsvif á ýmsum sviðum þar sem vitað er að brotastarfsemi getur þrifist,“ segir í skýrslunni.

Þarna er hins vegar eingöngu um eigið mat lögreglunnar að ræða og athyglisvert að í skýrslu greiningardeildarinnar er ítrekað vísað til þess að vísbendingar eða grunur sé um hina og þessa tegund brotastarfsemi og jafnvel til óstaðfestra sögusagna í einum brotaflokki.

Lögreglunni er falið mikið vald í eftirliti og aðhaldi með borgurunum og setja má spurningarmerki við að auka þau umsvif á meðan starfsemi hennar er jafn ógagnsæ og raun ber vitni.

Það verklag að einstökum embættum sé gefið sjálfdæmi um hvernig upplýsingagjöf til almennings og fjölmiðla skuli háttað – jafnvel þannig að stakur lögreglustjóri geti tekið upp hjá sjálfum sér að veita ekki upplýsingar um ákveðna tegund glæpa til þess að halli ekki á bæjarhátíð í umdæminu – er ekki til þess fallið að auka traust á lögreglu eða getu ráðandi aðila þar til að fara með sjálfdæmi um hversu mikil umsvif starfseminnar skuli vera.

Ef til vill þarf að skoða mál frá fleiri hliðum áður en komist er að þeirri niðurstöðu að lausn vandans felist í því að stórauka umsvif lögreglu í landinu. Mögulega er fjármunum í einhverjum tilvikum betur varið í forvarnarstarf eða heilbrigðisþjónustu.

Tölur um niðurskurð hjá lögreglunni tala samt sínu máli og ljóst að verkefnum embættanna hefur ekki fækkað síðustu ár.

Aldís Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, sagði í viðtali við morgunútvarp Bylgjunnar í gær að til þess að sinna öllum málum sem upp komi þyrfti tala lögreglumanna sem vinna við rannsóknir hjá embættinu að fara úr fjörutíu í áttatíu. Og að þrátt fyrir fjölgun ferðamanna hafi lögreglumönnum embættisins fækkað um hundrað frá árinu 2007 og fjárframlög á sama tíma verið skorin niður um þúsund milljónir. Aldís tók þannig undir niðurstöður skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra um að veita þyrfti meira fjármagn til lögreglunnar.

Skýrsla greiningardeildarinnar er ágætt innlegg í umræðu um aðbúnað lögreglu og verkefnin sem hún þarf að sinna. Víða hefur verið skorið niður síðustu ár, jafnvel inn að beini. Og eftir því sem hagur ríkisins vænkast er sjálfsagt að athuga hvar hægt er að bæta hag stofnana og embætta á ný. Hvar mörkin liggja í þeirri ígjöf er hins vegar matsatriði.

**Tölur um niðurskurð hjá lögreglunni tala samt sínu máli og ljóst að verkefnum embættanna hefur ekki fækkað síðustu ár.**


# Einelti er óged

Leggðu þitt af mörkum!

1.000 kr. **901 7001** | 3.000 kr. **901 7003**

5.000 kr. **901 7005** | 8.000 kr. **901 7008**




150 sölustaðir um land allt.
Kynntu þér átakið á **aallravorum.is**


## Halldór




## Frá degi til dags

**Vandi heimsins á herðum okkar**

Björk Vilhelmsdóttir lauk síðasta borgarstjórnarfundi sínum í gær. Á síðasta fundinum lagði hún fram tillögu um að borgin sniðgengi vörur frá Ísrael. Tillagan var samþykkt af meirihluta borgarstjórnar en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar kusu ekki með tillögunni. Ræðumenn sem mæltu gegn tillögunni nefndu að eitt ætti yfir alla að ganga og ekki ætti að einblína á eitt ríki sem stundi mannréttindabrot. Vitaskuld getur Reykjavíkurborg eða Ísland ekki upprætt öll mannréttindabrot eða bjargað öllum flóttamönnum heimsins heldur þarf að velja þá slagi sem á að taka en ekki fórna höndum yfir þeim fjölda mannréttindabrota sem eiga sér stað í heiminum.

**Virðingarvert mótatkvæði**

Þrátt fyrir að borgarstjórnarfulltrúar hafi verið ósammála í þessu lokamáli Bjarkar er það þeim til lofs að fulltrúar í borgarstjórn bera mikla virðingu hver fyrir öðrum. Ákveðin yfirvegun einkennir störf borgarstjórnar. Sumir hafa sagt að borgarstjórn sé skrefi á undan Alþingi hvað heilbrigð umræðustjórnmál og virðingu varðar en það sýndi sig eflaust best þegar Áslaug Friðriksdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, kaus á móti lausnarbeiðni Bjarkar, ekki vegna ágreinings, heldur vegna þess að eftirsjá væri að störfum Bjarkar í borgarstjórn.

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Dagur íslenskrar náttúru



Sigrún Magnúsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Flest eigum við uppáhaldsstaði í íslenskri náttúru. Fjölbreytileiki náttúrunnar er margslunginn og landslagið síbreytilegt hvort sem er uppi til fjalla, niður til sjávar eða í fallegum dal.

Undirstaða alls gróðurs og lífs er að finna í því sem í daglegu tali nefnist mold og Steinn Steinarr nefndi, „Drottningu lífsins, móður og lífgjafa allra lifandi“. Jarðvegur á Íslandi er um margt einstakur og breytilegur. Það má til sanns vegar færa að moldin líkt og maðurinn mótast af umhverfi og atlæti.

Uppgræðsla hér á landi er saga um ótrúlega elju og eldmóð þeirra sem hafa starfað að vernd jarðvegs og gróðurs í meira en heila öld. Að þessu hafa vísindamenn og bændur unnið af mikilli natni og nákvæmni, leitað leiða til að hefta sandfok, lagað og grætt til að nýta landið á sjálfbæran og vistvænan hátt og skapað verðmæti í þágu samfélagsins alls. Það þekkir enginn landið betur en sá sem yrkir jörðina samkvæmt bestu mögulegu þekkingu og varðveitir auðlindina fyrir komandi kynslóðir. Sá sem hlustar á hjartslátt jarðarinnar, þekkir sitt nánasta umhverfi og vill virkja þann kraft sem býr í náttúrunni, er hinn sanni náttúruverndarsinni.

Sjálfbær nýting lands felur í sér að ekki sé gengið á auðlind heldur að gróður og náttúra viðhaldist og eflist. Ánægjulegt er að erlendir gestir sýna óspilltri íslenskri náttúru mikinn áhuga en um leið hefur umferð ferðamanna talsverð áhrif. Sé þess gætt að virða og verja má á sama tíma njóta og nýta. Stefna í ferðaþjónustu þarf því að haldast í hendur við náttúruvernd til að nýting lands til ferðamennsku sé sjálfbær. Við markaðssetningu áfangastaða er brýnt að hafa í huga viðkvæma náttúru og stuðla að samfélagslegri ábyrgð til að upplifun verði eins og lagt var af stað með.

Ánægður ferðamaður deilir gjarnan sögum og myndum þegar heim er komið. Íslendingar eiga þó ekki síður efni til að deila um íslenska náttúru. Í tilefni dagsins hvet ég sem flesta til að deila hver með öðrum hugmyndum sínum, ljóðum og myndum af náttúrunni og nota myllumerkin #stadurinnminn og #DÍN. Til hamingju með daginn.

**Við markaðssetningu áfangastaða er brýnt að hafa í huga viðkvæma náttúru.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Efnahagsleg áhrif Auðlindagarðsins á Suðurnesjum




**Friðrik Már Baldursson**
prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík

**Sölvi Blöndal**
hagfræðingur hjá sjóðsstýringarfyrirtækinu GAMMA

Ísland hefur sérstöðu hvað varðar nýtingu grænna orkugjafa, en um 87% af frumorku sem notuð er í landinu eru endurnýjanleg. Orkunotkun á hvern íbúa er meiri hér en þekkist annars staðar og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er hærra en hjá öðrum þjóðum. Mikilvægi jarðhita í orkubúskapnum er hvergi meira en hér á landi – 69% af heildinni – og er Ísland á meðal þeirra þjóða sem nýta þessa auðlind mest.

En notkun grænnar orku á sér einnig hagræna skírskotun sem snýr að ákjósanlegustu nýtingu auðlinda hverju sinni. Betri nýting endurspeglast í aukinni sérþekkingu, samnýtingu mannauðs og nýtingu afurða sem áður fóru til spillis. Þetta gerist m.a. vegna tækniframfara en reynslan sýnir að samstarf fyrirtækja vegur einnig þungt í þessu tilliti. Auðlindagarðurinn á Suðurnesjum, sem er þyrping fyrirtækja sem nýta auðlindastrauma frá jarðhitavirkjunum HS Orku, sýnir mikilvægi bestu nýtingar auðlinda og hlutverk breiddar/stærðarhagræðis í atvinnurekstri. Starfsemi Auðlindagarðsins er að mestu leyti á sviði orkuframleiðslu og ferðaþjónustu en þar er einnig að finna fyrirtæki sem vinna sjávarafurðir og fyrirtæki sem stunda nýsköpun í líftækni og endurnýjun orkugjafa. Bróðurpartur framleiðslu Auðlindagarðsins fer, beint eða óbeint, á erlendan markað og því skipta aðstæður til útflutnings miklu fyrir afkomu garðsins.

### Sterk viðspyrna í umróti eftirhrunsára

Árið 2013 námu heildartekjur fyrirtækjanna innan Auðlindagarðsins um 20,6 milljörðum króna á verðlagi ársins 2014, og höfðu þá aukist um tæplega tvo milljarða síðan árið 2008. Umsvif garðsins námu því um 1% af vergri landframleiðslu. Framlag til landsframleiðslu var um helmingur af þessu, eða 0,54%. Til samanburðar nam framlag fiskveiða um 5,5% af landsframleiðslu og álframleiðslu um 2,3% árið 2013. Umsvif Auðlindagarðsins eru því umtalsverð í samanburði við stærri útflutningsgreinar landsins.

Frá 2008-2013 hefur árlegur vöxtur virðisauka af starfsemi Auðlindagarðsins verið að meðaltali 4% á föstu verðlagi. Á sama tíma dróst verg landsframleiðsla saman um 0,3% á ári að meðaltali. Vöxtur Auðlindagarðsins var því mun kröftugri en í hagkerfinu í heild á sama tíma.

### Suðurnesin ná vopnum sínum

Á fyrrnefndu tímabili hafa meðaltekjur á Suðurnesjum verið með þeim lægstu á landinu. Líklegt má telja að starfsemi Auðlindagarðsins frá 2008 hafi haft veruleg jákvæð áhrif á atvinnuástand á Suðurnesjum. Árið 2013 störfuðu um 500 manns innan Auðlindagarðsins og hafði þeim þá fjölgað um tæplega 150 frá árinu 2009, um rúm 40%. Að teknu tilliti til afleiddra starfa má reikna með því að fyrir hvert stöðugildi innan Auðlindagarðsins verði til um það bil eitt afleitt stöðugildi utan hans í tengdri starfsemi. Að viðbættum margföldunaráhrifum má því ætla að Auðlindagarðurinn skapi á bilinu 1.000–1.100 störf með einum eða öðrum hætti, eða um 10% af heildarfjölda starfa á Suðurnesjum.

Að gefinni forsendu má ætla að atvinnuleysi hefði að meðaltali verið um tveimur prósentustigum hærra á árunum 2008-2013 ef Auðlindagarðsins hefði ekki notið við. Neðangreind mynd sýnir þróun atvinnuleysis frá 1998.

### Framtíð Auðlindagarðsins

Margt bendir til þess að eðlisbreyting sé að verða á starfsemi Auðlindagarðsins og viðfangsefnum fyrirtækjanna sem þar starfa. Vægi rannsókna og þróunar hefur t.d. aukist verulega. Breytingin felst einnig í aukinni sérhæfingu starfa og eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli, sem hefur leitt til hækkunar launa umfram meðallaun á Suðurnesjum. Flest bendir til þess að sú þróun haldi áfram á næstu árum samhliða vexti þessara fyrirtækja. Af framangreindu má sjá að miklu skiptir að aðstæður til útflutnings verði áfram stöðugar, að raungengi haldist svipað og fyrirtækin haldi samkeppnishæfni sinni. Að því gefnu bendir flest til áframhaldandi vaxtar fyrirtækjanna innan Auðlindagarðsins.

Sívaxandi áhersla er nú lögð á sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlinda jarðar. Auðlindagarðurinn er dæmi um það hvernig hægt er, með þekkingu og hugkvæmni að vopni, að nýta náttúruauðlind, sem flestir töldu upprunalega að væri einungis nýtanleg til orkuframleiðslu, til fjölbreyttrar starfsemi á hagkvæman og umhverfisvænan hátt, nærsamfélagi og landinu öllu til hagsbóta.

*Höfundar eru hagfræðingar og unnu að gerð skýrslu um Auðlindagarðinn á vegum GAMMA. HS Orka og Bláa lónið stóðu straum af kostnaði við gerð skýrslunnar en höfundar voru sjálfráðir um efnistök og greiningaraðferðir innan þess efnisramma sem mótaður var.*

**Atvinnuleysi á Suðurnesjum án Auðlindagarðsins**




Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla á landinu öllu
Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla á Suðurnesjum
Áætlað atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla á Suðurnesjum án starfsemi Auðlindagarðsins

HEIMILD: GAMMA, VINNUMÁLASTOFNUN

> **Sívaxandi áhersla er nú lögð á sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlinda jarðar. Auðlindagarðurinn er dæmi um það hvernig hægt er, með þekkingu og hugkvæmni að vopni, að nýta náttúruauðlind, sem flestir töldu upprunalega að væri einungis nýtanleg til orkuframleiðslu, til fjölbreyttrar starfsemi á hagkvæman og umhverfisvænan hátt, nærsamfélagi og landinu öllu til hagsbóta.**



# Breyttir tímar í samgöngum



**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóri

Samgönguvika hefst í dag og stendur fram á næsta þriðjudag. Markmið hennar er að hvetja fólk til að nota allskyns leiðir til að komast á milli staða. Við erum öll sammála um að það eigi að vera hagkvæmt, þægilegt og auðvelt að ferðast milli staða í borginni. Þess vegna höfum við reynt að búa til betri skilyrði fyrir hjólreiðafólk og gangandi, styrkt almenningssamgöngur og hvatt til þess að fólk noti fjölbreyttar aðferðir til að komast til og frá. Það er betra fyrir hjólandi, gangandi, þá sem eru í strætó, en líka þá sem eru á bíl.

### Fjölbreyttar leiðir

Næstu skref eru að fjölga hjólastígum og bæta merkingar með það að markmiði að miklu fleiri hjóli til og frá vinnu með hverju ári. Þegar kemur að strætó viljum við fjölga forgangsreinum og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sett stefnuna á afkastameiri almenningssamgöngur. Við höfum óskað eftir viðræðum við innanríkisráðherra um það. Niðurstaða verður hraðvagnar eða léttlestarkerfi, eins og við þekkjum úr sambærilegum borgum. Til skemmri tíma viljum við búa til þétt net forgangsreina og forgangsljósa fyrir strætó – til að þjónustan verði greiðfær og góð.

> **Til skemmri tíma viljum við búa til þétt net forgangsreina og forgangsljósa fyrir strætó.**

### Grænt eða grátt?

Miklar breytingar eru að eiga sér stað í samgöngumálum í heiminum. Sem betur fer. Það er snar og mikilvægur þáttur í viðbrögðum við loftslagsbreytingum. Almenningssamgöngukerfi eru að eflast og hjólreiðar sömuleiðis en hvort tveggja er einn stærsti mælikvarðinn á gæði og samkeppnishæfni borga. Umhverfisvænar og hagkvæmar samgöngur eru ein okkar stærsta áskorun á næstu árum. Á sama tíma verðum við að bjóða upp á raunhæfa valkosti fyrir fjölskyldur og fyrirtæki, í formi lestarkerfis eða hraðvagna, strætó og hágæða hjólastíga.

Við opnum Samgönguviku formlega í dag kl. 13 í Bankastrætinu sem verður um leið lokað fyrir bílaumferð niður að Lækjargötu í nokkra klukkutíma. Dagskrá vikunnar er á vef Reykjavíkurborgar en þar á að vera eitthvað fyrir alla. Gleðilega Samgönguviku!

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

# Velferðarvá – hvernig á að bregðast við kreppu?

Kynning á verkefnum Norrænu velferðarvaktarinnar í Norræna húsinu fimmtudaginn 17. september 2015 kl. 12.00–13.15.
Verkefnið skiptist í nokkra meginþætti sem kynntir verða með stuttum framsögum.

**Ávarp ráðherra**
*Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra og samstarfsráðherra Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.*

**Hamfarir og hlutverk félagsþjónustu**
*Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, greinir frá verkefni þar sem sérstök áhersla er lögð á hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga á tímum hamfara, hvernig megi samhæfa viðbrögð velferðarkerfa í kjölfar vár og efla viðnámsþrótt einstaklinga og samfélaga.*

**Norrænir velferðarvísar – mikilvægi vöktunar**
*Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, kynnir undirbúning við þróun norrænna velferðarvísa sem koma til með að lýsa þróun velferðar á Norðurlöndunum.*

**Fjölþjóðleg rannsókn á viðbrögðum við kreppum**
*Stefán Ólafsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, fjallar um afleiðingar fjármálakreppa á Norðurlöndunum, viðbrögð stjórnvalda og árangur af þeim.*

**Efnahagskreppan 2008 og velferð almennings: Ísland í evrópskum samanburði**
*Agnar Freyr Helgason, doktor í stjórnmálafræði, greinir frá áhrifum kreppunnar 2008 á velferð almennings í Evrópu og helstu viðbrögðum evrópskra stjórnvalda við kreppunni.*

Norræna velferðarvaktin er eitt verkefna í formennskuáætlun Íslands. Hún er þriggja ára rannsóknarverkefni sem stendur yfir árin 2014–2016 og miðar að því að styrkja og stuðla að sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna.

Kynningin er opin og allir velkomnir. Boðið verður upp á samlokur.
Vinsamlegast skráið þátttöku á netfangið postur@vel.is

norden
Norræna ráðherranefndin


AFSLÁTTARHELGI AF
FLÍSUM Í BAUHAUS
Mjög mikið úrval af gæðaflísum á góðu verði
helgina 19. og 20. september
SPARIÐ
20%
VIÐ KAUP Á
ÖLLUM FLÍSUM
MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

BAUHAUS®




**2** **Ambiente náttúrusteinn**
10 x 40 cm. Svartur, hvítur eða í ljósbrúnum tónum. Verð á m².

**11.996,-** ~~14.995,-~~

**1** **Ambiente gólfflísar**
29,5 x 59,5 cm. Glerjað postulín, frostþolnar, slitþolsstig 4. Ljósbrúnar, brúnar eða svartar. Verð á m².

**3.995,-** ~~4.995,-~~

59,5 x 59,5 cm. Verð á m². ~~5.495,-~~ 4.396,-
44,5 x 89,5 cm. Verð á m². ~~6.995,-~~ 5.596,-
Sökkulflísar í stíl. Stykkjaverð ~~895,-~~ 716,-



**2.796,-** ~~3.495,-~~

## Lavastone vegg- og gólfflísar
16 x 16 cm. Slitþolsstig 4, frostþolnar, með skriðvörn R9. Hvítar eða gráar. Verð á m².



30 X 60 CM **2.956,-** ~~3.695,-~~

## Ambiente Snowwhite veggflísar
Glansandi eða mattar. Verð á m².
30 x 90 cm. Verð á m². ~~4.995,-~~ 3.996,-




**1.036,-** ~~1.295,-~~

## Mósaíkflísar, sjálflímandi
30 x 30 cm. Veljið um Steel 55, Steel Brick eða Kiss 23 í hvítu. Stykkjaverð.



**8.396,-** ~~10.495,-~~

## Patchwork veggflísar
13,2 x 13,2 cm. Glerjaðar. Seldar forblandaðar í kössum með 1 m². Verð á m².



**716,-** ~~895,-~~

## Niagara gólfflísar
33,5 x 33,5 cm. Glerjaðar. Slitþolsstig 3, skriðvörn R9. Gráar/hvítar með marmaraáferð. Verð á m².



**1.036,-** ~~1.295,-~~

## Lucca gólfflísar
33,5 x 33,5 cm. Glerjað postulín, slitþolsstig 4, frostþolnar, skriðvörn R9. Gráljósbrúnt yfirborð. Verð á m².



**1.995,-** ~~2.495,-~~

## Surface/London gólfflísar
30 x 60 cm. Surface fæst í ljósbrúnu, „grigio chiaro“ og kolgráu. London fæst í „grigio“ og kolgráu. Ljósbrúnar, „grigio chiaro“ og „grigio“ eru með slitþolsstig 4, kolgráar eru með slitþolsstig 3. Frostþolnar, skriðvörn R9. Verð á m².




**1.995,-** ~~2.495,-~~

## Sforza gólfflísar
31 x 31 cm. Glerjað postulín. Slitþolsstig 4, frostþolnar. Gráar, svartar, „cotto“ og ljósbrúnar. Verð á m².

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN
## MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá laugardeginum 19. september til og með sunnudeginum 20. september 2015.
Gildir á meðan birgðir endast. Afsláttur dregst frá auglýstu verði.



Brynja Magnúsdóttir verður ekki meira með næsta árið eftir að slíta krossband í þriðja sinn. Fréttablaðið/Valli

# Maður fær víst ekki önnur hné

**Brynja Magnúsdóttir, landsliðskona í handbolta, verður frá keppni næsta árið eftir að hafa slitið krossband í þriðja sinn á ferlinum. Brynja segist ætla að taka sér nægan tíma í endurhæfingu til þess að ná sér að fullu.**

**HANDBOLTI** „Þetta gerðist í æfingaleik í ágúst og ég er búin í aðgerð. Ég ætla að taka mér fullt ár til þess að ná mér áður en ég fer af stað á ný,“ sagði Brynja Magnúsdóttir, landsliðskona í handknattleik, en hún sleit krossband fyrr í sumar.

Brynja var að vonum svekkt þegar í ljós kom að krossbandið var slitið en þetta er í þriðja sinn á ferlinum sem þessi 27 ára landsliðskona lendir í þessum meiðslum.

„Þetta var allt öðruvísi en hin meiðslin, ég var að slíta krossband sem hefur slitnað áður. Ég var ekki viss um að það væri slitið, ég vissi það í annað skiptið sem ég lenti í þessu en þetta var öðruvísi. Ég var send í myndatöku vegna sögu minnar og þar kom þetta í ljós, ég var búin að vera með á fullu á æfingum áður en þetta kom í ljós.“

Brynja heldur á næstunni út til Þýskalands í skóla. Hún sagðist hafa rætt við þýsk félög um að leika með þeim en að þær viðræður séu komnar á ís í bili.

„Ég fékk að vita að ég væri komin í skólann úti stuttu eftir meiðslin, ég var búin að heyra eitthvað í félögum úti en það var í biðstöðu á meðan ég fékk skólavistina staðfesta,“ sagði Brynja sem hefur æft með HK í sumar.

**Ætla ekkert að flýta mér í þessu**

Brynja sagði að það væri svekkjandi að missa af landsliðsverkefnunum næsta árið en hún hefur verið hluti af liðinu undanfarin ár.

„Það er ömurleg tilfinning, maður stefnir alltaf að því að vera í landsliðinu og þótt ég sé búin að missa af síðustu tveimur leikjum þá vill maður alltaf vera hluti af hópnum. Þetta er súr tilfinning en ég stefni bara á það að koma sterk til baka á næsta ári,“ sagði Brynja sem segist ætla að taka sér tíma til þess að ná sér að þessu sinni.

„Ég er búin að ákveða það að ég ætla ekkert að taka þátt á þessu tímabili og taka mér ár í endurhæfingu. Ég gæti reynt að ná þessu á einhverjum 6-7 mánuðum en ég ætla frekar að taka ár í þetta, taka gott undirbúningstímabil og vera klár á næsta tímabili. Ég þarf að passa upp á hnén og líkamann á mér, maður fær víst ekki önnur hné,“ sagði Brynja. – **kpt**




## Nýjast

**Meistaradeildin**

**A-riðill**

**PSG 2-0 Malmö**
1-0 Ángel di María (4.), 2-0 Edinson Cavani (61.).
Kári Árnason og félagar börðust hetjulega gegn frönsku meisturunum en það dugði ekki til.

**Real M. 4-0 Shakhtar**
1-0 Karim Benzema (30.), 2-0 Cristiano Ronaldo (55. víti), 3-0 Cristiano Ronaldo (63. víti), 4-0 Cristiano Ronaldo (81.).
Rautt: Taras Stepanenko, Shakhtar (50.)
Cristiano Ronaldo er búinn að skora 80 mörk í Meistaradeildinni, þremur meira en Lionel Messi.

**B-riðill**

**Wolfsburg 1-0 CSKA**
1-0 Julian Draxler (40.).

**PSV 2-1 Man. Utd**
0-1 Memphis Depay (41.), 1-1 Hector Moreno (45.), 2-1 Luciano Narsingh (57.).
Luke Shaw, bakvörður United, fótbrotnaði illa í leiknum og verður væntanlega ekki meira með á tímabilinu. Memphis Depay fagnaði marki sínu gegn uppeldisfélaginu.

**C-riðill**

**Galatas. 0-2 Atlético**
0-1 Antoine Griezmann (18.), 0-2 Antoine Griezmann (25.)

**Benfica 2-0 Astana**
1-0 Nicolas Gaitan (51.), 2-0 Konstaninos Mitroglou (62.)

**D-riðill**

**Man. City 1-2 Juventus**
1-0 Giorgio Chiellini (57. sm.), 1-1 Mario Mandzukic (70.), 1-2 Álvaro Morata (81.).
Eina ferðina enn eru Evrópuleikirnir að stríða Man. City. Langbesta lið ensku úrvalsdeildarinnar til þessa missti niður eins marks forskot og tapaði.

**Sevilla 3-0 Mönchengl**
1-0 Kevin Gameiro (47. víti), 2-0 Ever Banega (66. víti), 3-0 Yevheniy Konoplyanka (84.).

**Er ennþá flökurt eftir þetta brot ....alvöru flökurt #PrayforShaw #CL365**

Hildur Einarsdóttir
@HildurEinarsd

**ÞRÓTTARAR ÞURFA AÐ BÍÐA**

Þróttur Reykjavík komst ekki upp í Pepsi-deild karla eins og til stóð í gærkvöldi, en liðið gerði 1-1 jafntefli við Hauka í frestuðum leik. Björgvin Stefánsson, 20 marka maður í sumar, kom Haukum yfir áður en lánsmaðurinn frá Stjörnunni, Jón Arnar Barðdal jafnaði metin fyrir heimamenn á Valbjarnarvelli. Þróttur er samt mjög líklegt til að komast upp, en liðið er með þriggja stiga forystu á KA og Þór fyrir lokaumferðina og með betri markatölu. Þróttarar þurfa því að bíða til laugardags með að fagna.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | Meistaradeildarkvöld | Sport |
| 18.30 | DNK Dinamo - Arsenal | Bravó |
| 18.30 | Chelsea - Maccabi | Sport 3 |
| 18.30 | Roma - Barcelona | Sport 4 |
| 18.30 | Olympiacos - Bayern | Sport 5 |




FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

MARKAÐURINN
Miðvikudagur 16. september 2015 | 21. tölublað | 9. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



# UNDRAVERÐUR VÖXTUR HAMLEYS

Guðjón Reynisson hefur stýrt Hamleys í gegnum mikinn umbrotatíma.

Yfir 50 Hamleys-verslanir hafa verið opnaðar frá 2008.

Hamleys er ekki á leið til Íslands á næstunni SÍÐA 6

## Jólin ábatasöm

Tekjur af jólatónleikum Baggalúts munu að líkindum nema hátt í hundrað milljónir króna í ár. Tónlistarmennirnir sjálfir fá ágóðann af tónleikunum en lítið verður eftir í Baggalúti ehf. Uppselt varð á skammri stundu á sex jólatónleika og búið er að boða fimm aukatónleika.



➜ SÍÐU 2

## Skoði fleira en kyn

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis, segir að horfa þurfi til fleiri til þátta en bara kyns við samsetningu stjórna. Tilnefningarnefndir gætu þar leikið stórt hlutverk. Þá sé aukinn þrýstingur á að lífeyrissjóðir og aðrir stofnanafjárfestar verði virkir hluthafar í stjórnum fyrirtækja. ➜ SÍÐU 4

## Tækifæri í borginni

Áshildur Bragadóttir er nýr forstöðumaður Höfuðborgarstofu. Hún segir tækifæri vera fólgin í að markaðssetja fleiri staði á höfuðborgarsvæðinu fyrir ferðamönnum. Áshildur segist hafa unun af því að læra og stefnir á skólabekk í ellinni. Hún hefur verið að læra spænsku og frönsku síðustu ár.



➜ SÍÐU 8

**STJÓRNARMAÐURINN**
@stjornarmadur

**Þau Steinunn og Páll eru holdgervingar þeirra sem duttu í lukkupottinn á haustdögum 2008.** ➜ SÍÐA 12



# Sumir fengu næði en aðrir ekki

## Skjóðan

**BYKO** sneri rúmlega 150 milljóna tapi á árinu 2013 í ríflega 130 milljóna hagnað á síðasta ári. Móðurfélag Byko, Norvik, hagnaðist um 8,2 milljarða á síðasta ári og munaði þar mest um sölu eigna en Norvik seldi á árinu Kaupás, sem rekur verslanir Krónunnar og Nóatúns, auk þess sem Elko, Bakkinn vöruhótel og vélaverkstæðið Egill voru seld. Við þessa sölu lækkuðu skuldir Norvikur og eigið fé jókst úr 6,2 milljörðum í 14,2 milljarða.

**VERT** er að hrósa stjórnendum Norvikur fyrir vel unnið verk. Eftir hrunið 2008 stóð Norvik höllum fæti eins og mörg önnur íslensk eignarhaldsfélög. Það er gleðilegt að eigendum Norvikur skuli hafa gefist næði til að vinna úr eignum félagsins og selja þær við hagstæð skilyrði fremur en að þurfa að selja þær á eins konar brunaútsölu við verstu möguleg skilyrði í sjálfu hruninu eða beint í kjölfar þess.

**NORVIK** hefur háð harða baráttu og stendur nú sterkt eftir, tæpum sjö árum eftir hrun. Eiginfjárstaðan er sterk, fjárfestingargetan mikil, og íslenska hagkerfið mun án efa njóta góðs af því á komandi árum og misserum. Það er hverju hagkerfi dýrmætt að eiga öfluga fjárfesta sem leggja eigin fjármuni í uppbyggingu atvinnulífs.

**NORVIK** fékk næði til að vinna úr sínum eignum en því miður er ekki hægt að segja sömu sögu af mörgum öðrum íslenskum eignarhaldsfélögum sem svipað var ástatt um eftir fall bankanna.

**BANKAR** hirtu Icelandair af fyrri eigendum skömmu eftir hrun og var félaginu í framhaldinu komið í hendur lífeyrissjóða. Síðan hefur Icelandair malað gull fyrir nýja eigendur. Ekkert fyrirtæki hefur hækkað jafn mikið í kauphöllinni frá hruni og sú spurning vaknar hví lánardrottnar félagsins gáfu ekki fyrri eigendum næði til að vinna úr eigninni frekar en að leysa hana til sín einmitt þegar verðmæti hennar var í lágmarki?

**ARION** banki leysti til sín Haga og harðneitaði að gefa fyrri eigendum næði til að endurfjármagna félagið og vinna úr eignum þess. Í þeim efnum virtist bankinn láta undan þrýstingi frá fyrrum virtasta fjölmiðli landsins, sem hamaðist gegn fyrri eigendum Haga. Hagar eru gott fyrirtæki og með þeim arðbærustu í kauphöllinni. Nú eiga lífeyrissjóðir félagið.

**DÆMIN** eru fleiri en því miður hafa eftirmál hrunsins í bankakerfinu einkennst af því að sumum er gefið næði til að vinna úr sínum eignum en öðrum ekki. Eignir þeirra eru leystar til bankanna sem framselja þær til lífeyrissjóða. Þessar eignir eru fé án hirðis. Hagkerfið og atvinnulífið gjalda fyrir það þegar fram líða stundir.

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**5** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**10** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**1** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI**
**151,9%** frá áramótum

**MAREL**
**3,5%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TM**
**-21,9%** frá áramótum

**EIMSKIP**
**-1,8%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 132,00 | 26,9% | -0,8% |
| Eik fasteignafélag* | 7,33 | 7,8% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 240,50 | 1,5% | -1,8% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 46,55 | 33,0% | -0,9% |
| Hagar | 41,85 | 3,5% | 2,7% |
| HB Grandi | 41,50 | 22,8% | 2,5% |
| Icelandair Group | 29,50 | 37,9% | -0,7% |
| Marel | 205,00 | 48,6% | 3,5% |
| N1 | 42,15 | 81,7% | -1,1% |
| Nýherji | 13,05 | 151,9% | 2,4% |
| Reginn | 16,77 | 23,8% | -0,8% |
| Reitir* | 72,50 | 14,2% | -1,4% |
| Sjóvá | 12,11 | 1,3% | -0,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 20,55 | -21,9% | -1,4% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,43 | -6,9% | -0,8% |
| Össur | 490,00 | 35,7% | 1,7% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.645,24 | 25,5% | 0,7% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 27,50 | 27,0% | 4,4% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).*

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 16. SEPTEMBER**
**Hagstofan – Fiskafli í ágúst 2015**

**FIMMTUDAGUR 17. SEPTEMBER**
**Þjóðskrá Íslands – Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**
**Hagstofan – Samræmd vísitala neysluverðs í ágúst 2015**

**FÖSTUDAGUR 18. SEPTEMBER**
**Þjóðskrá Íslands – Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis**
**Lánamál ríkisins – Útboð ríkisbréfa**
**Hagstofan – Vsk.-velta í maí og júní 2015**

**MÁNUDAGUR 21. SEPTEMBER**
**Hagstofan – Vísitala byggingarkostnaðar fyrir október 2015**

**ÞRIÐJUDAGUR 22. SEPTEMBER**
**Hagstofan – Vísitala kaupmáttar launa í ágúst 2015**
**Hagstofan – Vísitala lífeyrisskuldbindinga í ágúst 2015**
**Hagstofan – Greiðslujöfnunarvísitala í október 2015**
**Hagstofan – Mánaðarleg launavísitala í ágúst 2015**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Jólin ábatasöm fyrir meðlimi Baggalúts

***Tekjur af jólatónleikum Baggalúts verða líklega hátt í hundrað milljónir króna þessi jólin. Klukkustund tók að selja alla miða á sex jólatónleika. Nærri 12 þúsund fóru á tónleikana í fyrra.***

Gera má ráð fyrir að tekjur af jólatónleikum Baggalúts verði hátt í hundrað milljónir á þessu ári. Miðar á sex jólatónleika Baggalúts í Hátíðarsal Háskólabíós, sem tekur 948 í sæti, seldust upp á klukkustund í gærmorgun. Litlu virðist skipta þó miðaverðið hafi hækkað um þúsund krónur milli ára og sé nú 7.990 krónur. Baggalútur hefur þegar tilkynnt um að fimm tónleikum verði bætt við og mun miðasala á þá hefjast í dag.

Garðar Þorsteinn Guðgeirsson, stjórnarformaður Baggalúts ehf., gerir ráð fyrir að jólatónleikarnir verði að minnsta kosti jafn margir og í fyrra. Þá léku Baggalútar, hljóðfæraleikarar og leynigestir, alls um 25 manns, fyrir fullu húsi á þrettán tónleikum þar sem gestir voru samtals nærri 12 þúsund. Garðar áætlar að tekjurnar af miðasölunni hafi numið ríflega 70 milljónum króna en fullt verð var 6.990 krónur.

Garðar segir að ágóði af sölunni renni nær allur til tónlistarmannanna á sviðinu, lítið verði eftir í Baggalúts-félaginu.



**Í JÓLASKAPI** Uppselt var á alla þrettán jólatónleika Baggalúts um síðustu jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samkvæmt síðasta ársreikningi sem Baggalútur skilaði, fyrir árið 2013, námu tekjur af tónleikahaldi 52,5 milljónum króna. Verktakagreiðslur til tónlistarmanna námu 30 milljónum króna og því er um ágætis vertíðarkaup að ræða fyrir þá sem mest hafa upp úr krafsinu. Annar kostnaður vegna tónleikahaldsins árið 2013, til að mynda vegna leigu á húsnæði, tæknibúnaði og þóknana til Miða.is nam samtals 12 milljónum króna.

Hagnaður Baggalúts árið 2013 var 4,7 milljónir króna. Eitt stöðugildi var hjá Baggalúti á árinu og námu laun og launatengd gjöld 3,1 milljón króna. Tekjur af höfundalaunum voru 4,7 milljónir króna.

Árið 2013 gaf Baggalútur út plötuna Mamma þarf að djamma sem tekin var upp í hinu sögufræga Sound Emporium í Nashville. Bóka- og geisladiskasala samkvæmt ársreikningnum nam 3 milljónum króna á árinu 2013 en kostnaður vegna framleiðslu geisladiska, hönnunar-, upptöku- og ferðakostnaðar vegna upptöku plötunnar nam alls 9 milljónum króna.

ingvar@frettabladid.is




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 75839 09/2015

ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR



## Dalshraun 3 650 m²
## Nýtt rými, lagað að þinni starfsemi

Fallegt og bjart skrifstofurými í austurhluta 2. hæðar. Húsið er nýtt og Reitir munu innrétta það í samráði við nýjan leigutaka, afhendingarfrestur getur verið stuttur. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.





## Hátún 2b 648 m²
## Glæsilegt hús, tilbúið til afhendingar

Skrifstofuhúsnæði sem skiptist í tvær hæðir auk kjallara. Rýmið er glæsilega innréttað og tilbúið til afhendingar. Möguleiki er að leigja allt húsið eða skipta því í tvennt; 2. hæð sér og svo 1. hæð og kjallari saman.

## Höfðabakki 9 450 908 m²
## Skrifstofuhæð með útsýni

Rúmlega 900 m² skrifstofuhæð með frábæru útsýni á 7. hæð. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt tveimur eldhúsum og tveimur snyrtingakjörnum. Mögulegt er að leigja hálfa hæðina. Hæðin er tilbúin til afhendingar en einnig er möguleiki á breytingum sem Reitir sjá um í samráði við nýjan leigutaka.

# T L LE GU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

# Múlakaffi með rúma tvo milljarða í veltu

Múlakaffi ehf. hagnaðist um 65 milljónir á síðasta ári. Rekstrartekjur á árinu námu tæpum 867 milljónum króna og jukust um 42 milljónir milli ára.

Múlakaffi á dótturfélögin GJ veitingar ehf., KH veitingar ehf. (75% hlutur) og Kvörnina ehf. sem er fasteignafélag. Meginstarfsemi Múlakaffis og dótturfélaganna GJ veitinga ehf., KH veitinga ehf. og T veitinga ehf. felst í mötuneytis- og veitingarekstri ásamt veisluþjónustu.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 2,2 milljörðum króna og hagnaðist samstæðan um tæpar 63 milljónir á síðasta ári. Eignir samstæðunnar nema 847 milljónum og bókfært eigið fé í árslok var rúmar 289 milljónir. Handbært fé í árslok nam tæpum 62 milljónum. Fjöldi ársverka á árinu 2014 var um 140. Arður var greiddur út að verðmæti 50 milljónir króna vegna rekstrarársins.

Samkvæmt ársreikningi félagsins er búist við að afkoman á árinu 2015 verði góð og stefnir í veltuaukningu á milli ára. Múlakaffi ehf. er í eigu Jóhannesar Guðvarðs Stefánssonar.

Múlakaffi rekur einnig veisluréttaþjónustu og undirbýr mat fyrir smáa viðburði sem stóra.

Múlakaffi rekur veitingastað í Hallarmúla, veisluþjónustu og mötuneyti fyrir fjölda vinnustaða.

Dótturfyrirtæki Múlakaffis reka Nauthól annars vegar og Kolabrautina og Hörpudisk í Hörpu. **– sg**



Jóhannes Guðvarður Stefánsson er eigandi Múlakaffis.



**STJÓRNENDUR** Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA og stjórnarformaður Gildis lífeyrissjóðs, hélt opnunarerindið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lífeyrissjóðir þurfi að vera virkari hluthafar

***Huga þarf betur að samsetningu stjórnar fyrirtækja á Íslandi. Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, telur að fólk sem vinnur hjá samkeppnisaðilum eigi ekki að sitja saman í stjórn annars fyrirtækis.***

Lífeyrissjóðirnir þurfa að vera virkari hluthafar og skipunartími stjórnar ætti að vera lengri en eitt ár. Þetta var meðal þess sem kom fram á morgunfundi sem Stratgía stóð fyrir á fimmtudaginn í síðustu viku með yfirskriftinni Hver má hvað?

Á undanförnum árum hefur átt sér stað mikil vakning um breytta stjórnarhætti og á fundinum ræddi fjöldi sérfræðinga um hlutverk hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra, og hvað mætti betur fara.

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis, telur að stofnanafjárfestar (lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og tryggingafélög) þurfi að vera virkir hluthafar. Undanfarin ár hafa stofnanafjárfestar komið mikið í stað einstaklinga. Lífeyrissjóðirnir muni verða virkari við stjórnun þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í þegar fram sækir.

Flóki vék að þeirri hugmynd að hafa tilnefninganefndir, sem síðan var rædd í sófaumræðum á fundinum. Í máli Flóka kom fram að oft er einungis horft á kynjahlutverkið við samsetningu stjórnar. Aðrir mikilvægir þættir eins og þekking sem fyrirtækið vantar og starfsandi verði oft útundan. Þetta leiði til þess að hópurinn geti orðið of einsleitur.

Elín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VÍB hjá Íslandsbanka, benti á að skipunartími stjórnar til aðeins eins árs í senn geti gert stjórnarmönnum erfitt fyrir, þar sem lengri tíma þarf fyrir stjórnarmenn til að kynnast rekstri og rekstrarumhverfi félagsins. Stutti skipunartíminn getur leitt til þess að forstjórar og framkvæmdastjórn séu of ráðandi og að stjórn gefist ekki færi á að rýna ákvarðanir forstjóra með virkum hætti. Elín telur nauðsynlegt að heilbrigð togstreita sé á milli forstjóra og stjórnar og að andrúmsloft á stjórnarfundum bjóði upp á að allir stjórnarmenn geti rýnt og gagnrýnt.

Við fundarlok var stjórnarseta fyrir og eftir hrun borin saman. Rætt var um aukið regluverk og gagnrýnt var að allur tími stjórnar færi nú í formsatriði og starfsmannastefnur.

Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, bar saman stjórnarhætti í Noregi og á Íslandi. Hún sagði að ekki væri jafn mikið gagnsæi og ekki jafn djúp upplýsingagjöf í kauphöllinni á Íslandi miðað við það sem er erlendis.

Liv sagði einnig að mikilvægt væri að fólk sem ynni hjá samkeppnisaðilum væri ekki saman í stjórn annars fyrirtækis. Ráðstefnunni var slitið með þeim orðum að þörf væri á því halda ráðstefnu að ári um stjórnarhætti í opinbera geiranum. **saeunn@frettabladid.is**

**» Stuttur skipunartími stjórnar getur leitt til þess að forstjórar og framkvæmdastjórar séu of ráðandi.**



**NÝR IPHONE KYNNTUR** Nýjasti sími Apple hefur rokið út í forsölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Vonast til að fá iPhone 6S til Íslands í október

Nýir iPhone-símar, iPhone 6S og iPhone 6S plus voru kynntir þann 9. september síðastliðinn. Fyrstu símarnir verða seldir í Apple-búðum þann 25. september. Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland, segir að símarnir muni væntanlega koma sama dag til allra söluaðila á Íslandi. Hörður telur mjög líklegt, þar sem símarnir komu í lok október síðustu tvö árin, að þeir komi á sama tíma nú í ár.

„Ég býst fastlega við símanum öðrum hvorum megin við mánaðamótin október/nóvember,“ segir Hörður. Hann segist ekki vita hvað nýju iPhone-símarnir muni kosta, en telur líklegt að þeir verði á svipuðu verði og áður. Forsala á símanum hefur gengið mjög vel. iPhone 6S Plus er nærri því uppseldur og sala á iPhone 6S gengur einnig vel.

Talið er að símarnir hafi yfir helgina slegið sölumet síðasta árs þegar 10 milljón eintök af iPhone 6 og 6 Plus voru pöntuð fyrstu helgina. Símarnir sem selst hafa í forsölu verða sendir úr verksmiðjum þann sama dag og síminn kemur í búðir vestan hafs en geta tekið allt að þrjár til fjórar vikur að skila sér til kaupenda. Því getur verið að Íslendingar geti keypt sér nýjan iPhone á sama tíma og Bandaríkjamenn. **– sg**

# Mótmæla útnefningu seðlabankastjóra Frakklands

Nærri 150 þekktir franskir hagfræðingar hafa mótmælt útnefningu François Villeroy de Galhau sem næsta seðlabankastjóra Frakklands. Í grein sinni í franska dagblaðinu Le Monde í gær sögðust þeir telja að það að ráða fyrrverandi stjórnanda hjá bankanum BNP Paribas myndi skapa hagsmunaárekstra. BNP Paribas var árið 2012 þriðji stærsti banki heims. Villeroy de Galhau hefur hins vegar sannfært ríkisstjórnina um að ekki verði um hagsmunaárekstra að ræða. Forseti Frakklands, François Hollande, útnefndi Villeroy de Galhau sem næsta seðlabankastjóra þann 8. september síðastliðinn. Galhau á að taka við starfinu þann 31. október næstkomandi. Núverandi seðlabankastjóri, Christian Noyer, lætur af störfum í lok mánaðarins. Ríkisstjórnin á hins vegar enn þá eftir að samþykkja útnefningu Villeroy de Galhau.

Í grein sinni biðla hagfræðingarnir, þeirra á meðal Thomas Piketty, höfundur Capital in the Twenty-First Century, og François Bourguignon, fyrrverandi aðalhagfræðingur Alþjóðabankans, til stjórnmálamanna að hafna ákvörðun forsetans um útnefninguna. Þeim gefst tækifæri til að gera það á fundi viðskiptanefndar þann 29. september næstkomandi. Vileroy de Galhau er vinstrisinnaður og vann um tíma hjá hinu opinbera, meðal annars sem starfsmannastjóri hjá Dominique Strauss-Kahn. Hann færði sig svo yfir í einkageirann og hóf störf hjá BNP Paribas árið 2003. Þar starfaði hann síðast sem aðstoðarforstjóri bankans þangað til í apríl á þessu ári.

Hagfræðingarnir segja að það sé óhugsandi að maður geti unnið í bankageiranum og nokkrum mánuðum síðar komið að reglugerð banka með óhlutdrægni og sjálfstæði. Þeir telja að hann muni ekki geta hugað að hagsmunum almennings. Í hlutverki sínu sem seðlabankastjóri Frakklands mun Villeroy de Galhau einnig ákveða breytingu vaxta innan Evrópusambandsins. **– sg**




**NÝR SEÐLABANKASTJÓRI** François Vileroy de Galhau starfaði hjá BNP Paribas frá 2003 þangað til í apríl 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




FRÉTTABLAÐIÐ

TAKTU ÞÁTT Í BÍÓLEIK FRÉTTABLAÐSINS. SENDU TÖLVUPÓST Á LEIKUR@FRETTABLADID.IS MEÐ NAFNI, KENNITÖLU, SÍMANÚMERI OG NETFANGI. HEPPNIR ÞÁTTTAKENDUR FÁ MIÐA Á LOVE & MERCY

# Opnað yfir 50 verslanir á sjö árum

***Hamleys hefur vaxið hratt undir stjórn Guðjóns Reynissonar. Stefnt er að því að verslanir Hamleys verði 78 í árslok en þær voru 5 þegar Guðjón tók við sem forstjóri árið 2008. Guðjón segir leikfangasölu vera að aukast.***

**VIÐTAL**
**Ingvar Haraldsson**
ingvar@frettabladid.is



Elsta leikfangaverslun heims, Hamleys, hefur vaxið á undraverðum hraða síðustu ár. Hamleys opnaði sína fyrstu verslun utan Bretlandseyja í Jórdaníu í júní árið 2008 og síðan þá hafa yfir 50 Hamleys-verslanir verið opnaðar í þremur heimsálfum, þar af 47 utan Bretlandseyja. Vöxturinn hefur átt sér stað undir stjórn Guðjóns Reynissonar, sem tók við sem forstjóri í maí árið 2008. Þá var Hamleys í eigu Baugs og Fons en Guðjón hafði áður verið framkvæmdastjóri 10-11.

Guðjón segir heim smásöluverslunar vera að breytast hratt og því hafi Hamleys líkt og aðrir þurft að bregðast við. „Það hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á verslunargeiranum í heild sinni með tilkomu internetverslunarinnar. Smásöluverslun hefur gengið í gegnum miklar breytingar sem enn standa yfir.“

Hamleys verði að skera sig úr í þessum breytta heimi. „Okkar samkeppnisforskot byggist á því sem þú upplifir í verslunum okkar. Við leggjum mikla vinnu í að búa til spennandi umhverfi þar sem fjölskyldan getur komið saman og getur skapað minningar og skemmt sér. Internetið býður ekki upp á þá möguleika, það fókuserar meira á aðgengi að breiðu vöruúrvali á sem lægstu verði. Við notum internetið í kringum okkar samfélagsmiðlastarfsemi og við erum með vefverslun en sala í gegnum vefinn er tiltölulega lítill hluti af okkar heildarveltu í Bretlandi og enn þá minni þegar kemur að öðrum mörkuðum.“ Hamleys hafi þó hug að frekari sókn í netheimum á næstu árum.

### Leikfangasala að aukast

„Smásöluverslun er að aukast jafnt og þétt og internetið er orðið mjög samofið verslunarrekstrinum eins og hann var áður, þannig keppa þessir tveir miðlar ekki endilega hvor við annan. Verslunarupplifunin er orðin samofin, fólk notar snjallsímana sína sem hluta af því að fara í verslunina.“ Guðjón segir Bretland vera leiðandi á heimsvísu á þessu sviði og mun framar en t.d. Bandaríkin. „Eitt er ekki að ryðja öðru burt en það eru að verða miklar breytingar á því hvaða fyrirtæki eru að styrkjast og hver eru að veikjast,“ segir hann.

Guðjón segir þá staðreynd að börn eyði meiri tíma í tölvuleikjum en áður ekki hafa slæm áhrif á Hamleys. „Vöxtur í sölu leikfanga hefur verið stöðugur á síðustu árum. Vefvæðing okkar í nútímanum þýðir ekki að börn leiki sér minna en áður, það er meira ef eitthvað er,“ segir hann.

### Allt að 15 nýjar verslanir fyrir áramót

Viðsnúningurinn hófst í rekstri Hamleys árið 2009 og félagið skilaði hagnaði árið 2010 sem var í fyrsta sinn frá árinu 2004. Guðjón segir hagnaðinn hafa aukist jafnt og þétt síðan. Nú verður um helmingur tekna Hamleys til utan Bretlands. Verslanir undir merkjum Hamleys utan Bretlandseyja eru reknar með svokölluðu sérleyfisfyrirkomulagi. Frá því fyrsta sérleyfisverslunin var opnuð árið 2008 hafa verslanir verið opnaðar í Skandinavíu, Mið-Austurlöndum, á Indlandi, í Suður-Afríku, Rússlandi og Suðaustur-Asíu.

Leikfangarisinn hyggur á frekari vöxt á næstunni. „Við erum með mikil plön. Við munum opna




**VAXIÐ HRATT** Guðjón Reynisson stýrði Hamleys í gegnum ólgusjó hrunáranna. Félagið hagnaðist árið 2010 í fyrsta sinn frá árinu 2004. Síðan þá hefur hagnaðurinn aukist jafnt og þétt að sögn Guðjóns.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




**RAUÐVÍNSMARAÞON**

**Í rauðvínsmaraþonhlaupinu í Medoc í Frakklandi gæða hlauparar sér á gómsætum veitingum, taka þátt í skrautlegum viðburðum og drekka eins mikið rauðvín og þeir geta innbyrt.**

**Síða 2**


White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS





Hreinsandi
fyrir alla muni

*Húsgagnahreinsun fyrir alla muni*

Eldshöfða 1  S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




**GRÆNA APPIÐ KYNNT** Græna kortið kynnt á Sólheimum í vikunni, f.v. eru Einar Bergmundur frá Náttúran.is, Herdís Friðriksdóttir frá Sesseljuhúsi, Wendy Brawer, stofnandi Greenmap System, og Guðrún Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Náttúran.is

# GRÆNT APP VÍSAR VEG UM SUÐURLAND

**FRÍTT FERÐASMÁFORRIT** *Náttúran.is hefur hleypt af stokkunum nýju appi um menningu, hagkerfi og náttúru á Suðurlandi.*

Markmið með útgáfu Grænna korta hér á landi er að gera bæði erlenda ferðamenn og Íslendinga meðvitaðri um viðkvæmni ósnortins lands, umgengni og val á áfangastöðum, þjónustufyrirtæki og vöruframboð í takt við náttúruna," segir Einar Bergmundur Arnbjörnsson sem rekur, ásamt eiginkonu sinni, Guðrúnu Tryggvadóttur, Náttúran.is. Þau hafa frá árinu 2008 gefið út svokölluð græn kort bæði í prent- og vefútgáfu. Nú hafa þau látið gamlan draum rætast og þróað og gefið út fyrsta græna appið, Grænt kort – Suður.

„Við ákváðum að byrja á Suðurlandi enda störfum við þar. Þá fengum við einnig styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Við eigum gögn fyrir allt landið á vefnum okkar og því stefnum við vissulega að því að koma upp fleiri landshlutaöppum í framtíðinni eða jafnvel einu grænu appi fyrir allt landið," útskýrir Einar.



**HANDHÆGT** Gott er að nota græna appið á ferðalagi sínu um Suðurland.

Í appinu er að finna fjölda upplýsinga sem flokkaðar eru í þrjá yfirflokka og um 140 undirflokka. „Bæði er hægt að leita eftir flokkum en einnig eftir sérstökum stöðum," útskýrir Einar.

Grænu kortin eru mun nákvæmari ferðakort en önnur. Einar tekur dæmi um það sem finna má í appinu. „Til dæmis jarðvarmavirkjanir, staði sem sinna endurvinnslu, veitingastaði sem eru með heilsusamlegan matseðil, lífrænar verslanir, óhefðbundna gistingu, lista yfir verkstæði sem gefa sig út fyrir að taka á móti hjólreiðafólki, upplýsingar um almenningssamgöngur og gönguleiðir," telur hann upp.

Appið er ætlað ferðamönnum, jafnt innlendum sem erlendum. „Megnið af upplýsingunum er til á íslensku og ensku en svo eru allir flokkar og skýringar á þeim að auki á þýsku, frönsku og ítölsku."

Formleg kynning á appinu fór fram um síðustu helgi en það er þó ekki orðið aðgengilegt á netinu enn þá. „Það kemur líklega í iStore eftir viku eða svo," segir Einar en appið verður í fyrstu aðeins aðgengilegt fyrir vörur frá Apple en verður síðar aðgengilegt fyrir Android-kerfi.


ERTU ÓUPPGÖTVAÐUR **SNILLINGUR?**

Senn líður að því að Ísland Got Talent hefjist á ný og við leitum að hæfileikaríku fólki á öllum aldri um land allt.




Skráning í áheyrnarprufur er hafin. Smelltu þér inn á **www.stod2.is/talent**



**BERJAKLASAR Á HLAUPUM** Mikið er lagt upp úr líflegum búningum í hlaupinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# OSTRUR, HLAUP OG NÓG AF RAUÐVÍNI

**SKEMMTILEGT HLAUP** *Rauðvínsmaraþonhlaupið í Medoc í Frakklandi er meðal skemmtilegra maraþonhlaupa sem í boði eru. Hlauparar gæða sér á gómsætum veitingum, taka þátt í skrautlegum viðburðum og drekka eins mikið rauðvín og þeir geta innbyrt á 28 drykkjarstöðvum sem eru á leiðinni.*

Það er hægt að gera margt skemmtilegt á ferðalögum erlendis annað en að liggja á strönd, skoða söfn og ráfa um skemmtigarða. Sífellt fleiri Íslendingar ferðast um heiminn og keppa í alls konar hlaupum, þar á meðal maraþonhlaupum. Meðal óvenjulegra maraþonhlaupa er rauðvínsmaraþonhlaupið í Medoc í Frakklandi sem haldið var fyrst fyrir rúmlega 30 árum. Unnar S. Hjaltason tók þátt í því árið 2012 en veturinn áður hafði sú hugmynd fæðst hjá honum og hlaupafélögum hans að gaman gæti verið að taka þátt í óvenjulegu maraþoni. „Þar sem helstu áhugamál okkar hafa verið langhlaup og rauðvínsdrykkja, í hófi auðvitað, þótti okkur tilvalið að slá þessu saman í eina allsherjar íþróttaupplifun.“

Hlaupafélagi Unnars forfallaðist þannig að hann og þáverandi eiginkona fóru ein í ferðina. „Eingöngu er tekið við skráningu 8.500 þátttakenda og er markmið hlaupshaldara að allir hlaupararnir, hvort sem þeir eru fyrstir eða síðastir, upplifi stemninguna. Þannig eru allir leystir út með góðum gjöfum úr héraðinu og eru sumar hverjar afhentar á flöskum.“

Keppendur eru hvattir til að hlaupa í búningum og er ákveðið þema á hverju ári. „Sumir búninganna eru lítt til þess fallnir að hlaupið sé mjög hratt í þeim. Enda eru fæstir þarna til að reyna að slá bestu tíma sína heldur til að taka þátt í gleðinni og njóta þess sem upp á er boðið.“

Hlaupið er í gegnum 50 mismunandi plantekrur og öllum plantekrueigendum er mjög umhugað um að koma framleiðslu sinni á framfæri. „Á leiðinni eru rúmlega 50 viðburðir og 28 drykkjarstöðvar. Fyrsta drykkjarstöðin er eftir aðeins 800 metra þannig að ég næstum missti af henni. Á leiðinni eru einnig 20 hressingarbásar þar sem finna má létt hlaupasnakk á borð við ostrur, hráskinku, steikur, osta og ýmislegt fleira orkugefandi.“

**NÓG AF VEITINGUM**

Að sjálfsögðu ráða hlauparar hvort þeir stoppa á öllum stöðvum en það er þó vel þess virði að prófa sem flest að sögn Unnars. „Til að gæta velsæmis og hófsemdar er oftast lítið rauðvín í glösunum en það eru þó engin takmörk fyrir því hversu mörg glös má fá sér. Já, og auðvitað er rétt að nefna það að einhvers staðar sá einhver vatn.“

Þau luku hlaupinu á 5 tímum og 23 mínútum. Í lok hlaups var búið að slá upp balli og fjölmargir sem höfðu lokið hlaupinu voru komnir á dansgólfið og byrjaðir að dansa eins og enginn væri morgundagurinn að sögn Unnars. „Við horfðum á þetta í forundran og skildum alls ekki hvernig þetta væri hægt. Áður en hálftími var liðinn vorum við komin út á þetta sama gólf og byrjuð að dansa eins og hinir og maraþonið var á þeirri stundu gleymt, a.m.k. tímabundið.“

Ef það er eitthvert hlaup sem Unnar væri til í að hlaupa aftur þá er það rauðvínshlaupið í Medoc. „Stemningin er ólýsanleg og leiðin og viðmótið allan tímann alveg frábært. Þar sem hlaupið er í september er hitastigið mjög gott fyrir sólþyrsta Íslendinga. Það var reyndar í heitara lagi þegar við vorum þarna en þá er bara að passa að drekka nóg af þeim vökva sem mótshaldarar eru duglegir að halda að hlaupurunum. Það má sannarlega segja þeim til hróss að þeir gæta þess að enginn ofþorni í hlaupinu.“

■ starri@365.is



**HLAUPARAR** Unnar S. Hjaltason (t.v.) ásamt hlaupafélaga sínum, Gunnari Ármannssyni, á góðri stundu. MYND/ÚR EINKASAFNI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ASSA
ASSA ABLOY



**ASSA DC200**
Fyrir innihurðir í t.d. skrifstofubyggingum, hótelum ofl.
Styrkur: EN 2-4, EN1154, CE merkt, vottuð til notkunar á brunavarnarhurðir.
**Verð: 7.130 kr.**

ECO



**ECO TS41**
Fyrir innihurðir í t.d. skrifstofubyggingum, hótelum ofl.
Styrkur: EN 1-4, EN 1154, CE merkt, vottuð til notkunar á brunavarnarhurðir.
**Verð: 10.912 kr.**

DORMA



**DORMA TS83**
Fyrir þungar hurðir og / eða álagshurðir (t.d. útihurðir fjölbýlishúsa). Styrkur: EN 3-6, EN1154, CE merkt, vottuð til notkunar í brunavarnarhurðir (allt að 120 mín., Certfire). Þýskt gæðamerki síðan 1908.
**Verð: 13.020 kr.**

ABLOY



**ABLOY DC250**
Fyrir allar gerðir af hurðum. Léttir færslu hurðarinnar til muna og því sérstaklega hentug fyrir börn, aldraða og aðra sem ekki ráða yfir styrk til að opna hurð með venjulegri hurðapumpu. Styrkur EN 1-6. EN 1154, CE merkt, vottuð til notkunar á brunavarnarhurðir.
**Verð: 32.054 kr.***

*í silfur-lit með renniarmi

# Hurðapumpur
## átakalaus opnun

Í Vélum og verkfærum fást hurðapumpur í miklu úrvali. Viðurkennd vörumerki, CE merktar. Fagleg ráðgjöf og nánari upplýsingar hjá Vélum og verkfærum.

Yale NHN

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

# ELDHÚS

**Kynningarblað**
Húsasmiðjan, IKEA,
Elko og Eirvík

MIÐVIKUDAGUR 16. SEPTEMBER 2015




Húsasmiðjan býður upp á mjög breiða línu raftækja frá Electroulux. Má þar nefna eldavélar, ofna, örbylgjuofna, uppþvottavélar, ísskápa, þvottavélar og þurrkara. Að sögn Auðar Auðunsdóttur, starfsmanns í söludeild Húsasmiðjunnar, eru ýmsar spennandi nýjungar að koma fram.



Vaskarnir eru frá Reginox og Ukinox. Þeir vinsælustu eru stórir og djúpir með einu hólfi þar sem hægt er að koma fyrir stærri hlutum.



Húsasmiðjan býður líka upp á búsáhöld og smærri raftæki í úrvali. Þar fást meðal annars hágæða keramikpottar og pönnur frá Beka ásamt Aroma-pottajárnspottum, í fjórum stærðum.

# Við sérhæfum okkur í ELECTROLUX RAFTÆKJUM

Húsasmiðjan er sölu-og þjónustuaðili Electrolux á Íslandi. Fyrirtækið rekur eigið raftækjaverkstæði og veitir fimm ára ábyrgð á öllum Electrolux-heimilistækjum sem seld eru í verslunum Húsasmiðjunnar. Electrolux er næststærsti heimilistækjaframleiðandi í heimi. Fyrirtækið er fjölþjóðlegt, aðalstöðvar þess eru í Stokkhólmi og starfsemi um allan heim.

Vörur Electrolux eru vel þekktar hér á landi en Electrolux selur vörur sínar undir ýmsum öðrum vörumerkjum en Electrolux. Má þar nefna AEG, Atlas, Elekto Helios, Frigidaire, Kelvinator, Philco og Zanussi. „Við bjóðum upp á mjög breiða línu raftækja frá Electrolux. Má þar nefna eldavélar, ofna, örbylgjuofna, uppþvottavélar, ísskápa, þvottavélar og þurrkara og eru ýmsar spennandi nýjungar að koma fram,“ segir Auður Auðunsdóttir, starfsmaður í söludeild Húsasmiðjunnar. „Hvað eldavélarnar varðar eru spanhelluborðin áberandi en þau eru mun fljótari að hitna en hefðbundin keramikhelluborð, spara orku og eru þægilegri í notkun. Keramikhelluborðin eru þó vitanlega á sínum stað ásamt helluborðum með og án ramma,“ upplýsir Auður.

### Fjölbreytt úrval ofna

Ofnarnir frá Electrolux eru mun stærri en undanfarin ár. Þeir eru allir 74 lítra en með sama utanmál. Þeir eru jafnframt allir með innbyggðum kjöthitamæli. „Þá erum við með gufuofna sem eru alltaf að verða vinsælli enda mjög gaman að elda í slíkum ofni. Grænmetið verður svo fallegt og sömuleiðis kjötið, kjúklingurinn og jafnvel purusteikin sem verður mjög stökk í gufunni,“ útskýrir Auður, en hægt er að ákveða gufustreymi frá 30-70 prósentum eftir því hvað er verið að elda eða baka.

Auður segir jafnframt boðið upp á örbylgjuofna í úrvali. Allt frá sautján lítra einföldum ofni í „combi-ofn“ sem er bæði örbylgjuofn og venjulegur ofn í einu en hann hentar vel á stórum jafnt sem minni heimilum. Mest seldu ofnarnir eru að sögn Auðar einfaldir stálofnar með kjöthitamæli. „Þeir eru mjög auðveldir í þrifum. Í þeim er jafn blástur og níu eldunarmöguleikar. Hurðarglerið er þrefalt í flestum ofnunum en í þeim dýrari erum við með fjórfalt gler og snertiskjá. Þá erum við með ofna með „pyrolitic“ hreinsun en hreinsunin virkar þannig að hitinn fer í 460 gráður sem brennir alla fitu og óhreinindi. Hún brennir líka óhreinindi í hliðum ofnhólfsins og ofninn verður eins og nýr.“

### Uppþvottavélar af ýmsum gerðum

Húsasmiðjan er með mikið úrval af uppþvottavélum og er hægt að fá þær bæði hvítar og úr stáli. Þá fást vélar til að byggja inn í innréttingar. Einföldustu uppþvottavélarnar eru að sögn Auðar mjög vinsælar og á frábæru verði en uppþvottavélarnar eru frá 45 til 60 sentímetra á breidd. „Dýrari vélarnar eru yfirleitt hljóðlátari með tvöföldu vatnskerfi en þá er heitara vatn í neðri grind og vægara hitastig á efri, þar sem gjarnan er viðkvæmara leirtau. Í dýrari vélunum er líka innbyggt ljós og hnífaparagrind fyrir ofan efri grind. Sömuleiðis sjálfvirkt þvottakerfisval sem metur óhreinindin og velur þvottakerfi sjálft. Þá eru allar uppþvottavélar Electrolux með mjög góðri þurrkun.“

### Kæli- og frystiskápar

Breiddin í kæli- og frystiskápum er ekki minni en þeir fást í hvítu og stáli og frá 85 til 200 sentímetra á hæð. Þeir eru allir vel innréttaðir og er auðvelt að þrífa þá og breyta hillum. Þeir




Húsasmiðjan býður upp á breiða línu raftækja frá Electrolux en Electrolux er næststærsti heimilistækjaframleiðandi í heimi. MYND/PJETUR

eru hljóðlátir með orkunýtingu A til A+. „Þá eigum við frystikistur frá 103 lítrum til 500 lítra frá Frigor,“ segir Auður.

### Háfar og viftur

Háfarnir frá Electrolux eru sívinsælir. Þeir eru frá 60 til 90 sentímetra á breidd og fást bæði sem eyjuháfar og vegghháfar. Útdregnar þunnar viftur eru líka alltaf vinsælar en þær eru hljóðlátar og auðveldar í þrifum. „Þá erum við með viftur sem fara beint undir skápa en þær eru mikið teknar í sumarbústaði og lítil eldhús.“

### Úrval smáraftækja í boði

Auður segir Húsasmiðjuna líka bjóða upp á mikið úrval af smáraftækjum frá Electrolux og Russel Hobbs en reynslan hefur sýnt að þau henta vel á íslenskum heimilum.

### Hágæða keramikpönnur og pottar frá Beka

Í Húsasmiðjunni fæst sömuleiðis húsbúnaður í úrvali og nefnir Auður sérstaklega Beka-potta og -pönnur sem eru á góðu verði. „Þetta eru fallegir hágæðapottar og -pönnur með þykkum botni ásamt pönnum sem mega fara í ofn sem er svo vinsælt núna.“ Auður segir keramikhúðunina frá Beka hina nýju kynslóð húðunar.

„Beka er einn af frumkvöðlunum í þróun og notkun á keramikhúðun án viðloðunar en hún stuðlar að góðri og heilsusamlegri eldun. Húðin er umhverfisvæn af því að hún inniheldur ekki PTFE (teflon), PFOA eða önnur kemísk efni. Ef húðin rispast er hægt að nota pottana og pönnurnar áfram á öruggan hátt og gæðin haldast óskert, ólíkt pottum og pönnum með teflon-húðun. Notkunin er líka hagkvæm enda ekki þörf á eins miklum hita þar sem keramikhúðin hitnar auðveldlega. Því er yfirleitt hægt að nota helmingi minni hita þegar um er að ræða potta og pönnur með keramikhúð en þegar eldað er á teflonhúð.“



Kæliskáparnir frá Electrolux eru vel innréttaðir.

### Úrval hreinlætis- og blöndunartækja

Í hreinlætistækjadeild Húsasmiðjunnar er boðið upp á mikið úrval eldhúsvaska úr stáli frá Reginox og Ukinox. Þeir vinsælustu í dag eru að sögn Auðar stórir og djúpir með einu hólfi þar sem hægt er að koma fyrir stærri hlutum. „Þá er mikið úrval af fallegri hönnun í eldhúsblöndunartækjum frá Damixa og Emmevi svo eitthvað sé nefnt.“

### Sérhæfð söludeild Electrolux í versluninni í Skútuvogi

Auður bendir þeim sem vilja kynna sér til hlítar hið fjölbreytta vöruúrval Electrolux á sérhæfða söludeild með Electrolux-vörur í verslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi. „Þar gefur að líta allar helstu vörur sem í boði eru og hefur starfsfólkið fengið þjálfun af hálfu þjónustuaðila Electrolux á Norðurlöndum. Með því að líta við í þessari „verslun í verslun“ er auðvelt að bera saman mismunandi tæki og finna það sem hentar.


Sirrý á gott safn af ólífuolíum.


Sirrý hannaði eldhúsið sitt sjálf og lagði áherslu á borðpláss og notagildi.


Sirrý hefur safnað að sér glösum úr ýmsum áttum.


Sirrý er ávallt með ferskar kryddjurtir tiltækar í eldhúsinu.


Sirrý dvelur löngum stundum í eldhúsinu sínu enda kann hún afar vel við sig þar. MYNDIR/GVA

# Er á dilltímabilinu

Sigríður Björk Bragadóttir, ristjóri Gestgjafans, eyðir ótölulegum stundum í eldhúsinu sínu. Þar sinnir hún bæði aðaláhugamáli sínu eldamennskunni og vinnunni enda treystir hún best sínum eigin ofni þegar bakstur er annars vegar.

Íbúð Sirrýjar í Kórahverfinu í Kópavogi er björt og falleg. Eldhúsið og stofan eru í opnu rými og þar finnst henni best að vera. Sirrý hannaði eldhúsið sjálf þegar hún flutti inn í íbúðina ásamt manni sínum fyrir um sex árum. „Mér finnst best hvað eldhúsið er stórt og rúmgott, borðplássið er mikið og svo hef ég þennan klassíska þríhyrning,“ segir Sirrý glaðlega og sýnir hvernig gott sé að hafa vinnuborð til beggja hliða og svo borðstofuborðið fyrir aftan.

Henni líkar einnig vel hve innréttingarnar eru sterkbyggðar og auðveldar í þrifum. „Eins fannst mér skipta máli að borðplatan væri úr steini því þá get ég lagt allt heitt beint á borðið. Það er gott að þurfa ekki endalaust að passa sig í eldhúsinu,“ segir hún.

### Smákökur á fjórum hæðum

Sirrý ákvað að kaupa sér flottasta ofninn frá AEG í eldhúsið. „Ég sé ekkert eftir því. Ég var búin að eiga nokkra áður og fannst alltaf eitthvað vanta. En þessi er kraftmikill með góðan blástur þannig að ég get verið með fjórar hæðir af smákökum í einu,“ segir Sirrý sem sinnir vinnu sinni oft að heiman. „Ég kann svo vel á ofninn minn þannig að ég nota hann til að baka fyrir blaðið,“ segir hún brosandi.

### Aldrei hugmyndasnauð

Flestir glíma við það frá degi til dags að ákveða hvað eigi að vera í kvöldmatinn. Sirrý skortir hins vegar sjaldan nýjar hugmyndir. En er eitthvað sem henni þykir skemmtilegra að elda en annað? „Nei, en ég fer í gegnum viss tímabil, fæ dellu og nota mikið af einu hráefni í einhvern tíma. Ég er á dilltímabilinu núna,“ segir hún og bætir glettin við að ekki séu allir jafn hrifnir af dillinu. „Fjölskyldan er hálfvegis að bíða eftir að þetta gangi yfir,“ segir hún og hlær hjartanlega.

### Græjukona í seinni tíð

Sirrý segist ávallt hafa haft þá trú að það þyrfti ekki græjur til að elda góðan mat. „En svo eru þær farnar að laumast inn síðustu árin,“ segir hún glettin. „Nýjasta ástin mín er ísvélin mín sem ég var búin að láta mig dreyma um lengi. Ég er búin að nota hana mikið en hef reyndar ekki enn komið með ís í vinnuna og samstarfskonur mínar kvarta mikið yfir því. Ísinn virðist bara eyðast upp hérna heima,“ segir hún og hlær.

En hvað langar hana í næst? „Mig langar dálítið í stóran Le Creuset-pott. Ég á einn lítinn en þar sem ég á þrjú börn og fullt af barnabörnum er tími kominn á risa mömmupott.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512 5446 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



# Algjört eldhúsfrelsi hjá IKEA

**Eldhúsið er líklega vinsælasta herbergið á hverju heimili. Þar byrjar dagurinn, og um leið og fjölskyldumeðlimir snúa heim eftir skóla- og vinnudaginn liggur umferðin aftur um eldhúsið. Við höfum auðvitað flest matarást á eldhúsinu, en það vill verða svo að aðrar athafnir finni sér stað þar líka, eins og að læra, lesa, vinna eða bara spjalla. Því er mikilvægt að eldhúsið uppfylli ólíkar þarfir og að allir hafi pláss fyrir sitt. Fjölbreytt úrval eldhúsinnréttinga hjá IKEA ætti því að henta hvaða fjölskyldu- og eldhússtærð sem er.**

METOD-eldhúslína IKEA, sem kom á markað fyrir rúmum tveimur árum, er mjög fjölhæf og sveigjanleg. Línunni má í raun líkja við einingakubba sem hægt er að raða saman nokkurn veginn hvernig sem er. Grunneiningarnar, skápar og skúffur, eru festar á veggbrautir sem veitir bæði mikið frelsi í skipulagningu og svo einfaldar það uppsetninguna til muna.

„Frelsið var í raun sett í fyrsta sæti við hönnun línunnar," segir Auður Gunnarsdóttir sölustjóri. „Samkvæmt grunnhugmyndafræði IKEA á fyrirtækið að bjóða upp á húsbúnað fyrir sem flesta og það á bæði við um breitt úrval sem hentar mismunandi þörfum og svo auðvitað verðið. Verðið á að vera þannig að allir geti fundið fallega gæðavöru sem hæfir fjárhagnum og sú er líka raunin með METOD." Til dæmis fáist tvær tegundir af skúffum; FÖRVARA og MAXIMERA. Þær fyrrnefndu uppfylla allar gæðakröfur en þær síðarnefndu eru með ljúflokum og kosta því meira. Eins sé misjafnt hvort fólk vilji heldur skápa eða mikið af skúffum og jafnvel skúffur inni í skápum. METOD-einingarnar gera fólki kleift að stjórna ferðinni og velja út frá fjárhag og plássinu sem það hefur frekar en að þurfa að fylgja fyrirfram ákveðnum skorðum. „Möguleikarnir eru í raun óteljandi. Bak við hurðirnar í eldhússkápunum geta verið hillur eða hillur og skúffur, bara skúffur eða einn eða fleiri skápar. Frelsið er mjög mikið."

## Gott úrval

Auður segir auðvitað tískustrauma í eldhúsum eins og öðru en að úrvalið sé breitt og stílflokkarnir nokkrir. „Hvort sem verið er að innrétta eldhúskrók í sumarbústaðnum í sveitastíl eða stórt nútímalegt eldhús í nýbyggingu, þá eru grunneiningarnar þær sömu og svo velur fólk hurðir og skúffuframhliðar í þeim stíl sem það vill. Heimilistækin okkar hafa endurnýjast mikið undanfarið og úrvalið af orkunýtnum heimilistækjum er glæsilegra en nokkru sinni. Þau fást svo í mismunandi stíl, þannig að þau passi við eldhúsið, hvort sem útlitið er sígilt eða nútímalegt." Auður segir þrjár nýjar línur hafa bæst í úrvalið undanfarna mánuði. „EKESTAD er úr eik, sem er mjög vinsæl núna. Svo hafa bæst við tvær hvítar línur; MÄRSTA, sem er mjög stílhrein með innbyggðum höldum, og HITTARP, sem er í hlýlegum sveitastíl."

## Snjallt að utan sem innan

Auður segir svo afar mikilvægt að huga að smáatriðunum líka. „Þegar eldhúsinnréttingin er tilbúin og uppsett, kemur að litlu hlutunum sem við erum frekar upptekin af í IKEA núna. Litlu hlutirnir geta nefnilega skipt sköpum og í eldhúsinu er það innvolsið sem setur punktinn yfir i-ið í skipulagningunni. Þegar allt er á sínum stað í skúffunum og skápunum þarf enginn að eyða tíma í að leita eða lenda í því að kaupa eitthvað sem þegar var til aftast í skápnum," segir Auður. „Eins og sjá má er ekkert því til fyrirstöðu að byrja að láta eldhúsdrauminn rætast. Fyrsta skrefið er að skoða úrvalið og finna það sem heillar, ná svo í Home Planner-teikniforritið á vefnum okkar og prófa sig áfram. Viðskiptavinir geta svo séð alfarið um hönnunina sjálfir eða fengið aðstoð teiknaranna okkar við að hanna draumaeldhúsið!"



Nýju EKESTAD-eikarlínunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda er eikin sígild og hlýleg. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI



Nýju MÄRSTA-framhliðarnar skapa stílhreint eldhús sem fær hér hlýlegan blæ með bambusklæðningu og -aukahlutum. Hægt er að velja á milli fjögurra lita af innbyggðum höldum, sem fylgja með.



HITTARP-línan fellur fullkomlega inn í sveitastílinn ásamt tilheyrandi borðbúnaði og heimilistækjum.



BROKHULT-framhliðarnar eru með hnotuáferð. Hvítar HERRESTAD-hurðir með þrívíddaráferð gefa eldhúsinu svo skemmtilegan svip.

# Öll þekktustu merkin á einum stað

Í ELKO færðu ótrúlegt úrval af vönduðum vörum á samkeppnishæfu verði. Gott úrval er í boði í öllum vöruflokkum þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. ELKO býður einnig upp á sveigjanlega greiðslumöguleika til að einfalda kaupin.

ELKO er stærsta raftækjaverslun landsins og hefur verið leiðandi á sínu sviði hérlendis frá því hún var opnuð árið 1998. Verslunin hefur alla tíð haft það markmið að bjóða þekkt vörumerki raftækja en tryggja um leið lágt verð að sögn Þorvaldar Þorvaldssonar, vörustjóra heimilistækjadeildar. Hann segir ELKO bjóða upp á úrval raftækja í eldhús landsmanna, bæði þekkt og dýrari merki, en einnig vörumerki á lægra verði sem þó uppfylli allar kröfur um gæði og góða endingu. „Aðalsmerki okkar hefur alltaf verið gott úrval þekktra vörumerkja á lágu verði sem lækkaði mikið við afnám vörugjalda um síðustu áramót og lækkar nú enn frekar með lækkandi gengi norsku krónunnar síðustu mánuði. ELKO selur öll þekktustu og vönduðustu vörumerkin í raftækjum, til dæmis Miele, Liebherr, Siemens, Witt, Bosch, Samsung, ASKO, LG, AEG og Electrolux.“

Nýlega var flaggskip verslunarinnar ELKO í Lindum opnað eftir viðamiklar breytingar. Þar er m.a. búið að setja upp fjögur eldhús auk þess sem meiri áhersla er lögð á hágæðavörur. „Viðskiptavinir okkar hafa verið mjög ánægðir með þessi uppsettu eldhús enda er mjög þægilegt að skoða heimilistækin með þessum hætti. Eitt eldhúsið er samansett með þremur vönduðum vörumerkjum, Miele, Witt og Liebherr. Vörur frá Electrolux prýða annað eldhúsið, tæki frá Bosch það þriðja og fjórða eldhúsið inniheldur Samsung-tæki en það vörumerki er mjög vinsælt þessa dagana.“

ELKO býður einnig upp á gott úrval af heildstæðum lausnum þar sem viðskiptavinir geta keypt öll stóru tækin í eldhúsið í einu og sama vörumerkinu. „Við höfum aukið þetta framboð okkar, sérstaklega með vörum frá Bosch og Electrolux.“



Velkomin í ELKO! Þorvaldur Þorvaldsson er vörustjóri heimilistækjadeildar ELKO.

MYNDIR/STEFÁN




Innbyggðar uppþvottavélar í miklu úrvali.




Glæsilegt uppsett eldhús í Lindum með vönduðum tækjum frá Bosch.

## Góð greiðslukjör

Það er ekki bara fjöldi þekktra vörumerkja sem einkennir úrvalið í ELKO heldur geta viðskiptavinir líka valið úr miklu úrvali innan hvers vöruflokks að sögn Þorvaldar. „Við eru til dæmis með um 120 gerðir af kæli- og frystitækjum, um 50 gerðir af þvottavélum, 50 gerðir af uppþvottavélum og 30 gerðir af þurrkurum svo nokkur dæmi séu nefnd. Það ættu því flestir að finna eitthvað við sitt hæfi í verslunum okkar.“

Verslanir ELKO bjóða einnig upp á allt að tólf mánaða vaxtalausar raðgreiðslur, 30 daga verðvernd og 30 daga skilarétt á keyptum vörum. „Vaxtalausu greiðslurnar auðvelda svo viðskiptavinum okkar að fjármagna dýrari kaup. Lánin bera 3,5% lántökukostnað og 390 kr. greiðslugjald fyrir hverja afborgun en þetta greiðslufyrirkomulag hentar mörgum vel.“

Ef viðskiptavinur finnur sömu vöru ódýrari annars staðan en hjá ELKO innan 30 daga frá kaupum getur hann fengið mismuninn endurgreiddan. „30 daga verðverndin nær til allra vara nema að annað sé sérstaklega tekið fram og gildir gagnvart hefðbundnum verslunum á Íslandi.“ Skilarétturinn hefur lagst vel í viðskiptavini ELKO þar sem kaupöryggi er hámarkað innan 30 daga frá kaupum. Ef viðskiptavinir eru ekki ánægðir með kaupin geta þeir skilað heimilistækinu, valið sér nýtt eða fengið endurgreiðslu og skiptir þá engu hvort varan hafi verið notuð.

ELKO rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu, verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar auk frábærrar vefverslunar á www.elko.is. „Viðskiptavinir geta þar skoðað vöruúrvalið í ró og næði og klárað kaupin eða komið í einhverja af verslunum okkar ef það hentar betur. Ekki spillir svo fyrir að heimsending á stórum tækjum úr vefverslun kostar aðeins 4.995 kr. hvert á land sem er.“

Allar nánari upplýsingar um gott vöruúrval ELKO má finna á www.elko.is.



Mikið úrval af innbyggðum tækjum frá Electrolux.

# HEIMILISTÆKJA-DAGAR Í ELKO!

**... er kominn tími til að endurnýja heimilistækin?**



**99.995**
eða 9.015 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 108.175 kr. - ÁHK 15,8%

810 $m^3$ Sogafl klst. | 52-66 dB | 90 cm

## BOSCH
### VEGGHÁFUR
- 90 cm veggháfur í burstuðu stáli
- Þreföld LED lýsing og 3 + 2 hraðar
- 810 $m^3$/klst sogafl og snertirofar
- 12 laga málmfitusía, þolir uppþvottavél

DWB091E51



**199.995**
eða 17.640 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 211.675 kr. - ÁHK 11,1%

90 Cm | 10800W Heildarafl | SPAN

## BOSCH
### HELLUBORÐ SPAN
- 90 cm breitt spanborð með rennirofum
- 1 hringl. hella og 2x2 samtengjanlegar
- 17 hitaþrep, pottanemar og 35 sek. pása
- Aflaukning og tímarofar og hitagaumljós

PIZ975N17E



**219.995**
eða 19.365 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 232.375 kr. - ÁHK 10,7%

A+ Orkuflokkur | 47 L | 3300W Heildarafl

## BOSCH
### VEGGOFN MEÐ GUFU
- 47 lítra veggofn í stáli með gufukerfi
- 12 kerfi m.a. 4D blástur, pizza og grill
- Stafrænn með hæglokun og LED lýsingu
- Hraðhitun, barnalæsing og 40°C á hurð
- Gerður fyrir 45x60 cm innréttingu

CSG656BS1



*Pyrolytic sjálfhreinsikerfi*

**259.995**
eða 22.815 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 273.775 kr. - ÁHK 10,5%

A Orkuflokkur | 67 L | 3650W Heildarafl

## BOSCH
### VEGGOFN MEÐ ÖRBYLGJU
- Stafrænn 67 l ofn með heitum 4D blæstri og örbylgju
- PerfectBake tryggir fullkominn bakstur í hvert sinn
- LED lýsing, kjöthitamælir og Pyrolytic sjálfhreinsikerfi
- Hraðhitun, hæglokun á hurð og aðeins 30°C hiti

HMG676ES1S



177 cm

**149.995**
eða 13.327 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 159.925 kr. - ÁHK 11,5%

A++ Orkuflokkur | 319 Lítra kælir

## BOSCH
### KÆLISKÁPUR
- Innbyggður skápur með 7 glerhillur og flöskuhillu
- HydroFresh grænmetisskúffa með rakastýringu
- FreshZone skúffa kjörin fyrir kjöt og fisk
- Blástur, LED lýsing og skúffur á brautum

KIR81AF30



*Zeolite þurrkun*
*Hnífaparaskúffa*
*Gerð fyrir innréttingu*

**199.995**
eða 17.640 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 211.675 kr. - ÁHK 11,1%

A+++ Orkuflokkur | 14 Manna | 42 db

## BOSCH
### UPPÞVOTTAVÉL
- Flott stafræn vél fyrir klæðanlega framhlið
- Zeolite þurrktækni sem breytir raka í varma
- VarioSpeedPlus með allt að 66% tímastyttingu
- Kolalaus mótor, létt opnun, gólflýsing og 3 Auto kerfi

SBE88TD02E

**Heildarverð 1.129.970**
**994.995 pakkatilboð***

ELKO
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

PANTAÐU Í SÍMA 575-8115 SKIPTIBORÐ ELKO 544-4000 WWW.ELKO.IS

* Allar vörur á síðunni, aðeins í Lindum og á ELKO.is. Gildir út september.

hansgrohe



Eitt mesta úrval landsins
af eldhúsblöndunartækjum




Gæði fara aldrei úr tísku

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14-16 · 110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is






Þorbjörg Þórhildur Snorradóttir, Tobba, segist ábyggilega hafa gert súkkulaðikökuna girnilegu hundrað sinnum og að systir hennar, Stína, hafi gert hana álíka oft. MYND/GVA

# Afmæliskaka úr eldhúsi Eldhússystra

**Súkkulaðikaka með hindberjakremi og marengstoppum hljómar dásamlega girnilega en þær Þorbjörg Þórhildur og Kristín Snorradætur gefa hér uppskrift að henni. Uppskriftina fengu þær hjá móður sinni. Uppskriftir að öðru gómsæti má finna á bloggi þeirra, Eldhússystur, en þær segja fjölskyldu sína og vini verða fyrir því óláni að þurfa að borða afraksturinn.**

Systurnar Þorbjörg Þórhildur Snorradóttir og Kristín Snorradóttir eyða miklum tíma í eldhúsinu og þá aðallega við bakstur enda segja þær áhugann á bakstri sennilega hafa komið með móðurmjólkinni. „Ég var farin að prófa mig áfram í eldhúsinu á unglingsárunum, foreldrum okkar til mikillar ánægju," segir Þorbjörg eða Tobba eins og hún er kölluð. Kristín, Stína, bætir við að hún hafi sett í fluggírinn fyrir meira en áratug þegar hún fór að lesa matarblogg. „Ég varð eiginlega óstöðvandi í bakstri þá."

## Bakkelsi á borðum

Systurnar segjast hafa alist upp við að móðir þeirra og móðuramma heitin voru báðar mjög afkastamiklar í eldhúsinu og ekki síst bakstri. „Það eru einmitt margar uppskriftir sem koma frá mömmu sem hafa ratað á bloggið okkar, Eldhússystur. Amma var alltaf með bakkelsi á borðum þegar gestir komu í heimsókn og nokkrar af hennar uppskriftum hafa líka ratað á bloggið okkar."

Uppskriftin að súkkulaðikökunni sem Eldhússysturnar gefa hér kemur að sjálfsögðu frá mömmu þeirra. Hindberjasmjörkremið er hugmynd sem þær suðu saman eftir að hafa séð svipuð krem á netinu. „Þessi kaka klikkar aldrei, við erum líklega búnar að baka hana hundrað sinnum og eigum eflaust eftir að baka hana mörg hundruð sinnum í viðbót, meðal annars vegna þess að þetta er afmæliskakan í fjölskyldunni. Þetta er klassísk súkkulaðikaka sem getur verið einföld og fljótleg með hefðbundnu súkkulaðismjörkremi en það er líka gaman að leyfa hugmyndafluginu að ráða og skreyta hana á ýmsan máta eins og við gerðum í þetta sinn."

## Súkkulaðikaka með hindberjasmjörkremi og marengstoppum

Gott er að gera marengstoppana með smá fyrirvara.

**Marengstoppar**
3 dl sykur
4 eggjahvítur

*Hitið ofninn í 120 gráður með blæstri*

*Þeytið eggjahvíturnar, þegar þær eru farnar að freyða skal hella sykrinum saman við í litlum skömmtum og þeyta vel á milli. Þeytið þar til marengsinn er stífur.*

*Litið marengsinn að vild og setjið í sprautupoka. Sprautið litlum toppum á bökunarpappír. Skemmtilegt er að gera toppana í nokkrum litum og hafa þá mismunandi í laginu.*

*Bakið í 60 mínútur. Ágætt er að leyfa toppunum að kólna inni í ofninum yfir nótt.*

**Súkkulaðikaka**
2 bollar hveiti
1,5 tsk. lyftiduft
0,5 tsk. matarsódi
1 tsk. salt
1,5 bolli sykur
200 g smjör
1 bolli mjólk
2 stór egg
2-3 msk. kakó

*Kveikt á ofninum, 175°C.*

*Öllum efnum nema eggjum blandað saman í skál og hrært með hrærivél í tvær mínútur eða þar til allt er vel blandað saman. Eggin látin út í og hrært áfram í um tvær mínútur. Sett í tvö smurð, lausbotna form og bakað í um það bil 35 mínútur eða þar til prjónn kemur hreinn út þegar stungið er í kökuna. Látið kökuna kólna alveg áður en smjörkremið er sett á hana.*

**Súkkulaði-ganache**
110 g suðusúkkulaði
½ bolli rjómi
salt á hnífsoddi

*Hakkið niður súkkulaðið og setjið í skál með saltinu. Hitið rjómann að suðu og hellið yfir súkkulaðið. Látið standa í tíu mínútur án þess að hræra. Hrærið súkkulaðið vel saman við rjómann og leyfið að kólna.*

**Hindberjasmjörkrem**
110 g smjör
1,25 dl frosin (eða fersk) hindber
½ tsk. vanilludropar
450 g flórsykur

*Smjör, hindber og vanilludropar hrært mjög vel saman. Flórsykri bætt saman við smátt og smátt og þeytt vel á milli. Eins og alltaf með smjörkrem þarf að stilla magn flórsykurs af þannig að kremið verði hæfilega þykkt.*

**Samsetning**
*Setjið annan kökubotninn á fat, smyrjið smjörkremi á kökubotninn og leggið síðan hinn kökubotninn ofan á. Þekið kökuna með smjörkreminu. Gott er að skella kökunni í kæli í smá stund til að kremið stífni aðeins. Látið súkkulaðiganache á kökuna að vild og raðið marengstoppum ofan á eftir smekk.*



Súkkulaðikaka með hindberjakremi og marengstoppum er á borðum í flestum afmælisboðum Eldhússystra.

nettoline

# HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR






## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.








## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**Opið:**

Mán. –föstud. 07-18
Laugardaga 11-15

15 ÁRA
STOFNAÐ 2000

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



**KRYDDJURTASKÆRI** Með þessum margföldu skærum er hægt að klippa niður kryddjurtir hratt og örugglega.



**JARÐARBERJASTILKAHREYNSIR** Lítið og skrítið tól með kló fremst sem grípur í grænu blöðin á jarðarberjunum svo hægt er að fjarlægja þau með einu handtaki án þess að skera neitt af jarðarberinu.

# Gáfulegar græjur

Úrvalið af tækjum og tólum til notkunar í eldhúsum er nánast endalaust. Hægt er að fá sérhæfðar græjur fyrir hvert einasta verk sem fellur til, hvort sem það er að skera banana, brjóta egg, afhýða epli eða hella hvítvíni. Á netinu má finna ótrúlegustu tól sem sumum þykja alger óþarfi en öðrum hið mesta þarfaþing. Hér má finna nokkrar skemmtilegar græjur sem eflaust koma að góðum notum við einhverjar aðstæður.



**FÖGUR HVÍTLAUKSPRESSA** Hvítlaukspressur er hægt að fá í ýmsum útfærslum. Eina þeirra má sjá hér en þá er pressan sett ofan á hvítlauksrifið og henni þrýst niður og ruggað fram og til baka.



**STEIKARHNÍFUR** Það getur verið vandaverk að skera steikur í jafnar sneiðar. Þetta athyglisverða tól auðveldar leikinn.



**SKRAUTPENNI** Þegar skreyta þarf kökur er gott að hafa stóíska ró og stöðuga hönd. Verkið verður þó mun auðveldara þegar hægt er að nota skreytipenna á við þennan.



**SÉRVISKULEG SAFAPRESSA** Bless, bless klístraðar hendur og sítrónusafi í augað. Með því að stinga þessari handpressu inn í ávöxtinn er hægt að úða nokkrum skvettum af sítrónu- eða límónusafa yfir matinn með auðveldum hætti.









Léttar lausnir fyrir innréttingar

Fyrstir með skúffubrautir sem eru með hvort tveggja þrýstiopnun og mjúklokun
Nýjar Legrabox skúffuhliðar í úrvali lita og fimm mismunandi hæðir

- Lausnir í lyftubúnaði fyrir efri skápa
- Lamir með innbyggðri mjúklokun
- Rafmagnsopnun fyrir skúffur og skápa
- Allt til að koma innihaldi í skúffunum í röð og reglu
- Lausnir fyrir allar þínar skúffur og skápa

Notar innréttingasmiðurinn þinn Blum?

hgg
H.G. GUÐJÓNSSON
INNRÉTTINGALAUSNIR
Tranavogur 5
sími 525 3450
www.hggudjonsson.is

þú finnur okkur á facebook

# Eldhúsið er hjarta heimilisins

Eirvík býður upp á sérsmíðaðar innréttingar sem framleiddar eru í Þýskalandi. Innréttingarnar búa yfir miklu úrvali af vel útfærðum og úthugsuðum útfærslum. Þær taka mið af nútímalegri hönnun með hagnýtum og skipulögðum geymslulausnum.

Inga Ósk Pétursdóttir, innanhússarkitekt hjá Eirvík, segir að góður arkitektúr sé ekki aðeins falleg list heldur þurfi skipulag og tæknilegir hlutir að vera í lagi. „Eldhúsrýmið á að taka vel á móti öllum sem um það ganga,“ segir hún.

„Við vinnum út frá þeirri staðföstu trú okkar að eldhúsið sé ótvírætt hjarta heimilisins. Við bjóðum upp á framsýna hönnun og alþjóðlega þekkt vörumerki. Við höfum næmt auga fyrir smáatriðum sem leiðir til klæðskerasniðinna lausna sem falla að þörfum og lífsstíl hvers og eins viðskiptavinar fyrir sig.

Eirvík Innréttingar eru hannaðar af okkur en sérsmíðaðar og framleiddar í samstarfi við einn af leiðandi innréttingaframleiðendum í Þýskalandi. Framleiðsluferlið fylgir ströngustu gæðastöðlum og höfum við fengið nokkur gæðaskírteini og unnið mörg hönnunarverðlaun í gegnum árin. Það er í gegnum þetta góða samstarf sem við getum boðið mikil gæði, lengri endingu og góða hönnun á aðlaðandi og hagkvæmu verði.



Eirvík Innréttingar hafa að bjóða mikið úrval af vel útfærðum, vandlega úthugsuðum og framsýnum útfærslum. MYND/STEFAN

Með því að nota þýska verkhönnun búa Eirvík Innréttingar yfir miklu úrvali af vel útfærðum, vandlega úthugsuðum og framsýnum útfærslum. Þær taka mið af nútímalegri og faglegri hönnun með hagnýtum og skipulögðum geymslulausnum,“ segir Inga Ósk. „Við bjóðum upp á gríðarlega mikið úrval af mismunandi efniviði og stílum. Efniviður okkar er sem dæmi háglans og matt lakk, harðplast og filmur, viðarspónn, gegnheill viður, akrýl, gler ,keramik og granít-spónn. Stílar í boði ná frá nútímalegri hönnun til rómantískra eldhúsa, með eða án handfanga.

Eldhúsinnréttingar okkar koma með geymsluklefum að innan og hólfum fyrir allt sem þú þarft: Við höfum skiplag fyrir potta, pönnur, hnífapör, steikarhnífa, ruslakörfur, þurrmeti, skurðarbretti, almenn eldhúsáhöld, ryksugur og kústa.

Eirvík býður upp á persónulegar lausnir og þjónustu. Það finna allir eitthvað við sitt hæfi hjá okkur.“



## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



Honda CR-V Elegance 6/2011 ek.70þús. Sjálfskiptur. Nýjar bremsur að framan. Ásett verð 3.980.000.- Rnr.151233



Honda Accord Lifestyle 7/2013 ek.36þús. Sjálfskiptur. Glerþak. Ásett verð 3.590.000.- Rnr.151149



Hyundai I10 Comfort 5/2014 ek.66þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 1.790.000.- Rnr.287716



Toyota Corolla Terra Diesel 3/2014 ek.47þús. Beinskiptur. TILBOÐSVERÐ 2.990.000.- Rnr.287487




VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**




**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Corolla w/g sol. Árgerð 2005, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.991475.



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic glk-220 (984). Árgerð 2014, ekinn 26 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.141625.



Kia cee'd EX 1.6 disel. Árgerð 2014, ekinn 13 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.991052. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



AUDI Q7 quattro s line. Árgerð 2011, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.991411.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**BORGARBÍLASALAN**



**585.000 KR**

RENAULT Megane sport tourer Árg 2005 árg 2005 skoðaður 2016 besta verð 585.000. (visalán í boði) Rnr.450203. 6952015



**8 MANNA SKUTLA**

RENAULT Trafic 8 manna háþekja árg 2005 ekin aðeins 206 þ dúk klætt gólf besta verð 1.380.000. Rnr.450180. 6952015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

**MB bílar**



ISUZU D max at d-max. Árgerð 2007, ekinn 186 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.110190.



SKODA Octavia. Árgerð 2011, ekinn 74 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.390.000. Rnr.120050.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is**



SKODA Octavia combi 4x4. Árgerð 2015, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.210849.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2011, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.650. Rnr.210845.



SUZUKI Swift gl. Árgerð 2012, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790. Rnr.210844.



TOYOTA Land cruiser 150 gx leður. Árgerð 2015, ekinn aðeins 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.400. Rnr.330342.



VOLVO Xc90 d5 awd momentum. Árgerð 2014, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.890.Umboðsbíll 1 Eigandi Rnr.210809.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

**LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777**



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2007, ekinn 140 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.480.000. Rnr.116257.1 eigandi



RENAULT Clio stw diesel. Árgerð 2015, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.211157.



MMC Galant glsi/sedan. Árgerð 2002, ekinn 227 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 680.000. Rnr.116216.



LAND ROVER Range rover sport hse. Árgerð 2007, ekinn 151 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.950.000. Rnr.116212. gott eintak.



LAND ROVER Defender 110 tds storm stw 38". Árgerð 2006, ekinn 119 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 7.300.000. Rnr.114748. vel græjaður bíll



KIA Ceed ex disel world cup edition. Árgerð 2015, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.116297.



FORD Fiesta trend 1.4 ssk. Árgerð 2011, ekinn 96 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.680.000. Rnr.116054.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu



VW golf 99. 18. 5 gíra. 152km 250þ S. 6162597



MMC colt árg 99 sjálfsk 3-dyra ek 141 þús vetrardekk nýsk nýsmurður verð 290 þús gsm 8927852



Porsche Cayenne 3.2, 2004 ek. 197þ Nýlega yfirfarinn, dráttarbeisli og í alla staði mjög góður bíll. Verð 1500 þ. staðgreitt, Ágúst 898 0236

**ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR**

Facebook: Ódýrir Díselbílar. Go Green og Rental 1, Sími: 534-0000

Toyota Rav 4 2003 5 gíra 160 verð 350þ S: 6162597

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**0-600 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Lyftarar




## Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**ÁRATUGA REYNSLA**

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## FJÖLDI HAMLEYS-VERSLANA Í HVERJU LANDI UM NÆSTU ÁRAMÓT




> Vöxtur í sölu leikfanga hefur verið stöðugur á síðustu árum. Vefvæðing okkar í nútímanum þýðir ekki að börn leiki sér minna en áður, það er meira ef eitthvað er.

> Okkar samkeppnisforskot byggist á því sem þú upplifir í verslunum okkar.

á milli 12-15 sérleyfisverslanir fyrir lok þessa árs," segi Guðjón. Þar á meðal verða fyrstu verslanir Hamleys í Mexíkó, Víetnam og Finnlandi.

Guðjón segir að Hamleys reyni að taka mið af mismunandi aðstæðum í hverju landi fyrir sig. „En þú mátt ekki breyta vörumerkinu of mikið. „Ég hef stundum verið spurður að því hver aðlögunin sé í prósentum og ég myndi giska á milli 10 og 15 prósent. Aðlögunin er fyrst og fremst í vöruvalinu en ekki hönnuninni á versluninni og upplifuninni fyrir viðskiptavininn, það verður alls staðar að vera það sama. Börn og fjölskyldur þeirra eru í grunninn eins alls staðar í heiminum, sömu hlutirnir höfða til þeirra hvort sem þau eru í Suður-Kóreu, Víetnam, Mexíkó eða Suður-Afríku."

**Stefna ekki á Íslandsmarkað**

Ísland er ekki inni í plönum leikfangarisans að svo stöddu. „Það hefur oft komið til tals en við erum að einbeita okkur að stærri mörkuðum. Auðvitað hefði ég mjög gaman af því en það er ekki að fara að gerast á næstunni," segir Guðjón.

Hamleys hefur hins vegar mikinn áhuga á Bandaríkjamarkaði þar sem fyrirtækið hefur enn ekki opnað verslun. „Við erum að skoða þann markað mjög gaumgæfilega og við höldum að þar séu spennandi tækifæri. Við erum að vinna að því að opna verslanir þar en það er ekkert fast í hendi."

Eftir hrunið eignaðist slitabú Landsbankans og Kaupþing í Lúxemborg Hamleys. Franska leikfangakeðjan Ludendo keypti Hamleys árið 2012. Í kjölfar vaxtar Hamleys og bættrar afkomu hefur áhugi fjárfesta aukist. Fyrir nokkrum vikum bárust fregnir af því að félag frá Mið-Austurlöndum sem á einn helsta keppinaut Hamleys, Toy Store, hefði hug á því að kaupa Hamleys. Guðjón vildi lítið gefa upp um þessar þreifingar.

**Hrunárin kenndu góða siði**

Vorið 2009 voru þáverandi eigendur Hamleys, Baugur og Fons, teknir til gjaldþrotaskipta nokkrum mánuðum eftir að íslenska bankakerfið féll. Guðjón segir margt hafa lærst í hruninu. „Þetta var auðvitað mjög sérstakur tími, ég kem hingað inn í maí 2008 og þarna um haustið í október þá byrjar að hrikta í stoðunum. Það sem var í rauninni með okkur í Hamleys var að við vorum algerlega sjálfstætt fyrirtæki en í eigu Baugs og Fons á þeim tíma. Og þegar eigendur okkar lentu í erfiðleikum hafði það í sjálfu sér ekki bein slæm áhrif á okkar félag. Þó voru ákveðnir hlutir sem þyngdu hjá okkur reksturinn í nokkurn tíma því birgjar og aðrir skildu ekki alveg hver okkar staða var. Að mörgu leyti má segja um þetta tímabil þegar maður lítur til baka að það hafi haft jákvæð áhrif frekar en hitt því þetta kenndi okkur góða siði við rekstur félagsins; að eyða ekki meiru en þú aflar og svo framvegis. Við þurftum að treysta á okkur sjálfa svo stefna okkar byggði á mjög lítilli þörf fyrir utanaðkomandi lánsfé," segir hann.



**LEIKFANGASALINN** Guðjón segir börn alls ekki leika sér minna með leikföng þrátt fyrir auknar vinsældir tölvuleikja. Eftirspurn eftir leikföngum aukist jafnt og þétt. MYNDIR/HAMLEY'S



**BJARTSÝN Í BORGINNI** Áshildur Bragadóttir segir að mörg tækifæri séu í að markaðssetja höfuðborgarsvæðið allt gagnvart erlendum ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Finnst skemmtilegast að læra

***Áshildur Bragadóttir tekur við starfi forstöðumanns Höfuðborgarstofu 16. september. Hún hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra Markaðsstofu Kópavogs frá árinu 2012.***

Áshildur Bragadóttir hefur verið ráðin nýr forstöðumaður Höfuðborgarstofu. Hún tekur við starfinu þann 16. september næstkomandi. Forstöðumaður Höfuðborgarstofu ber ábyrgð á verkefnum sem tengjast ferðamálum. Höfuðborgarstofa rekur fjölþætta upplýsingamiðlun fyrir ferðamenn, meðal annars í gegnum aðalupplýsingamiðstöð höfuðborgarinnar í Aðalstræti og sér um framkvæmd stórra borgarhátíða ásamt samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur annarra viðburða í borginni.

Áshildur var valin úr hópi 39 umsækjenda. „Það var mikið af hæfu fólki með mikla reynslu meðal umsækjenda. Þannig að það var bara mjög gaman að vera valin úr þessum góða hópi,“ segir Áshildur. Áshildur segir aðspurð starfið leggjast mjög vel í sig. „Að mínu mati er þetta starf sem er með sterkan prófíl og þetta eru umfangsmikil verkefni. Við erum í raun að markaðssetja höfuðborgina fyrir ferðamenn. Þannig að þetta eru gríðarlega spennandi verkefni,“ segir Áshildur.

Áshildur er viðskiptafræðingur með M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands. Frá árinu 2012 hefur hún gegnt stöðu framkvæmdastjóra Markaðsstofu Kópavogs. Áshildur segir að mörg tækifæri séu í að markaðssetja höfuðborgarsvæðið allt gagnvart erlendum ferðamönnum. „Við á Höfuðborgarstofunni erum í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um að vinna saman að þessari markaðssetningu og búa til fleiri tækifæri til að draga ferðamenn að fleiri svæðum innan höfuðborgarsvæðisins,“ segir Áshildur.

Áshildur er gift Björgvini Snæbjörnssyni arkitekt og eiga þau saman fjórar dætur á aldrinum 10-20 ára. Utan vinnunnar stundar hún mikla hreyfingu, hleypur, gengur á fjöll á sumrin og stundar skíði á veturna. Auk þess les hún mikið og fylgist vel með þjóðfélagsumræðunni. „Sömuleiðis hef ég alltaf gaman af því að bæta við mig nýrri þekkingu. Ég hef verið síðustu tvö árin að læra spænsku, og hef áður tekið námskeið í frönsku. Að læra er það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir Áshildur og bætir við að í ellinni, þegar hún er hætt að vinna, dreymi hana um að setjast aftur á háskólabekk.

> **Ég hef verið síðustu tvö árin að læra spænsku, og hef áður tekið námskeið í frönsku.**

saeunn@frettabladid.is

## GLAÐLYND OG MEÐ HÚMORINN Í LAGI



Áshildur er mikil áhugamanneskja um þjóðmál og samfélagið. Hún er fréttafíkill og hefur skoðanir á samfélagsmálum. Hún er líka gríðarlega skipulögð og öflug í því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún er fljót að sjá stóru myndina og góð í að tengja hluti saman, eins og hún hefur gert hjá Markaðsstofu Kópavogs. Hún er alltaf mjög glaðlynd og jákvæð og tekur öllum verkefnum með mikilli gleði. Hún leysir öll verkefni, ekkert verkefni er of flókið. Hún er höfðingi heim að sækja, býr til ofboðslega góðan mat og öll umgjörð í kringum hana er glæsileg, hún hefur lag á að hafa allt smart og lekkert. Hún er líka ein af þeim sem láta verkin tala.
*Ragnheiður Guðmundsdóttir vinkona*



Áshildur er einstaklega hugmyndarík, klár, dugleg og drífandi, allt eiginleikar sem hafa nýst í vinnu hennar hjá Markaðsstofu Kópavogs og munu pottþétt gera það hjá Höfuðborgarstofu. Hún er ráðagóð og ráðholl þegar vinir og starfsfélagar þurfa á að halda, en óttast heldur ekki að leita ráða sem er ekki síður mikilvægur eiginleiki. Áshildur er félagslynd og á sæg af góðum vinkonum, vinum og kunningjum, sem er ekki skrítið því hún er svakalega skemmtileg, hress og með húmorinn í lagi.
*Sigríður Björg Tómasdóttir samstarfskona*

# Íslensk fyrirtæki þurfa að sækja á í markaðsstarfi

***Sautján fyrirtæki frá Foshan komu til Íslands í síðustu viku. Tækifærin til að flytja vörur til Kína eru að aukast, að mati formanns Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins. Innflutningur Íslendinga á kínverskum vörum vex stöðugt.***

Tækifæri Íslendinga til þess að flytja út vörur til Kína eru vaxandi, að mati Ársæls Harðarsonar, formanns Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins. Viðskiptaráðið stóð fyrir stefnumóti íslenskra fyrirtækja og fyrirtækja frá borginni Foshan í Kína á föstudaginn. Þar tóku þátt sautján fyrirtæki frá Kína og um 20 íslensk fyrirtæki.

Eins og fram kom í Markaðnum í síðustu viku er rúmt ár liðið frá því að fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína tók gildi. Enn sem komið er hefur útflutningur íslenskra fyrirtækja ekki aukist verulega. „Ég hef alltaf litið svo á að þetta taki sinn tíma og það muni falla hvert vígið á fætur öðru í þessu með tímanum,“ segir Ársæll. „Það er augljóst að það hefur töluvert gerst í innflutningi. En á útflutningshlutanum þurfa fyrirtækin að sækja á. Og samningurinn er þannig að ef það eru hnökrar á honum þá er vilji á báða bóga að laga það. Það þarf svolítið að vinna það mál fyrir mál og það hefur komið upp fullt af málum sem hnökrar eru á og þá þurfa menn að vinna það og það tekur tíma,“ segir Ársæll.

Nú þegar Rússlandsmarkaðir lokast fyrir sjávarafurðir telur Ársæll mögulegt að hægt verði að flytja út makríl til Kína. „Við létum þau til dæmis vita í sendinefndinni frá Dalí að það væri tækifæri á Íslandi og það kann að vera að það sé mögulegt. En við verðum líka að átta okkur á því að makríllinn okkar, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum, hefur verið sendur á Rússlands- og Nígeríumarkað og það bendir til þess að hann sé kannski ekki í hæsta gæðaflokki fyrir neytendamarkað. Þannig að það getur verið að það séu takmarkanir á því hvar eftirspurnin er. En það er alveg augljóst að það eru tækifæri.“

Ársæll bendir á að Kína sé gífurlegur neyslumarkaður og fari mjög hratt vaxandi. „Þannig að íslensk fyrirtæki eiga tækifæri. Það er ekki spurning,“ segir Ársæll, en bendir þó á að þetta muni velta á öflugu markaðsstarfi. „Menn þurfa að taka vinnuna í sínar hendur og mér sýnist það nú vera það sem er að gerast,“ segir hann.

Fyrirtækin sem komu til Íslands í síðustu viku eru frá Foshan-héraði á Kanton-svæðinu, nærri Hong Kong. „Þetta er mjög stórt svæði með mikinn iðnað og þeir eru að fara með 17 fyrirtæki til Evrópu og komu til Þýskalands í samþærilegum erindagjörðum og óskuðu eftir okkar aðstoð við að hitta íslensk fyrirtæki hér.“



**Á GRAND HÓTELI** Fundur Kínverjanna með fulltrúum íslenskra fyrirtækja fór fram á Grand hóteli á föstudag í síðustu viku.

Ársæll segir að Íslensk-kínverska viðskiptaráðið hafi fengið töluverðan fjölda af slíkum heimsóknum. „Við höfum gert töluvert af þessu og höfum fengið heimsóknir frá Shenzhen- og Dalianhéraði líka.“ Fyrirtækin eru flest í framleiðslu á vélatækni og því um líku. „Þetta eru gríðarlega stór fyrirtæki og eru framarlega í Kína hvert á sínu sviði. Og sum þeirra eru framarlega á heimsvísu,“ segir Ársæll. jonhakon@frettabladid.is

# 20.000 KRÓNA AFSLÁTTUR Í 4 DAGA !



ASUS ASU-F552MJSX028H

## GEFORCE SKJÁKORT OG 8GB MINNI

Glæsileg 15,6" Asus fartölva með Intel örgjörva og nVidia GeForce 920M skjákorti. 8GB vinnsluminni og 500GB harður diskur fyrir gögnin.

**69.995**

FULLT VERÐ 89.995

INTEL ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR



TOSHIBA TOS-L50DB117

## DÚNDURTILBOÐ FYRIR FJÖGURRA KJARNA !

Ótrúlegt verð fyrir jafn öfluga fartölvu með A4 Quad Core örgjörva, 8GB vinnsluminni og 750GB hörðum diski. Öflug grafík með Radeon R5 M230 kjarna.

**79.995**

FULLT VERÐ 99.995

Quad Core A4 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 750GB DISKUR | 2GB AMD Radeon R5 M230 SKJÁKORT



ASUS ASU-F555LPX0089H

## 5. KYNSLÓÐ AF INTEL i7 OG RADEON R5

Ofurhröð og spræk í vinnslu með nýjustu kynslóð af Intel i7 örgjörva. Vandað 2GB Radeon R5 M230 skjákort, stór 1TB harður diskur og 6 GB vinnsluminni.

**129.995**

FULLT VERÐ 149.995

INTEL i7 ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 15,6" SKJÁR



TOSHIBA TOS-L50B2FT

## HVÍT MEÐ NÝJUSTU KYNSLÓÐ INTEL i7

Glæsilega hvít og skemmtilega hraðvirk með nýja 5. kynslóðar Intel i7 örgjörvanum. Öflugt Radeon R7 M260 skjákort, stór 1TB harður diskur og þráðlaust AC netkort fyrir hraðara þráðlaust net.

**159.995**

FULLT VERÐ 179.995

INTEL i7 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 15,6" SKJÁR




**OPIÐ**

Virka daga 10-18

Laugardaga 11-16

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 |

Það er ekki skynsamlegt að einkavæða Landsbankann „af því bara“:

# Hvað liggur á?

Í nokkur ár hefur verið heimild í fjárlögum til að einkavæða allt að 30 prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum. Ríkissjóður heldur á tæplega 99 prósenta hlut í bankanum á móti einu prósenti starfsmanna.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2016 kemur fram að stefnt sé að sölu á 30 prósenta hlut í Landsbankanum á næsta ári og að þessi einkavæðing geti sparað ríkissjóði 17,4 milljarða króna í vaxtagjöld á árunum 2016 til 2019.

Annar ríkisstjórnarflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, samþykkti á síðasta landsþingi ályktun um að Landsbankinn verði „samfélagsbanki“ í eigu ríkisins. Sé þessi ályktun lesin sést að þarna er verið að tala um að bankinn verði fyrir fólkið og í þjónustu fólksins. Þegar ályktun efnahags- og viðskiptanefndar Sjálfstæðisflokksins frá síðasta landsfundi flokksins er lesin kemur í ljós að þar er ekki stafkrókur um einkavæðingu Landsbankans. Þegar sjálfstæðisstefnan, sem var samin við stofnun Sjálfstæðisflokksins árið 1929, er lesin eftir orðanna hljóðan er ekki hægt að draga þá ályktun að það gangi gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins að ríkið eigi fjármálafyrirtæki, hvort sem það er tímabundið eða til lengri tíma.



**Markaðshornið**

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@stod2.is

**Það er alvarlegur fákeppnismarkaður á íslenskum fjármálamarkaði og almenningur hefur ekkert val um það hvort það eigi í viðskiptum við banka eða ekki.**

Undir venjulegum kringumstæðum er það á skjön við ríkjandi hugmyndir á Vesturlöndum að ríkissjóður eigi og reki fjármálafyrirtæki. Á Íslandi, 330.000 manna eyríki í Norður-Atlantshafi, sjö árum eftir fordæmalaust allsherjar banka- og gjaldeyrishrun eru hins vegar ekki venjulegar kringumstæður í þeim skilningi. Einhver kynni að spyrja hvar eigi þá að draga línuna? Á ríkið að reka olíudreifingarfyrirtæki og flugfélög af því þau eru þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki? Auðvitað ekki.

Fjármálamarkaðurinn er hins vegar sérstaks eðlis og um hann gilda önnur lögmál vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem hér ríkja. Þrír bankar fara með 90 prósenta markaðshlutdeild á fjármálamarkaði. Tveir þessara banka eru í eigu slitabúa sem eru svo í eigu erlendra vogunarsjóða. Það er alvarlegur fákeppnismarkaður á íslenskum fjármálamarkaði og almenningur hefur ekkert val um það hvort hann eigi í viðskiptum við banka eða ekki. Öll laun eru greidd inn á bankareikninga og meginþorri allra bankaviðskipta eru rafræn.

Helstu rökin fyrir því að selja Landsbankann eru á þá leið að ríkissjóður verði að endurheimta það fé sem sett var í endurreisn bankakerfisins. Nú er það svo að Landsbankinn hefur greitt ríkissjóði samtals rúmlega 54 milljarða króna í arð fyrir rekstrarárin 2012, 2013 og 2014. Þess má geta að upphafleg kostnaðaráætlun vegna byggingar nýs Landspítala hljóðaði upp á 85 milljarða króna.

Kannski hugsa sumir þingmenn Sjálfstæðisflokksins að það sé alveg agalegt að ríkið eigi banka. Það megi ekki spyrjast út að þeir hafi haldið óbreyttu eignarhaldi á þessum banka, hægrimennirnir sjálfir!

Ég er ekki rödd annars en sjálfs mín en ég þykist vita og er raunar nokkuð viss í minni sök að meginþorri almennings hefur engan áhuga á frjálshyggjukreddum.

Að framansögðu virtu er ekkert sem kallar á einkavæðingu Landsbankans á þessum tímapunkti. Líkur eru á því að enginn græði á því nema þeir fjárfestar sem kaupa bankann sem munu hagnast vegna sífellt hærri þjónustugjalda sem almenningur greiðir.

Því má spyrja, hvað liggur á?

## Uppbygging í Helgafellslandi



**TEIKNINGAR SKOÐAÐAR** Nánast allar fjölbýlishúsalóðir í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ eru seldar og segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, að mikil uppbygging sé fram undan. Hann tók fyrstu skóflustunguna að tveimur fjölbýlishúsum, með 55 íbúðum, sem verktakafyrirtækið MótX reisir í hverfinu og sést hér virða fyrir sér teikningar að húsinu ásamt verktökunum.

# Góð viðbragðsáætlun er lykilatriði

**Bryndís Nielsen,**
almannatengslaráðgjafi
hjá Athygli



Almannatenglar eru sérfræðingar í samskiptum og ráðleggja fólki, fyrirtækjum og stofnunum hvernig best er að koma skilaboðum á framfæri til almennings og hagaðila. Einn angi af þeirri þjónustu er krísustjórnun.

**FYRSTU VIÐBRÖGÐ SKIPTA ÖLLU**

Áföll geta verið af ýmsum toga, hvort sem þau eru af völdum óhappa, mannlegra mistaka eða náttúruhamfara. Fagleg og fumlaus viðbrögð strax í upphafi skipta sköpum um farveg umræðunnar í kjölfarið en viðhorf almennings mótast að miklu leyti af fyrstu viðbrögðum þess sem í hlut á. Þögn, útúrsnúningur, önugheit eða misvísandi upplýsingar geta valdið skaða, jafnvel óbætanlegum.

**VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ER MIKILVÆG**

Enginn gulltryggir sig gegn óhöppum í lífinu en það er vissulega hægt að vera vel undirbúinn, með viðbragðsáætlun tiltæka. Í góðri viðbragðsáætlun er að finna ítarlegan lista yfir helstu ógnir eða hættur sem að steðja og hver viðbrögðin ættu að vera.

**Allar boðleiðir þurfa að vera skýrar og vel útfærðar, hvort sem þær tengjast upplýsingaflæði innanhúss eða út á við. Upplýsingaflæðið þarf að vera vel skipulagt.**

Fámennt en öflugt áfallateymi kemur að mótun viðbragðsáætlunar, þekkir hana vel og tekur til starfa þegar krísur dynja yfir.

Allar boðleiðir þurfa að vera skýrar og vel útfærðar, hvort sem þær tengjast upplýsingaflæði innanhúss eða út á við. Upplýsingaflæðið þarf að vera vel skipulagt og samræmt. Hvernig skal miðla upplýsingum? Eiga þær erindi við alla eða varða þær einungis fáa? Hver er talsmaður fyrirtækisins?

**SANNLEIKURINN ER SAGNA BESTUR**

Talsmaður þarf að vera vanur því að koma fram í fjölmiðlum eða hafa hlotið leiðsögn til að takast á við það verkefni. Sannleikurinn er að sjálfsögðu sagna bestur en hvernig á að koma honum á framfæri? Hvernig á að haga upplýsingum svo þær nái sem best til almennings eða hagaðila?

Mörgum hættir til að fara í of nákvæmar lýsingar og ná ekki að skilja kjarnann frá hisminu. Fjölmiðlar hafa hvorki tíma né getu til að fjalla um málið í löngu máli en vilja fremur kjarngóð og meitluð skilaboð svo að fréttin og innihald hennar skili sér sem best til almennings.

**EKKI BÍÐA EFTIR AÐ SPRENGJAN FALLI**

Sé niðurstaða greiningar sú að málið eigi erindi við almenning er ávallt best að hafa frumkvæði að því að upplýsa um málavexti. Slíkt stuðlar að trúverðugleika og trausti og gefur færi á að útskýra hvað hefur gerst og hvernig unnið sé að úrbótum.

Þá borgar sig ekki að reyna að fela eða flýja vandann, „flótti“ skaðar viðkomandi fólk og fyrirtæki. Öllum geta orðið á mistök og þegar áföll dynja yfir er ekki öll nótt úti. Viðbrögð við áföllum geta á hinn bóginn skipt höfuðmáli í því hvort orðspor fyrirtækis, samtaka eða stofnana skaðist verulega til skemmri eða lengri tíma eða hvort takist að snúa vörn í sókn með skipulögðum viðbrögðum, heiðarlegum útskýringum og skýrum skilaboðum.

# Þetta gátum við!

**Hin hliðin**

**Guðrún Högnadóttir**
framkvæmdastjóri hjá
Franklin Covey



Þegar miðlar heims nærast á slæmum fréttum og samtöl okkar sækja í hálftóma glasið kann okkur að finnast verkefni dagsins óyfirstíganleg. Hörmungarnar fyrir botni Miðjarðarhafs eru allt í einu orðnar daglegur hluti af evrópskum veruleika; vantrú fjöldans á íslensk stjórnmál birtist ítrekað í könnunum og kjörsókn; að ógleymdri biðinni endalausu eftir sumrinu sem sveik suma. Aftur.

Hvernig eigum við að hafa áhrif á gang mála þegar verkefnin eru þetta yfirþyrmandi? Stöndum við vanmáttug frammi fyrir áskorunum dagsins?

En höfum við virkilega þetta lítil áhrif? Hugsum aðeins til baka.

Vissir þú að á aðeins 45 árum tókst heimsbyggðinni að lengja meðallífaldur úr 48 árum í 66 ár? Þetta tókst okkur með betri lífskjörum, framförum í heilbrigðisfræðum og öðrum lýðheilsufræðilegum verkefnum samkvæmt CDC.

Vissir þú að á aðeins 25 árum tókst okkur að minnka ungbarnadauða um helming eða úr 91 í 41 barn sem deyr fyrir 5 ára afmælið sitt fyrir hver 1.000 sem fæðast. The World Bank metur það svo að við höfum bjargað lífi 48 milljóna barna um heim allan frá aldamótum m.a. með bættum sýkingavörnum, heilbrigðisþjónustu, næringu og aðgangi að hreinu vatni.

Frá 1990 tókst okkur að lækka um helming tíðni alvarlegrar fátæktar. Fyrsta þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna er einmitt að enda birtingarmynd fátæktar alls staðar, enda lifir enn einn af hverjum fimm íbúum í þróunarlöndum af minna en 160 krónum daglega.

Hér heima tókst okkur á nokkrum áratugum að útrýma berklum, draga verulega úr reykingum, minnka svo um munar fordóma gagnvart samkynhneigðum, virða betur framlag beggja kynja, efla menntun, rækta heimsklassa íþróttamenn og tónlistarmenn, færa okkur á methraða frá því að vera algjörlega háð náttúruauðlindum, og stíga öldur efnahags ólgusjós þannig að eftir er tekið. Hverju gætum við áorkað á næstu fimm árum?

Með samstilltu átaki flytjum við fjöll. Og sem betur fer erum við alltaf með auga á næsta fjalli sem við þurfum að klífa saman: umhverfismálin, heimsfriður, útrýma fordómum, tryggja enn meiri jöfnuð og tækifæri fyrir alla.

Lykilatriði í öllum framförum er að læra og upplýsa. Að halda fast í þá mynd af heimi sem við viljum búa í. Einsetjum okkur breytingar góðs. Við berum öll ábyrgð á góðum heimilum, góðum vinnustöðum, góðum heimi.

Og mundu svo að sólin leynist í hjarta þínu.

# STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
## kynnir

# FRANK SINATRA
## 100 ára



Bjarni Arason
Björgvin Halldórsson
Egill Ólafsson
Helgi Björnsson
Friðrik Ómar Hjörleifsson
Jógvan Hansen
Páll Óskar Hjálmtýsson
Pálmi Gunnarsson
Ragnar Bjarnason
Valdimar Guðmundsson
Þór Breiðfjörð

Stjórnandi: Sigurður Flosason

**Eldborg, Hörpu, 23. september kl. 20:00**
**Miðasala: harpa.is**

HARPA
www.harpa.is

MARKAÐURINN
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 127,21 | DKK 19,29 | NOK 15,50 | CHF 131,28 |
| GBP 196,35 | EUR 143,90 | SEK 15,44 | JPY 1,06 |

**FTSE 100**
6.137,60 53,01 (0,87%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 605 milljarðar króna

### Gjaldeyrisforði Seðlabankans lækkaði

Vergur gjaldeyrisforði Seðlabankans nam um 604,5 ma.kr. í lok ágúst og lækkaði um 15,5 ma.kr. milli mánaða. Hreinn gjaldeyrisforði, þ.e. erlendar eignir að frádregnum erlendum skammtíma skuldum, nam um 447,6 ma.kr. í lok ágúst 2015 samanborið við 407,9 ma.kr. í lok júlí. Nettó útgreiðslur gjaldeyriseigna Seðlabankans og ríkissjóðs fyrir næstu 12 mánuði eru áætlaðar um 156,9 ma.kr. miðað við lok ágúst samanborið við 212,1 ma.kr. miðað við lok júlí.

13.09.2015 Þetta er eins og í bókinni sem ég les stundum fyrir dóttur mín, Einar Áskell er að fara að sofa, bara aðeins að gera eitt áður en hann fer að sofa, bara aðeins leika með dótið sitt, svo þarf hann að fá sér eina kexköku, svo ætlar hann aðeins að fara aftur að pissa, o.s.frv. Svo endar bókin á að pabbi hans sofnar inni í eldhúsi, svona finnst mér samtalið í raun og veru vera. *Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra*



## 10,2 milljarðar

### Afkoma hins opinbera neikvæð

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 10,3 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2015. Það er lakari niðurstaða en á sama tíma 2014 þegar afkoman var neikvæð um 3,1 milljarð króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 4,8% af tekjum hins opinbera. Fyrstu 6 mánuði ársins nam hallinn 17,6 milljörðum eða 4,0% af tekjum tímabilsins. Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu.

## STJÓRNAR-MAÐURINN

### Ormar á gulli

**FRÉTTIR** voru sagðar í vikunni af launatölum þeirra Steinunnar Guðbjartsdóttur og Páls Eiríkssonar í slitastjórn Glitnis. Kom fram að sé sett tímagjald á vinnu þeirra, nemi gjaldið réttum sextíu þúsund krónum á klukkustund sé miðað við átta klukkustunda vinnudag.

**ÞÓKNANIR** til slitastjórnarinnar námu réttum 118 milljónum króna á fyrsta helmingi þessa árs, og höfðu hækkað um rétt tæpar þrjátíu milljónir sé miðað við sama tímabil fyrir ári.

**ÞETTA** er ekki fyrsta greinin sem skrifuð er um óhóflega sjálftöku slitastjórnarfólks. Staðreyndirnar eru hins vegar nægjanlega sturlaðar til að réttlæta endurtekningarnar.

**SKILANEFNDARFÓLK** hefur gjarnan réttlætt kjör sín með tilvísan til kjara sérfræðinga í viðskiptamiðstöðvum á borð við London og New York. Sá samanburður er hins vegar fráleitur enda ólíku saman að jafna.

**SLÍKAR** borgir eru heimsborgir, sem búa að árhundraða langri viðskiptahefð og tilheyrandi sérþekkingu. Þangað safnast saman bestu sérfræðingar á sínu sviði á alþjóðavísu. Verðlag og umgjörð er eftir því. Undirmenn þiggja góð laun fyrir sín störf, leiga á skrifstofuhúsnæði á besta stað í stórborg kostar sitt og svo framvegis. Sérfræðingar þurfa líka að fá vel umbunað af þeirri ástæðu einni að verkum þeirra fylgir mikil fjárhagsleg ábyrgð ef allt fer á versta veg.

**ÞESSU** er hins vegar öðruvísi farið með Steinunni og Pál, með fullri virðingu fyrir þeim. Þau hafa heimilisfesti í ríflega hundrað þúsund manna smáborg og enduðu í sínum störfum af tilviljun einni saman, eða varla telst það sérstök vísbending um hæfni að hafa tekið upp símann þegar leitað var að skiptastjóra haustið 2008. Af fréttum að dæma hafa þau líka krafist þess að verða firrt allri ábyrgð á því sem aflaga kann að hafa farið við skiptin að nauðasamningum loknum.

**ÞVÍ** er ljóst að stórborgartekjur þrotaparsins er ekki hægt að réttlæta með sérstakri færni þeirra, undirliggjandi kostnaði eða því að þau taki á sig fjárhagslega áhættu eða ábyrgð ef illa fer við skiptin.

**ÞAU** Steinunn og Páll eru holdgervingar þeirra sem duttu í lukkupottinn á haustdögum 2008 og hafa síðan legið eins og ormar á gulli. Þetta fólk hefur þann hag einan að draga skipti á þrotabúum bankanna á langinn út í hið óendanlega, og gera smámál að stórum úrlausnarefnum.

**ÞAÐ** kristallast í þeirri staðreynd að skiptum á búi Lehman Brothers lauk í mars 2012. Skiptin á Glitni og öðrum íslenskum bönkum standa enn.



## Húsaviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?

IÐNAÐARMENN

Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.

Tímavinna eða tilboð.

Sími 544-4444 / 777-3600

www.jáiðnaðarmenn.is

**MÁLUN, PARKETLEGGJUN OG FLÍSALEGGJUN.**

**TILBOÐ EÐA TÍMAVINNA.**

Sími: 8935517 / 5658170

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**

**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



Kama Sutra spil. 1.990,-kr

EROS erotic store

www.eros.is

Lágmúli 7

# HEILSA

## Nudd

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**NORSKA - ICELANDIC - ENGLISH - ENSKA**

NORSKA I , II & NORSKA f. Heilbrigðisgeira, ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. ENSKA f. Fullorðna Byrja/Start: 21/9, 19/10, 16/11, 18/1. 4 vikur/5 x í viku - 4 weeks/5 days a week. Kennsla m/ móðurmálstækni - kr 45.000,- www. iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 557 1155/8981175.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**

129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**

Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

**AUÐBREKKA - HERBERGI TIL LEIGU**

Vinnuherbergi/skrifstofur til leigu í Auðbrekku. 15-19 fermetrar. S. 897 9743

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslupláss f. tjaldvagna fellihýsi hjól húsbíla, nokkur stæði laus. s:7700333

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEITUM EFTIR DUGMIKLUM STARFSKRÖFTUM Á HJÓLBARÐASTÖÐVAR DEKKJAHALLARINNAR Á AKUREYRI OG Í REYKJAVÍK.**

18 ára aldurstakmark.

Umsóknareyðublöð á dekkjahollin.is eða thorgeir@dekkjahollin.is

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT - KORNIÐ

Bakaríið Kornið leitar að duglegum einstaklingum í afgreiðslu sem hefur gaman af að vera í kringum fólk og hefur mikla þjónustulund. Áhugasamir sendi umsókn á tölvupóstinn umsokn@kornid.is

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga eða 06:30 - 13:00. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**BÓKHALDSSTOFU VANTAR**

Vanan starfsmann í 50-100% starf við uppgjör á fyrirtækjum, gerð skattframtala og bókhald.

**Upplýsingar í síma 692 6910 og hsebokhald@hsebokhald.is**

Castello PIZZERIA

**CASTELLO PIZZERIA**

óskar eftir starfsfólki í hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 692 3051

Starfmenn vantar á hjólbarðaverkstæði Sólningar í Kópavogi. Uppl. í s. 544 5012 eða aegir@solning.is

Óskum eftir vönum dekkjamanni á hjólbarðaverkstæði. Umsóknir á staðnum eða í síma 568-3080 Barðinn Skútuvogi 2

Laghentur trésmiður óskast til starfa. Uppl. í s. 770 0970

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Pólskur smiður vantar vinnu, talar reiprennandi ensku. Hefur mikla reynslu. Uppl. í s. 695 0368

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri

Stefnumót: 905-2000 • 535-9920

Konur, allt frítt í s. 555-4321

Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Símaðömur • live spjall

908-6000 • 535-9999

Karlmaður vill flengja stráka. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln. nr 8339

Karlmaður leitar ákaflega kynna náinna kynna við karlmann. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln. nr 8517.

Heitur karl vill hitta ákaflega heitan karl. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln.nr 8862

Karlmaður vill hitta karlmann með nánið sambandi í huga. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln.nr 8378

**SKYNDIKYNNI? SÍMASEX?**

RauðaTorgið.is

## tilkynningar

### Aðalfundur Vinafélags Íslensku óperunnar

Stjórn Vinafélags Íslensku óperunnar boðar til aðalfundar félagsins 2015. Fundurinn verður haldinn í Kaldalóni í Hörpu fimmtudaginn ***24. september nk. kl. 16:00.*** Rétt til setu á aðalfundinum eiga allir félagar í Vinafélagi Íslensku óperunnar. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Auk þess verður óperusýning haustsins Rakarinn frá Sevilla kynnt og flutt tónlistaratriði úr óperunni.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Capacent Ráðningar

Okkar markmið er að leiða saman einstaklinga og fyrirtæki svo úr verði árangursríkt og metnaðarfullt samstarf. Við leggjum því ríka áherslu á að kynnast vel þörfum viðskiptavina okkar og umsækjenda.

Byggt á áralangri reynslu höfum við þróað faglegar aðferðir við mat og val á milli umsækjenda til að finna rétta einstaklinginn í starfið. Starfsfólk Capacent býr yfir mikilli þekkingu á notkun matstækja og valaðferða í ráðningarferli og til notkunar við starfsþróun innan fyrirtækja.

**Umsækjendur og atvinnurekendur**
**- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

## atvinna

### BEITNINGARFÓLK ÓSKAST

Stakkavík ehf. óskar eftir að ráða vant fólk í beitningar á starfsstöðvar sínar í **Grindavík** og **Sandgerði.**

*Húsnæði og mikil vinna í boði!*

**Upplýsingar gefur:**
Hermann Ólafsson
893-8887

### Húsvörður – Staðarhaldari

Húsfélagið að Löngulínu 2 í Garðabæ vill ráða húsvörð - staðarhaldara í hlutastarf (30-35%) auk nokkurra aukaverka eftir samkomulagi.
Verkefni staðarhaldara eru almenn þrif á sameign, umhirða um lóð, bílastæði og bílageymslu auk minniháttar viðhalds og endurbóta.
Staðarhaldari þarf að vera laghentur og útsjónarsamur og hafa auga fyrir því sem betur má fara. Í húsinu eru 48 íbúðir í þremur stigagöngum ásamt bílageymslu.
Skriflegar umsóknir berist:
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is **Umsóknarfrestur er til og með 23. september 2015.**

### SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

## tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2015, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. september 2015 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2015, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 16. september 2015***

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

## fasteignir

### FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Miðvangur 2 - Hafnarfirði. 6-7 herbergja endaíbúð.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög falleg 156,4 fm. 6-7 herbergja endaíbúð á 2. hæð með frábæru útsýni í nýlega viðgerðu og klæddu fjölbýlishúsi við Miðvang í Hafnarfirði. Íbúðinni fylgir til viðbótar um 50 fm. gluggalaust rými í kjallara með fullri lofthæð. Samtals um 206,0 fm. í heildina. Stórt eldhús með miklum innréttingum. Samliggjandi stofur og 4 herbergi. Skjólsælar svalir til suðurs. **Verð 37,9 millj.**
**Staðsetning er afar góð við opið svæði og örstutt frá skólum og annarri þjónustu. Íbúð merkt 0201. Verið velkomin.**






Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi og nemi til löggildingar fasteignasala
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Skrifstofuhúsnæði á besta stað í miðbænum
Um er að ræða tvær hæðir og ris samtals 240 fm
Möguleiki að leigja húsið út í tvennu lagi
Húsnæðið er nýlega uppgert á vandaðan máta

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

### BORGIR FASTEIGNASALA

**LINNETSSTÍGUR 2 - HAFNARFIRÐI**




**OPIÐ HÚS í DAG MIÐVIKUDAG KL. 17.30 TIL 18.00**
**Borgir s. 588-2030 kynna : Opið Hús - íbúð 302:** Flott þriggja herbergja ca 100 fm íbúð á þriðju hæð í miðbænum á horni Strandgötu og Linnetsstígs. Sér inngangur af svölum. Bílskýli – lyfta frá bílakjallara. Þvottahús og geymsla innan íbúðar og einnig geymsla innaf bílastæði. Horft af suður svölum yfir Thorsplanið sem er miðtorg Hafnarfjarðar. Komið og skoðið fallega eign á sérstökum stað.
**Sölumaður Borga á staðnum s. 896-8030.**

Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030 • borgir@borgir.is
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

ráðum atvinnustofa

Er verið að leita að þér?

radum.is


20-50% afsláttur
af völdum vörum!
FYRIRMYNDAR-FYRIRTÆKI KRINGLUNNAR
2015
HAUST-
SPRENGJA!
Frábær tilboð dagana 16-20. september
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
GOLLA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXL
BOLUR
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
GOLLA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
St. 36-56
PEYSA
ÁÐUR 8.990
NÚ 6.990
St. S-XXL
PILS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
BUXUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXL
TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
St. S-XXL
LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. 36-56
Blúndu
TOPPUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
St. 42-56
KJÓLL
ÁÐUR 10.990
NÚ 6.990
St. S-XXL
PILS
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
St. S-XXXL
LEGGINGS
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. S-XL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
St. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



Elskulegur sambýlismaður minn, sonur, bróðir, mágur og frændi,

**Eiríkur Þór Helgason**
Móabarði 16, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 6. september sl.
Útför Eiríks fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 21. september nk. kl. 13.00.

**Cecilia Nfono Mba**
**Helgi Hermann Eiríksson**
**Halldóra Kristín Helgadóttir** **Samúel Guðmundsson**
**Ívar Örn Helgason** **Dýrleif Júlía Guðlaugsdóttir**
**frændur og frænkur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Soffía Ingibjörg Kristbjörnsdóttir**
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði,

lést á Landakotsspítala mánudaginn 7. september sl. Útförin fer fram föstudaginn 18. september kl. 13 frá Hafnarfjarðarkirkju.

**Pétur Ó. Stephensen** **Sigríður Sigurðardóttir**
**Ólafur Ó. Stephensen** **Sigurbjörg Jóhannesdóttir**
**Guðrún Stephensen**
**Halla Þ. Stephensen** **Sævar Magnússon**
**Steinar Ó. Stephensen** **Sigrún Lóa Sigurgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku maðurinn minn, pabbi, tengdapabbi og afi,

**Gunnar Ingiberg Guðmundsson**
Boðaþingi 22,
áður Nýbýlavegi 104, Kópavogi,
lést 10. september.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 18. september kl. 13.

**Halldóra Hallfreðsdóttir**
**Díana D. Ólafsdóttir** **Guðmundur K. Reynisson**
**Heimir Logi Gunnarsson**
**Guðlaug H. Gunnarsdóttir** **Guðmundur T. Ólafsson**
**og afabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Haraldsson**
Yrsufelli 22 ,
fæddur 8. desember 1933,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum þann 11. september.
Útför hans fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. september kl. 15.

**Elísabet Ólafsdóttir**
**Haraldur Haraldsson** **Wilailux Lumpha**
**Hafdís Haraldsdóttir** **Helgi Sigurjónsson**
**Brynja Ásta Haraldsdóttir** **Magnús Ingimundarson**
**barnabörn, fjölskyldur þeirra og langafabörn.**



Okkar ástkæri

**Óskar Örn Garðarsson**
Fredrikstad, Noregi,
lést af slysförum í Noregi þann 4. september sl.
Minningarathöfn verður í Fredrikstad fimmtudaginn 17. september.
Útförin á Íslandi verður auglýst síðar.

**Harpa Norðdahl Arnardóttir**
**Sigrún E. Óskarsdóttir** **Diðrik Ö. Gunnarsson**
**Inga Óskarsdóttir**
**Sigrún Óskarsdóttir**
**Garðar Karlsson** **Guðrún Jóhannsdóttir**
**Karl Garðarsson**
**Sigríður A. Garðarsdóttir** **Þórarinn Guðjónsson**
**Berglind Ó. Björnsdóttir** **Jóhannes P. Gunnarsson**
**Birgir Ö. Birgisson** **Svanhildur K. Júlíusdóttir**
**Sóley Birgisdóttir** **Gunnar Friðriksson**



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og kærleika við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Jónínu Lilju Jóhannsdóttur**

sem lést þann 1. september á heimili sínu. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristján Kristjánsson**
**Elísabet Rósa Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**Vals Páls Þórðarsonar**
Starfsfólki á gjörgæsludeild og deild A7 á Landspítalanum í Fossvogi er þökkuð umhyggjusemi og hlýja.

**Erla Þórðardóttir**
**Jónína Valsdóttir**
**Kristín Valsdóttir** **Eiríkur Hjálmarsson**
**Snorri Valsson** **Jóhanna Rútsdóttir**
**Eyrún Valsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg föðursystir okkar og mágkona,

**Anna Halla Friðriksdóttir**
frá Svaðastöðum,
Fellstúni 19, Sauðárkróki,
verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 19. september kl. 14.

**Ásta Pálmadóttir** **Þór Jónsson**
**Ásmundur Pálmason** **Rita Didriksen**
**Friðrik Pálmason** **Hlíf Sumarrós Hreinsdóttir**
**Svala Jónsdóttir** **Gunnlaugur Steingrímsson**



Elskaður eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Einar Arnór Eyjólfsson**
flugvirki

lést 5. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. september kl. 13.

**Sigrún Ása Sigmarsdóttir**
**Einhildur Guðrún Einarsdóttir**
**Eva Mjöll Einarsdóttir** **Gunnar Skúlason Kaldal**
**Ásta María Einarsdóttir** **Guðmundur Steindórsson**
**Elías Bjartur Einarsson** **Ragnhildur H. Hannesdóttir**
**Arnar Vilhelm, Hrafn Ingi, Sigmar Kári, Elín Anna, Birkir Logi og Bjarki Steinar**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Geirsdóttir**
frá Hallanda, Hraungerðishreppi,
Garðatorgi 7, Garðabæ,

lést fimmtudaginn 10. september á Landspítalanum í Fossvogi.
Hún verður jarðsungin frá Vídalínskirkju föstudaginn 18. september kl. 13.

**Ingimar Örn Ingimarsson** **Ella Kristín Karlsdóttir**
**Geir Ingimarsson** **Una Hannesdóttir**
**Auður Ingimarsdóttir** **Ómar Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Erna stofnaði Ljósið árið 2005 og hefur margt gerst síðan þá og starfsemin aukist mikið. Því verður fagnað í kvöld með tónleikum í Háskólabíói.** Fréttablaðið/Anton

# Fagna tíu ára afmæli Ljóssins

**Styrktartónleikar verða haldnir í kvöld til þess að fagna tíu ára afmæli Ljóssins. Ljósalagið verður frumflutt en það var samið fyrir tilstilli Sigurðar Hallvarðssonar heitins.**

„Við höldum tónleikana til þess að gleðjast saman og líka til þess að vekja athygli á því góða starfi sem fram fer í Ljósinu," segir Erna Magnúsdóttir stofnandi Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir fólk sem fengið hefur krabbamein og aðstandendur þeirra.

Í kvöld fara fram afmælis- og styrktartónleikar í Háskólabíói í tilefni tíu ára afmæli Ljóssins „Við erum líka að fagna því að við höfum náð því að verða tíu ára. Þetta hefur kostað mikla vinnu, við söfnum tugum milljóna á ári til þess að reka starfsemina," segir Erna en ríkið styrkir Ljósið um helming þess sem það kostar að reka það. Fyrir hinum helmingnum er safnað en um 1.000 manns nýttu sér starfsemi Ljóssins í fyrra. Þar fer fram öflugt endurhæfingarstarf, bæði andlegt og líkamlegt.

Á tónleikunum koma fram fjölmargir listamenn sem gefa allir vinnu sína, meðal annars Jón Jónsson, María Ólafsdóttir, Friðrik Dór, Ragnheiður Gröndal, Sigríður Thorlacius, Baggalútur, Lay Low, Glowie, Sigríður Eyrún og Jón Ólafsson en Sólmundur Hólm er kynnir. Þeir tveir síðastnefndu sömdu einnig Ljósalagið svokallaða sem verður frumflutt á tónleikunum. „Það var hinsta ósk Sigurðar Hallvarðssonar heitins fyrir Ljósið að það yrði samið Ljósalag," segir Erna en Sigurður lést í júlí í fyrra eftir baráttu við krabbamein. „Tveir vinir hans tóku það að sér. Jón samdi lagið og Sóli samdi textann. Lagið heitir Leitaðu í ljósið og verður frumflutt á tónleikunum. Karl Olgeirsson sá um að útsetja lagið og Sigga Eyrún syngur það ásamt skólakór Kársnesskóla," segir Erna.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast klukkan 20. Miðasala fer fram á Ljosid.is og við inngang. „Við ákváðum að stilla miðaverði í hóf því við vitum að það er dýrt að veikjast en við viljum að allir geti komið og glaðst saman."

**viktoria@frettabladid.is**



Móðir okkar,

**Rannveig I. E. Löve**

er látin.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigrún Löve**
**Leó Löve**

# STYRKTARTÓNLEIKAR PARKINSONSAMTAKANNA

## Á MORGUN KL. 20.00 Í GAMLA BÍÓI

**MARGAR AF OKKAR SKÆRUSTU STJÖRNUM Í TÓNLISTARHEIMINUM FLYTJA LÖG EFTIR HELGA JÚLÍUS ÓSKARSSON OG FLEIRI**

**KYNNIR KVÖLDSINS ER GUÐMUNDUR PÁLSSON BAGGALÚTUR**

**AMIT PAUL • ÁRNÝ ÁRNADÓTTIR • EYÞÓR INGI • GUNNAR BIRGISSON**
**HAUKUR HEIÐAR • HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR • MAGNI ÁSGEIRSSON**
**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL • STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR • SVAVAR KNÚTUR**
**VALDIMAR GUÐMUNDSSON • OCTETTINN EINN TVÖFALDUR**

DAVÍÐ SIGURGEIRSSON • DAÐI BIRGISSON • INGI BJÖRN INGASON
KRISTINN SNÆR • ÓMAR GUÐJÓNSSON

MIÐASALA Á **MIDI.IS** OG VIÐ INNGANGINN • MIÐAVERÐ 3.990 KR

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur



Litlar breytingar verða á veðri. Þó fer heldur að draga úr vindi í kvöld. Úrkoman verður að sama skapi bundin við norður- og austurhluta landsins, en þokkalega sólríkt ætti að vera í öðrum landshlutum. Hiti að 15 stigum syðra að deginum, en annars mun svalara.




## Þrautir

### Krossgáta

**Lárétt**
2. ofsi
6. hæð
8. fyrirboði
9. hylur
11. klaki
12. nær öll
14. drykkjarílát
16. málmur
17. árkvíslir
18. form
20. á fæti
21. lokaorð

**Lóðrétt**
1. helminguð
3. í röð
4. sjúkrahús
5. loka
7. blóm
10. neitun
13. hallandi
15. djamm
16. tunna
19. drykkur.



**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** ás, **8.** spá, **9.** lón, **11.** ís, **12.** flest, **14.** bikar, **16.** ál, **17.** ála, **18.** mót, **20.** il, **21.** amen.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** rs, **4.** spítali, **5.** lás, **7.** sólblóm, **10.** nei, **13.** ská, **15.** rall, **16.** áma, **19.** te.

Ding Liren (2.782) hafði hvítt gegn Inarkiev (2.660) á Heimsbikarmótinu í skák í Bakú.



**Hvítur á leik**
**30. Bc2!! Dxc2 31. Rd3!** (Gríðarlega flott línurof) 31.... Kg8 (31.... Dxd3 er skömminni skárra) **32. Dxh7+ Kf7 33. Re5+ Ke6 34. Dxc2** og hvítur vann skömmu síðar.

**www.skak.is:** Viltu vera sjálfboðaliði á EM?






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 1 | 2 | | 7 | | 8 |
| | | | 6 | | 7 | | 4 | |
| | | 5 | | 8 | 9 | | 2 | 6 |
| | 9 | | | | | | | |
| 7 | 8 | 6 | | | | 5 | | |
| 5 | | 3 | | | 4 | | 9 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | 3 | | |
| | | 9 | | | 3 | | | |
| 1 | 3 | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 7 | | | |
| 6 | 7 | | | | | | 5 | |
| 9 | | | 1 | | 5 | | 6 | |
| 3 | 6 | 2 | | 7 | | 5 | | |
| | | | 9 | 6 | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| | | | | | | | | 5 |
| | 1 | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | 5 | 6 | 3 | 1 | | 8 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 8 | | 4 | | 2 | |
| | | 8 | | | 5 | 6 | | |
| 5 | | 9 | | 1 | | | 3 | 4 |
| | | 7 | | | | | | 3 |
| | | | 9 | 8 | | | 5 | |
| | 1 | | | | | | | 2 |
| 3 | | | | 6 | | 1 | | |
| | | 6 | 2 | 4 | 1 | | | |
| 8 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Ekki gleyma að láta skoða ferðavagninn!

Hafi vagninn ekki verið skoðaður fyrir 30. september næstkomandi leggst á hann vanrækslugjald hins opinbera.






**FRÍTT** WI-FI, LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.




ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**Bifreiðaskoðanir - allar tegundir ökutækja**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*




SÉRHANNAÐIR HEILSUKODDAR

Hentar þeim sem sofa á hlið

TEMPUR® ORIGINAL HEILSUKODDINN

Þessum mælum við sterklega með fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda vegna líkamlegra ástæðna. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins til að styðja við mænu og hrygg til að veita þér fullkomna næturhvíld.

Verð kr. 18.900

CLASSIC COMFORT KODDAR

Hentar nær öllum svefnstellingum

EXTRA MJÚKUR

TEMPUR® CLOUD COMFORT HEILSUKODDINN

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr TEMPUR® ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem TEMPUR® er þekkt fyrir, en mýktina líka.

Verð kr. 24.875

Hentar nær öllum svefnstellingum

FÁANLEGUR MJÚKUR, MEDIUM OG STÍFUR

TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. Fáanlegur mjúkur, medium og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Verð kr. 19.900

www.betrabak.is

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 | Opið virka daga frá kl. 10-18 & Laugard. frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 | Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 |

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Hof hefur reynst mikil lyftistöng fyrir menningarlífið á Akureyri sem var þó blómlegt fyrir. Fréttablaðið/Pjetur

# Hér er áhuginn á listum og menningu svo mikill að við verðum að standa okkur

## Menningarfélag Akureyrar kynnti fyrir skömmu sína fyrstu fullmótuðu vetrardagskrá og þar er af mörgu að taka.

Menningarfélag Akureyrar stendur fyrir kröftugri starfsemi í vetur en þrátt fyrir að byggja á áralangri reynslu er hér á ferðinni fyrsta heila starfsárið sem er mótað að fullu innan félagsins. Gunnar Ingi Gunnsteinsson er framkvæmdastjóri MAK og hann er spenntur fyrir líflegum og menningarlegum vetri á Akureyri.

„Að fullmynda Menningarfélag Akureyrar var ákveðið sameiningarferli í tvö ár en það var svo undirritað fyrir um ári. Menningarfélagið tók svo formlega til starfa þann 1. janúar síðastliðinn. Þannig að við erum í raun algjörlega ný af nálinni og erum í fyrsta skipti að skipuleggja heilan vetur með þrjú menningarsvið undir einum hatti. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Leikfélag Akureyrar og viðburðasvið Hofs mynda þessi þrjú svið Menningarfélagsins og þarna er á ferðinni mikil og kröftug starfsemi. En þegar við byrjuðum að vinna um áramótin þá vorum við auðvitað að erfa dagskrá sem var fullunnin. Við notuðum tækifærið til þess að læra inn á hvernig þessar þrjár lista- og menningarstofnanir virka og vinnum svo okkar dagskrá út frá því og út frá þeirri reynslu sem var til staðar. Það er dagskráin sem við kynntum núna nýverið og þar kennir svo sannarlega margra og ólíkra grasa svo vonandi munu allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og vel það.

Menningarfélagið virkar þannig að það eru stjórnendur yfir hverju og einu sviði og síðan er stjórn og framkvæmdastjóri yfir öllu. Hver og einn sviðsstjóri sér um sitt svið og vissulega er þetta öðruvísi uppbyggt en hjá nokkurri annarri menningarstofnun á Íslandi. Ég sem framkvæmdastjóri ber svo bæði rekstrarlega og líka listræna ábyrgð þegar upp er staðið en hver og einn sviðsstjóri hefur vissulega frjálsar hendur með að marka sína stefnu. Breytingin felst í því að það fellur líka ábyrgð á sviðsstjórana að halda utan um sitt svið en svo er það mitt að samþætta þetta þrennt. Okkur er uppálagt að minnka yfirbyggingu og auka framleiðslu og erum auðvitað að láta þessa peninga sem við fáum frá ríki og bæ nýtast betur. Við erum að framleiða tuttugu stykki þennan veturinn sem er rosalega mikið – tónleikar, leiksýningar og alls konar viðburðir á borð við ráðstefnur og fyrirlestra sem viðburðasviðið stendur fyrir og er með í Hofi. Málið með viðburðasviðið er að það stendur líka fyrir tónleikum og öðrum slíkum viðburðum sem eru í sjálfu sér í samkeppni við hin sviðin tvö en það gerir þeim bara gott og heldur öllum á tánum.“

Gunnar segir að þessi nálgun, að færa sviðin svona saman, sé að koma vel út en að grunnurinn að starfinu sé auðvitað í höndunum á þeim sem sækja viðburðina. „Við erum svo heppin að þetta samfélag hérna er ákaflega duglegt að mæta. Við höfum lagt vel í og verið með mikið af viðburðum og fólk virðist einfaldlega hafa gríðarlegan áhuga á listum og menningu hérna á Akureyri, þannig að það hefur gengið mjög vel. Auðvitað eru ýmsir snertifletir sem við þurfum að hreinsa og finna bestu leiðina að en við lítum fyrst og fremst á það sem tækifæri. Núna hefur leiklistarsviðið t.d. aðgang að 500 manna sal í Hofi í staðinn fyrir aðeins 200 manna salinn í gamla samkomuhúsinu og það þýðir að það er hægt að gera stærri sýningar.

Eftir áramót erum við að fara að setja á svið í Hofi risastóran barnasöngleik með hljómsveit í gryfju af því að Sinfóníuhljómsveitin leggur í púkkið. Þetta er í raun fyrsta stóra samvinnuverkefnið þar sem öll starfssviðin þrjú koma saman og við ákváðum að það yrði fjölskyldusýning. Skemmtun sem höfðaði til breiðs hóps þannig að sem flestir gætu notið þess að koma til okkar og það hefur ekki verið neitt mjög mikið um þannig viðburði á síðustu árum og við erum að leitast við að mæta slíkri þörf á Norðurlandi.

En það á margt skemmtilegt eftir að koma fyrir augu og eyru fólks hér fyrir norðan áður en kemur að þessari sýningu. Þar má nefna að á föstudaginn verður frumsýning á Býr Íslendingur hér hjá Leikfélagi Akureyrar og í október standa fyrir dyrum magnaðir stórtónleikar hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Dimmu og svo mætti áfram telja. Stóra málið er að við viljum gera vel við okkar fólk vegna þess að það er duglegt að mæta og þannig getur starfsemin haldið áfram að vaxa og dafna.“



Gunnar Ingi Gunnsteinsson, framkvæmdastjóri MAK.

> **ÞETTA ER Í RAUN FYRSTA STÓRA SAMVINNUVERKEFNIÐ ÞAR SEM ÖLL STARFSSVIÐIN ÞRJÚ KOMA SAMAN OG VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ ÞAÐ YRÐI FJÖLSKYLDUSÝNING.**

magnus@frettabladid.is

# VERTU **NÆS**

Rauði krossinn hvetur einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og samtök að taka áskorun **Vertu næs**



## Farðu inn á **vertunæs.is** - Taktu þátt og skoraðu á aðra að gera það sama

Við hvetjum þig til að koma fram við aðra af virðingu. Uppruni, litaraft og trúarbrögð eiga ekki að skipta máli.

**ALLIR EIGA AÐ NJÓTA MANNRÉTTINDA**

Þú getur haft áhrif á samfélagið okkar. Margt smátt gerir eitt stórt og saman getum við haft veruleg áhrif.

**Rauði krossinn**

**VERTU NÆS**

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| KNOCK KNOCK VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 - 10:30 |
| SELF/LESS | KL. 8 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 10:30 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 |
| VACATION | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| SELF/LESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LOVE & MERCY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 |
| ANT-MAN 2D | KL. 10:45 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 8 - 10:10 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 |
| MAZE RUNNER: SCORCH TRIALS | KL. 10:30 |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MAZE RUNNER | 6, 9 |
| NO ESCAPE | 8, 10 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 10:15 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 16. SEPTEMBER 2015

### Náttúrulíf

**Hvað?** Fuglaskoðun við Bakkatjörn
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bakkatjörn
Fuglavernd verður með fuglaskoðun við Bakkatjörn á Seltjarnarnesi í tilefni Dags íslenskrar náttúru. Til stendur að skoða endur, gæsir og máfa og líklega einhverja vaðfugla. Mælt er með að taka með sér fuglabók og sjónauka en að auki verður stór fuglasjónauki með í för. Elma Rún Benediktsdóttir fuglaskoðari með meiru mun leiðbeina við fuglaskoðunina.

### Heimspeki

**Hvað?** Heimspekikaffi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Heimspekikaffi með Gunnari Hersveini. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis. Á fyrsta Heimspekikaffi haustsins fær Gunnar Hersveinn til sín Þórodd Bjarnason myndlistarmann. Gunnar, sem er rithöfundur og heimspekingur, tekst á við leitina að svari í mannheimum á Heimspekikaffi og Þóroddur skoðar málið m.a. út frá spurningunni um hvort hægt sé að fullgera lífið eða hvort það sé ævinlega ógert og ósvarað. Heimspekikaffið í Gerðubergi hefur verið vinsælt undanfarin misseri, en þar er fjallað á mannamáli um mikilvæg efni og gestir taka virkan þátt í umræðum.

### Tónleikar

**Hvað?** 10 ára afmælistónleikar Ljóssins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólabíó
10 ára afmælis og styrktartónleikar. Frábærir listamenn stíga á svið, eins og Friðrik Dór, Jón Jónsson, Lay Low, Ragga Gröndal, Glowie, María Ólafs, Sigríður Thorlacius, Kristjana Stefáns og Baggalútur. Sigga Eyrún flytur ásamt skólakór Kársness nýtt lag, Leitaðu í Ljósið, sem var samið sértaklega fyrir samtökin. Miðar aðeins á 3.500. Sjá allt um tónleikana á www.ljosid.is.

**Hvað?** Borko
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Borko flutti nýverið til Reykjavíkur eftir þriggja ára útlegð á Drangsnesi á Ströndum og treður upp ásamt hljómsveit. Þetta eru fyrstu tónleikar Borko í höfuðborginni síðan í lok árs 2013 og má því búast við mikilli flugeldasýningu. Ný lög verða flutt í bland við sígilda smelli af plötunum Celebrating Life og Born to Be Free. Markús and the Diversion Sessions spila á undan en sú sveit hefur líka legið í dvala í nokkurn tíma enda liðsmenn verið búsettir víða um lönd. Miðaverð er 1.500 kr.

**Hvað?** Steampunk tónlistartilraunir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn
Gestir klæða sig upp í sitt fínasta púss, einhverjir ætla að vera með smá tónlistartilraunir og allir ætla að skemmta sér vel. Það kostar 500 krónur inn.

### Málstofur

**Hvað?** Réttindabarátta fyrir fólk á flótta
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Rauði Krossinn, Efstaleiti 9
Nú er rúmt ár liðið frá því að Rauði krossinn á Íslandi tók að sér réttargæslu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem hingað til hafa verið kallaðir hælisleitendur. Í dag verður haldinn fræðslufundur þar sem starfsfólk hælisteymisins fer yfir starfið og situr fyrir svörum. Haldin verða tvö erindi. Annars vegar um réttindabaráttu fyrir fólk á flótta og hins vegar um baráttuna við aðgerðaleysið. Allir velkomnir.

**Hvað?** Hvort vel ég verðtryggt eða óverðtryggt lán í dag?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslandsbanki Granda, Fiskislóð 10
Íslandsbanki stendur fyrir fræðslufundi í útibúinu úti á Granda. Markmið fundarins er að fá svör við spurningum á borð við hvaða áhrif hækkandi stýrivextir á lánið, er skynsamlegt að endurfjármagna núna, hvort er betra að hafa fasta eða breytilega vexti. Haukur Skúlason og Finnur Bogi Hannesson halda erindi. Fundurinn er ókeypis og öllum opinn. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

### Uppistand

**Hvað?** Goldengang Stand-up
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Goldengang er hópur af athyglissjúkum uppistöndurum sem hafa haldið uppistandskvöld í Reykjavík. Þeir hafa verið starfandi frá því í júní. Fram koma Gísli Jóhann, Greipur Hjaltason, Sigurður Anton og Ólafur Freys. Viðburðurinn verður bæði á íslensku og ensku. Frítt inn og allir velkomnir.

### Hugleiðsla

**Hvað?** Hugleiðsla okkar tíma
**Hvenær?** 19.20
**Hvar?** Dansverkstæðið, Skúlagötu 30
Kraftmikil og djúp hugleiðsla sem er á miðvikudögum og í þetta sinn undir stjórn Tristan Gibbin. Styrkur þessarar hugleiðslu er hve vel hún hentar fólki í stressi sem við búum við í nútíma samfélagi. Nútíma hugleiðsla skiptist í fjóra kafla. Fyrsti hlutinn snýst um að opna hugann og tilfinningarnar, í öðrum verður fundin djúp ró á náttúrulegan hátt. Í þeim þriðja er einblínt á að hugsa og tengjast innsæinu. Fjórði kaflinn snýr að því að framkvæma til að þær upplýsingar eða uppgötvanir sem finnast í hugleiðslunni nýtist í lífinu. Margvísleg tónlist er notuð. Það kostar 2.000 kr. inn.



**Sara Pétursdóttir, eða Glowie, er ein af þeim sem koma fram á styrktartónleikum Ljóssins í kvöld í Háskólabíói.**



**Borko snýr til höfuðborgarinnar eftir þriggja ára útlegð á Drangsnesi.**


FUDGE
Mættu og taktu númer
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Verður þú Íslandsmeistari í Ökuleikni?

Laugardagur 19. september
Ökuleikni á rútum kl. 11:30
Ökuleikni á trukkum kl. 14

Sunnudagur 20. september
Opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni á fólksbílum kl. 13.

Meirapróf er skilyrði fyrir þátttöku.

Keppnirnar fara fram á svæði Ökuskóla 3 við Borgartún í Reykjavík. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

ÖKULEIKNI 2015
Brautin - bindindisfélag ökumanna

MIÐVIKUDAGUR 16. SEPTEMBER

**Í tilefni af 10 ára afmæli Ljóssins**

# -13 kr.

## afsláttur á Orkunni og Shell

Í dag, **16. september**, er **Ofurdagur Ljóssins** og viðskiptavinir fá **13 kr. afslátt** á Orkunni og Shell með kortum/lyklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

# +2 kr.

Auk þess renna **2 kr.** af hverjum seldum eldsneytislítra hjá Orkunni og Shell í dag til **Ljóssins** óháð greiðslumáta.




Ljósið er endurhæfingar– og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra. Líttu inn á **www.orkan.is**, skráðu þig fyrir lykli og byrjaðu að safna fyrir Ljósið um leið og þú fyllir á bílinn. Það er ofureinfalt!

Athugið að 13 kr. afslátturinn bætist ekki við aðra afslætti.

ORKAN



20:10
**LÝÐVELDIÐ**
Ferskur íslenskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum til dæmis um stefnumótamenningu landans og tilhugalíf.


FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365


20:35
**COVERT AFFAIRS**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



21:15
**MISTRESSES**
Bráðskemmtilegir bandarískir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið.




22:00
**RITA**
Rita er miðaldra kennari sem fer ótroðnar slóðir og er vinsæl meðal nemendanna því hún hagar sér sjálf eins og krakki.




22:00
**LINCOLN**
Stórbrotin mynd sem gerist í forsetatíð Abrahams Lincoln og segir frá baráttu hans um afnám þrælahalds.



21:00
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



Krakkastöðin | 07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** Big Time Rush
**08.05** The Crazy Ones
**08.30** The Middle
**08.55** Mom & Molly
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Höfðingjar heim að sækja
**11.25** Heimsókn
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.45** Nashville
**14.35** White Collar
**15.20** Restaurant Startup
**16.05** Big Time Rush
**16.30** Up All Night
**16.55** Raising Hope
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
**19.20** Víkingalottó
**19.25** The Middle
**19.50** Mindy Project
**20.15** Lýðveldið Lýðveldið er nýr og ferskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum, til dæmis um stefnumótamenningu landans og tilhugalíf.
**20.40** Covert Affairs
**21.25** Mistresses
**22.10** Rita Þriðja þáttaröð.
**22.55** Major Crimes
**23.45** Real Time With Bill Maher
**00.40** NCIS
**01.25** Tyrant
**02.15** Death Row Stories
**03.00** The Trip
**04.45** Some Velvet Morning
**06.05** The Middle



The Mindy Project 19.50

## SPORT

**08.00** Meistaradeildin
**08.30** Meistaradeildin
**09.00** Meistaradeildin
**09.30** Real Madrid - Shakhtar Donetsk
**11.15** PSG - Malmö
**13.00** Man. City - Juventus
**14.45** Eindhoven - Man. Utd.
**16.30** Meistaradeildin
**17.00** Pepsimörkin 2015
**18.15** Meistaradeildin - Meistaramörkin Bein útsending
**21.30** Chelsea - Maccabi Tel-Aviv
**23.20** Roma - Barcelona
**01.10** Olympiakos - Bayern München

## SPORT 2

**10.00** Messan
**11.15** Sunderland - Tottenham
**12.55** Premier League Review 2015
**13.50** Leicester - Aston Villa
**15.30** Football League Show 2015/16
**16.00** Watford - Swansea
**17.40** Man. Utd. - Liverpool
**19.20** FH - ÍBV
**21.05** Everton - Chelsea
**22.45** Reading - Ipswich
**00.25** Norwich - Bournemouth

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** European Tour 2015
**12.30** Golfing World 2015
**13.20** LPGA Tour 2015
**15.00** PGA Tour 2015
**18.00** Golfing World 2015
**18.50** European Tour 2015
**23.20** Golfing World 2015

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.35** Cristela
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Baby Daddy
**20.10** Legit
**20.30** The Originals
**21.15** The Mysteries of Laura
**22.00** Witches of East End
**22.45** Sirens
**23.05** Supernatural
**23.50** Hart of Dixie
**00.35** Baby Daddy
**00.55** Legit
**01.20** The Originals
**02.00** The Mysteries of Laura
**02.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Tommi og Jenni
**07.55** UKI
**08.00** Brunabílarnir
**08.22** Lukku láki
**08.47** Elías
**09.00** Kalli á þakinu
**09.25** Latibær
**09.47** Stóri og Litli
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Hókus Pókus
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Tommi og Jenni
**11.55** UKI
**12.00** Brunabílarnir
**12.22** Lukku láki
**12.47** Elías
**13.00** Kalli á þakinu
**13.25** Latibær
**13.49** Stóri og Litli
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Hókus Pókus
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Tommi og Jenni
**15.55** UKI
**16.00** Brunabílarnir
**16.22** Lukku láki
**16.47** Elías
**17.00** Kalli á þakinu
**17.25** Latibær
**17.49** Stóri og Litli
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Hókus Pókus
**19.00** Kalli á þakinu



Latibær kl. 09.25

## GULLSTÖÐIN

**17.40** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.35** The New Girl
**19.00** Modern Family
**19.20** How I Met Your Mother
**19.45** Tekinn Í kvöld fáum við að sjá tvo hrekki frá Auddа. Fórnarlömb kvöldsins eru þau Eva María úr Kastljósinu og sjálfur stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson.
**20.15** Beint frá býli
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** Chuck
**22.25** Cold Case
**23.10** Cold Feet
**00.00** Tekinn
**00.25** Beint frá býli
**01.05** Chuck
**01.45** Cold Case
**02.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50** Clear History
**12.30** One Direction. This Is Us
**14.05** Catch Me If You Can
**16.25** Clear History
**18.05** One Direction This Is Us Frábær mynd um strákabandið One Direction sem hefur notið mikilla vinsælda allt frá stofnun og nú fá aðdáendur einstaka innsýn í sögu sveitarinnar og líf strákanna.
**19.40** Catch Me If You Can Dramatísk spennumynd. Frank Abagnale Jr. er slyngur svikahrappur sem itrekað leikur á liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar. Frank vílar ekkert fyrir sér og bregður sér ýmist í gervi flugmanns, læknis, saksóknara eða söguprófessors. Slóð hans liggur um mörg lönd og fölsuðu ávísanirnar hrannast upp. Myndin, sem er sannsöguleg, var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna.
**22.00** Lincoln
**00.30** Being Flynn
**02.10** The Cabin in the Woods
**03.45** Lincoln

## RÚV

**16.20** Serbía - Tékkland
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Landinn
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Tónahlaup
**20.45** Höfuðstöðvarnar
**21.15** Kiljan - Bókmenntahátíð í Reykjavík 2015
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** EM stofa
**22.35** Læknar á stríðshrjáðum svæðum
**23.25** Kóðinn
**00.20** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.05** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Welcome to Sweden
**15.00** Reign
**15.45** Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
**16.15** America's Next Top Model
**17.00** Royal Pains
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Odd Mom Out Bandarískur gamanþáttur sem er lauslega byggður á lífi skáldkonunnar Jill Kargman en hún leikur einmitt aðalhlutverkið.
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Girlfriends' Guide to Divorce
**21.45** Satisfaction Skemmtileg þáttaröð um giftan mann sem virðist lifa hinu fullkomna lífi en undir niðri kraumar óánægjan.
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Madam Secretary
**00.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**01.20** Extant
**02.05** Girlfriends' Guide to Divorce
**02.50** Satisfaction
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

LG
Life's Good

# SNJÖLLU SJÓNVÖRPIN




# SJÓNVARPSTILBOÐ



**LG 49UF695V / 55UF695V**

- 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- 4K HEVC þjöppun (4K 30P, 2K 60P)
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- USB upptökumöguleiki
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og síma- / spjaldtölvu app fylgir

700Hz PMI
**TILBOÐ** 49"
**199.990**
FULLT VERÐ **229.990**

1200Hz PMI
**TILBOÐ** 55"
**249.990**
FULLT VERÐ **299.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG
Life's Good




Capacent Ráðningar
Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**
capacent



**Bergur er annar handritshöfundur myndarinnar og Kristófer mun leikstýra en á myndina va**
Fréttablaðið/GVA

# Eru sáttir með styrkinn

Kristófer Dignus leikstýrir kvikmynd sem byggð er á barnasöngleiknum Horn á höfði og segir hana sannkallaða ævintýramynd.

„Þetta er ævintýramynd í orðsins fyllstu merkingu. Það er gaman að þetta séu ekki bara allt glæpamyndir og ofbeldi í sveitinni," segir Kristófer Dignus sem hlaut nýlega styrk úr kvikmyndasjóði ásamt handritshöfundunum Bergi Þór Ingólfssyni og Guðmundi Brynjólfssyni til þess að gera bíómynd úr barnasöngleiknum Horn á höfði, en þeir Bergur og Guðmundur skrifuðu handritið að söngleiknum.

Söngleikurinn var frumsýndur árið 2009 og hlaut góðar viðtökur og sjálfur hefur Kristófer leikstýrt sjónvarpsþáttunum Fólkið í blokkinni, Drekasvæðið og mun leikstýra næsta áramótaskaupi.

> **MESTA ÁSKORUNIN ER AÐ FINNA KRAKKANA, ÞAÐ VEGUR MEST OG ÞYNGST. ÞAU VERÐA Í ÖLLUM SENUM Í MYNDINNI.**

Hann segir myndina verða sannkallaða ævintýramynd í stíl Harry Potter en með íslensku ívafi enda er handritið byggt á íslenskum fornsögum.

# Sonurinn innblásturinn



Söngkonan Birgitta Haukdal getur núna bætt við sig titlinum barnabókahöfundur þar sem hún gaf út sínar fyrstu bækur á dögunum. Hún segir að gat á barnabókamarkaðinum hafi orðið til þess að hún byrjaði að skrifa sjálf en sonur hennar er helsti innblásturinn.

Sonur Birgittu vildi oft frekar að mamma sín segði honum sögu en að lesa bækur. „Mig langaði svo að hann hefði meira gaman af bókum og reyndi mikið að finna bækur sem voru ekki of barnalegar eða of flóknar. Mér finnst mikilvægt að börnin okkar lesi meira og eigi sér fyrirmyndir sem eru ekki Disney-prinsessur eða ofurhetjur heldur venjulegir krakkar. Þetta eru sögur úr daglegu lífi þar sem venjuleg íslensk stelpa er söguhetjan og hún ásamt bangsanum sínum er alltaf að læra og prófa eitthvað nýtt."



ntar Guðmund sem einnig skrifar handritið.

„Sagan fjallar um unga vini, Björn og Jórunni, sem lenda í hremmingum þegar forn sáttmáli manns við náttúruna er rofinn og það fer í gang atburðarás sem stefnir landi og þjóð í hættu og þau eru eina fólkið sem er með lykilinn að þessari gátu,“ segir Kristófer um söguþráðinn.

„Björn vaknar upp einn morguninn með horn á höfðinu og þau fara að reyna að átta sig á því hvernig hann losnar við þau og þau átta sig á því að þau þurfa að leysa úr þessum náttúrusáttmála,“ segir Kristófer en við það að sáttmálinn er rofinn vakna alls kyns vættir úr dvala og valda talsverðum usla.

Kristófer segir þá félaga að vonum sátta við styrkinn og nú fari önnur vinna á fullt skrið.

„Handritið er komið á fullt, af því að við fengum grænt ljós. Það eru margir sem sækja um og ekki margir sem fá þannig að við erum mjög sáttir,“ segir hann. Eftir er að finna leikara til þess að fara með hlutverk í myndinni.

„Mesta áskorunin er að finna krakkana, það vegur mest og þyngst. Þau verða í öllum senum í myndinni.“ Hann hefur þó reynslu af því að leikstýra krökkum en hann leikstýrði sjónvarpsþáttunum Fólkið í blokkinni og hefur ástríðu fyrir því að búa til vandað efni fyrir yngri kynslóðina. „Ég brenn svolítið fyrir því að gera efni fyrir yngstu kynslóðina og sinna henni.“

**gydaloa@frettabladid.is**

Þetta er í fyrsta sinn sem Birgitta gefur út bók. „Ég vissi ekki alveg hvað ég var að fara út í en ákvað bara að dýfa mér í djúpu laugina. Ég byrjaði bara á fyrstu bókinni og það kom mér á óvart hvað ég hafði gaman af að skrifa. Ég var með skýra mynd af því hvernig ég vildi hafa teikningarnar og endaði á að fá hæfileikaríka stelpu frá Armeníu til þess að myndskreyta. Eftir að ég flutti heim fór ég með hugmyndina og teikningarnar í Forlagið og þeir voru mjög spenntir fyrir þessu.“ **– gj**

## Trendið
# Hneppt hnossgæti

**Afturhvarf tískunnar til sjöunda áratugar síðustu aldar á sér engin takmörk um þessar mundir, og nú er heitasta heitt að skarta svokölluðum A-línupilsum, sem hneppt eru alla leið niður. Við pilsin er afar lekkert að klæðast háum stígvélum, rúskinns jafnvel eins og kom fram í síðasta Trendkafla Fréttablaðsins.**



**Vintage pils eiga sérlega mikið upp á pallborðið, enda töluvert afturhvarf til fortíðar. Allir í skápana hjá mömmu.**



**Rúskinnið sjaldan eins og heitt og núna.**



**Gallapilsin eru klæðileg.**



**Top Shop valdi þetta hneppta pils á sína tískupalla.**


BARÁTTAN GEGN KRABBAMEINI

BLÁA FJÖÐRIN

# Fjöður sem vegur þungt

**Kauptu Bláu fjöðrina – til stuðnings rannsóknum á bættri greiningu krabbameins.**

**Blái naglinn og Landsspítalinn**

Landssöfnunin **Fjöður sem vegur þungt** er samstarfsverkefni Bláa naglans og Erfða- og sameindalæknisfræðideildar Landspítalans til að byggja upp fullnægjandi aðstöðu til rannsókna á kjarnsýrum í líkamsvökva.

**Mælingar á kjarnsýrum**

Kjarnsýrur, bæði DNA og RNA, losna frá líffærum út í líkamsvökva. Magn kjarnsýranna og gerð þeirra endurspeglar heilsu einstaklingsins. Vonir eru bundnar við að nota megi mælingar á kjarnsýrum í blóði og þvagi til að skima fyrir margvíslegum sjúkdómum, til sjúkdómsgreininga og til að fylgja eftir meðferð. Vonir standa til að mögulegt verði að nota þessi próf í rannsóknaskyni til að berjast gegn krabbameini. Vitað er að stökkbreytingar í erfðaefni meinsins valda sjúkdómum og þessar stökkbreytingar eru einmitt greinanlegar í líkamsvökvum.

*Með kaupum á Bláu fjöðrinni leggurðu þitt af mörkum til stuðnings rannsóknum á bættri greiningu krabbameins. Afrakstur landssöfnunarinnar verður notaður til kaupa á tækjum sem bæta greiningu krabbameins.*

BLÁI NAGLINN






- Héraðsdómur úrskurðaði þann 14. október 2014 að loka skyldi aðgangi að síðunum Deildu.net og Pirate Bay.
- Var þetta í fyrsta sinn sem íslensk fjarskiptafyrirtæki loka á vefsíður vegna höfundarréttar.
- Deildu.net opnaði samdægurs vefsíðu á öðru léni.
- Í kjölfar samkomulagsins sem náðst hefur á milli rétthafanna, STEF, SFH, SÍK og FRÍSK og helstu fjarskiptafyrirtækja landsins munu fjarskiptafyrirtækin loka á vefsíðurnar óháð því undir hvaða léni síðan er hýst.
- Leiðum til þess að ná löglega í afþreyingarefni hefur fjölgað og hægt er að kynna sér þær inni á Tonlistogmyndir.is



# Loka á vefsíðurnar óháð hýsingu þeirra

**Rétthafasamtök hafa náð samkomulagi við helstu fjarskiptafyrirtæki landsins um hvernig lögbannið verði túlkað og því framfylgt.**

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is



Íslenskir rétthafar í samstarfi við helstu fjarskiptafyrirtæki landsins hafa náð samkomulagi um framkvæmd og túlkun lögbanns þar sem lokað verður á síður sem gera út á ólöglega dreifingu á afþreyingarefni á netinu. Lögbannið var sett í Hæstarétti þann 14. október í fyrra, en þá var aðgangi að síðunum Deildu.net og Pirate Bay lokað.

„Það mikilvægasta í þessu er kannski það að núna munu fjarskiptafyrirtækin loka á þessar vefsíður burtséð frá því undir hvaða léni þær eru," segir Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEF. Eftir lögbannið í Hæstarétti skiptu aðstandendur Deildu.net um lén strax í kjölfar dómsins. Nú verður nýjum síðum lokað samstundis.

„Það sem hefur tekist að gera eftir að málið vannst í Hæstarétti, þar sem var staðfest að það skyldi lagt lögbann á lokun þessara síðna, er að nú erum við búin að gera þetta samkomulag við fjarskiptafyrirtæki um það hvernig beri að framfylgja þessu. Hvernig við ætlum að túlka og framfylgja lögbanninu," segir Guðrún.

„Er það ekki markmið allra að útrýma öllum glæpum úr þjóðfélaginu? Ég held að við lítum alveg raunsætt á stöðuna. Allir sem starfa í þessum bransa gera sér grein fyrir að okkur mun aldrei takast að loka öllum þessum síðum um ókomna tíð. En við getum gert það aðeins erfiðara," segir hún, þegar hún er spurð að því hvort markmiðið sé að koma alfarið í veg fyrir ólöglegt niðurhal og bætir við að rétthafasamtökin líti á lögbannsaðgerðirnar sem illa nauðsyn.

Í dag eru í boði leiðir til þess að nálgast dagskrárefni innlendra sjónvarpsstöðva og geta notendur með þeim sótt dagskrárefni á þeim tíma og stað sem hentar hverjum og einum. Notkun á slíkri þjónustu hefur aukist um tæp 300% frá árinu 2011 þegar þjónustan var tekin upp og einnig hafa þjónustur á borð við Netflix verið að ryðja sér til rúms hérlendis á undanförnum árum. Nokkrar löglegar tónlistarveitur eru hér á landi, og er Spotify sú stærsta en talsvert hefur verið fjallað um að tónlistarmenn fái ekki nógu mikið greitt fyrir streymi af efni sínu inn á slíkum veitum.

„Það má ræða það hvort listamenn séu að fá nægilega mikið greitt frá þessum tónlistarveitum. Svo sannarlega vildi maður sjá hærri greiðslur en það hefur þó allavega breytt landslaginu þannig að þeir eru að fá eitthvað greitt. Þetta er ekki lengur bara einn stór sjóræningjamarkaður heldur er komið einhvers konar viðskiptamódel sem hægt er að vinna með og mun kannski hafa meiri tekjumöguleika í för með sér."

Guðrún segir samkomulagið vera skref í baráttunni gegn ólöglegri dreifingu á afþreyingarefni og þessar löglegu tónlistarveitur á borð við Tónlist.is og Spotify bjóði upp á aðgengi að löglegu afþreyingarefni á netinu. Margt hafi breyst til batnaðar á undanförnum árum og rétthafasamtökin láti engan bilbug á sér finna. „Við ætlum ekkert að gefast upp í þessari baráttu gegn þessum vefsíðum sem dæmdar eru ólöglegar."

**„ER ÞAÐ EKKI MARKMIÐ ALLRA AÐ ÚTRÝMA ÖLLUM GLÆPUM ÚR ÞJÓÐFÉLAGINU?**

**„VIÐ ÆTLUM EKKERT AÐ GEFAST UPP Í ÞESSARI BARÁTTU GEGN ÞESSUM VEFSÍÐUM SEM DÆMDAR ERU ÓLÖGLEGAR.**



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEF

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Borgarleikhúsið í samstarfi við Baltasar Kormák
Billy Elliot
Höfundur Lee Hall
Tónlist Elton John
Leikstjórn Bergur Þór Ingólfsson
Upprunaleg leikstjórn Stephen Daldry
SÖNGLEIKURINN
S.J. Fréttablaðið
„Þrekvirki í íslensku leikhúsi"
S.J. Fréttablaðið
„Sláandi hjarta sýningarinnar er Billy Elliot sjálfur og það er sko sjón að sjá!"
S.J. Fréttablaðið
S.B.H. Morgunblaðið
„Danshöfundurinn Lee Proud á heiður skilinn fyrir áhrifamiklar og flottar danssenur"
S.B.H. Morgunblaðið
„Mesta afrek sem maður hefur séð á leiksviði"
H.A. Djöflaeyjan
FIMM STJÖRNU LEIKHÚSUPPLIFUN!
YFIR 35.000 MANNS HAFA UPPLIFAÐ STÓRSÝNINGUNA UM BILLY ELLIOT
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA
MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS
Íslandsbanki
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Kjartans Atla Kjartanssonar



# Sigurvegarar þrátt fyrir töp

Körfuboltalandsliðið okkar og stuðningsmenn þess eru sigurvegarar. Óhætt er að segja að frammistaða liðsins í riðlakeppni Evrópumótsins í Berlín hafi verið framar björtustu vonum. Þarna mætti hið lágvaxna lið Íslands sannkölluðum risum í evrópskum körfuknattleik og hefur því verið haldið fram að aldrei hafi jafn mörg stórlið dregist saman í riðil á mótinu.

Ef horft er á stigatöfluna, nú þegar riðlakeppninni er lokið, tapaði Ísland öllum leikjunum. En á sama tíma vann liðið, auk stuðningsmannanna, hug og hjörtu allra sem voru í Berlín. Eftir síðasta leikinn sem tapaðist fyrir Tyrkjum í framlengingu, tóku stuðningsmenn landsliðsins sig saman og sungu Ég er kominn heim eftirminnilega.

Líklega hef ég sjaldan verið eins stoltur af því að vera Íslendingur og þegar ég sá þetta. Liðið var nýbúið að tapa í spennuleik, en í staðinn fyrir að gráta úrslitin fögnuðu stuðningsmennirnir frábærri frammistöðu. Fegurðin í augnablikinu var gríðarleg og fæ ég gæsahúð bara við að hugsa um þetta. Að mínu mati er þetta nákvæmlega það sem íþróttir eiga að snúast um, þetta er það sem við eigum að kenna ungu fólki sem stundar íþróttir. Sigrar og töp skipta litlu máli þegar maður gerir sitt besta.

Körfuboltinn á Íslandi er í miklum vexti og hefur þróun leiksins á heimsvísu verið okkur í hag. Áður fyrr skipti meira máli að vera hávaxinn í körfubolta, en nú skipta hraði, leikni og hittni meira máli en áður. Þjálfarar landsliðsins eiga mikið hrós skilið fyrir hvernig þeir lögðu leikina upp, sérstaklega varnarleikinn, sem var frábær. Íslensku strákarnir spiluðu með hjartanu og stuðningsmennirnir hvöttu þá áfram af mikilli elju. Erlendir fjölmiðlar keppast um að lofa frammistöðu allra og heilluðu stuðningsmenn starfsmenn í höllinni í Berlín, sem skáluðu sérstaklega fyrir þeim að móti loknu.

Ísland var sigurvegari á mótinu, þrátt fyrir að vinna ekki leik. Er til fallegri boðskapur?

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Einelti er ógeð

Leggðu þitt af mörkum!

NÁÐU ÞÉR Í SÓLARORKU FYRIR VETURINN
KOMDU ÚT AÐ LEIKA!


KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.

Síminn

## SKJÁREINN HJÁ SÍMANUM

SkjárEinn hjá Símanum er ný stafræn sjónvarpsþjónusta sem breytir því hvernig þú horfir á sjónvarp. Þjónustan, sem er ólínuleg, gerir þér kleift að njóta alls þess frábæra efnis sem SkjárEinn hefur að bjóða á þægilegan hátt með Frelsi og Tímaflakk. Það er óþarfi að láta hina hefðbundnu línulegu dagskrá binda sig. Nýttu þér frelsið sem fylgir því að horfa þegar þér hentar og stjórna öllu heima í stofu með SkjáEinum hjá Símanum.

- Frelsi er samansafn af öllum þáttum sem sýndir eru á SkjáEinum. Þættirnir bíða þangað til þú hefur tíma.
- Þú missir ekki af neinu ef þú ert með Tímaflakk. Með því geturðu horft á þætti dagsins eins seint og þér hentar eða bara ef þú vilt horfa aftur og aftur!
- SkjárEinn hjá Símanum er í boði fyrir alla sem eru með Sjónvarp Símans.

## NETIÐ HJÁ SÍMANUM

Með Netinu hjá Símanum fær heimilið allt að 100 Mb/s nettengingu. Þannig er allt klárt fyrir spennandi nýjungar í sjónvarpsþjónustu og netsamskiptum. 75 GB gagnamagn fylgir með í pakkanum – en auðvelt er að bæta við gagnamagni ef þarf.

## SJÓNVARP SÍMANS

Sjónvarp Símans er sjónvarpsþjónustan sem allir eru að tala um. Viðmótið er þægilegt, tæknin traust og möguleikarnir óteljandi.

## SJÓNVARP SÍMANS APPIÐ

Með þessu sniðuga appi geturðu horft á uppáhaldsstöðvarnar þínar í snjalltækinu, nýtt Tímaflakk og Frelsi eða leigt myndefni í Skjábíó.

## 9 ERLENDAR STÖÐVAR

Vinsælar erlendar stöðvar fylgja með í Heimilispakkanum, þar á meðal DR1, SVT1, NRK1 Sky News, Boomerang, VH1 og National Geographic. Frábært úrval af fréttum, fróðleik, skemmtun og tónlist.

## SPOTIFY PREMIUM

Spotify er ein stærsta tónlistarveita heims og með Premium aðgangi hjá Símanum færðu aðgang að yfir 30 milljónum laga og óteljandi lagalistum. Þegar þú færð þér Heimilispakkann hjá Símanum geturðu notið allra kosta Spotify Premium án aukakostnaðar í hálft ár!

## ENDALAUS HEIMASÍMI

Þú hringir fyrir 0 kr. í alla aðra heimasíma og GSM síma innanlands óháð kerfum.

## SKJÁRKRAKKAR EÐA SKJÁRÞÆTTIR

Þú velur hvora efnisveituna þú vilt að fylgi með í pakkanum. SkjárKrakkar er endalaus uppspretta af talsettu barnaefni. SkjárÞættir færir þér á annað þúsund klukkustunda af mörgum af stærstu og bestu þáttaröðum síðari ára þegar þér hentar. Og auðvitað er allt með íslenskum texta!

## BEINIR

Öflugur netbeinir (router) af nýjustu gerð fylgir að sjálfsögðu með í pakkanum til að tengja þig við alla möguleikana á netinu.

**ALLT ÞETTA FYRIR 12.000 KR. Á MÁNUÐI***

*Línugjald ekki innifalið.

Nánar á siminn.is


Síminn
KLÁRAÐU MÁLIÐ
Á EINFALDAN HÁTT
Hringdu núna í 800 7000 eða opnaðu Netspjall á siminn.is!